

## Lífshættulegt hlutverk

Kolbeinn Óttarsson Proppé um karmennskuna og tilraunir til sjálfsvígs. ➔ 28

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Loksins komin sátt

Linda Vilhjálmsson var ósátt við sjálfa sig í mörg ár. ➔ 32

Er kölluð amma norn

Gyða býr í glæsilegum húsbíl. ➔ 38



nettó

VERIÐ VELKOMIN Á  
HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGA  
20. SEPT.- 3. OKT. 2018



Veður



Hæg norðlæg átt og víða bjartviðri í dag, en él eða skúrir fyrir austan. Frýstir víða um kvöldið. **SJÁ SIÐU 54**



Helga Jónsdóttir tekur við starfi forstjóra Orkuveitunnar eftir helgina.

## Mun hitta Áslaugu Thelmu

**SAMFÉLAG** Helga Jónsdóttir, sem tekur við starfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur eftir helgina, mun hitta Áslaugu Thelmu Einarasdóttur í vikunni. Áslaug Thelma var á dögnum rekin frá Orku náttúrunnar, dótturfélagi Orkuveitu Reykjavíkur, eftir að hafa kvartað undan kynferðislegri áreitni og greindi frá því á Facebook á mánuðaginn að hún ætlaði í mál vegna uppsagnarinnar.

Mbl.is greindi frá væntanlegum fundi í gær og hafði eftir Áslaugu Thelmu að henni hefði ekki borist fundarboð frá Orkuveitunni. Hún væri þó ánægð með að Helga vildi hitta hana og ræða málin og hygðist þiggja boðið þegar það bærst.

Kvörtun Áslaugar Thelmu beindist að hegðun Bjarna Más Júlíussonar sem þá var framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar. Hann var síðan rekinn á dögnum og Þórður Asmundarson, sem átti að taka við starfi hans tímabundið, sendur í leyfi vegna ásakana um kynferðisbrot.

Bjarni Bjarnason steig svo tímabundið til hlíðar sem forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur á mánuðaginn á meðan mál sem tengjast uppsögn Bjarna Mús eru tekin til skoðunar og „úttekt gerð á vinnustaðarmeningu fyrirtækisins“. – þea

## Æfing við Reykjanesbraut



Þessi Volkswagen Golf var alelda við Reykjanesbraut í gær þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Ekkert slys hafði þó orðið heldur var þar haldin höpslysaæfing undir handleiðslu lögreglustjórans á Suðurnesjum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS** Fleiri myndir frá höpslysaæfingunni er að finna á Plússiú Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +PLÚS** er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

### Faðmi helst ekki embættismenn

**DANMÖRK** Stjórnsmálamenn og embættismenn í sveitarfélaginu Hørsholm í Danmörku eiga helst ekki að faðmast. Borgarstjórnin, Morten Slotved, segir sveitarfélagið vera vinnustað og að vinátta milli stjórnsmálanna og embættismanna megi ekki vera of mikil. Hann kveðst heldur ekki vita til þess að á öðrum vinnustöðum sé fólk alltaf að faðmast.

Það er skoðun borgarstjórans að setja þurfi skýrar viðmiðunarreglur vegna munar á störfum viðkomandi. Faðmlög geti sent röng skilaboð til almennra borgara.

Ekkí sé um bann að ræða, heldur óskrifðar reglur frá 2014. – ibs



# Beðið eftir grænu ljósi frá ríkisskattstjóra

Stefnt er að því að afhenda ríkinu Hvalfjarðargöng til eignar 30. september. Beðið er eftir álit Ríkisskattstjóra til að það sé mögulegt. Forsvarsmenn Spalar eru orðnir leiðir á bið eftir svari. Berist svarið seint gæti afhending dregist.

**SAMGÖNGUR** Stjórn Spalar hf. biður enn eftir álit Ríkisskattstjóra (RSK) um áhrif afskriftar ganganna og hugsanlegrar skattlagningar félagsins á árinu 2018. Fyrirhugað er að hætta innheimtu veggjalda gegnum Hvalfjarðargöng næstkomandi föstudag og afhenda ríkinu göngin til eignar sunnudaginn 30. september. Það gæti þó dregist ef álit RSK skilar sér ekki fyrir þann tíma.

Í upphafi var miðað við að ríkið tæki yfir félögin sem eiga og reka göngin. Í maí tilkynnti samgönguráðuneytið stjórninni að sú leið yrði ekki farin. Því er stefnt að því nú að afhenda ríkinu göngin að gjöf og slita félaginu. Af þeim sökum leitaði Spólur til RSK um miðjan júní til að fá úr því skorið hvaða áhrif slíkur gjörningur hefði við álagningu skatta á félagið. Svar RSK hefur ekki skilað sér.

„Satt best að segja höfðum við væntingar um að þetta myndi skila sér í síðustu viku en það varð ekki af því. Við biðum í raun með hendur á húninum því til að það sé mögulegt að afhenda göngin í mánaðarlok þá þarf þetta bréf að liggja fyrir,“ segir Gisli Gíslason, stjórnarformaður Spalar.

Undanfarna daga hefur Spólur auglýst að gjaldtöku ljúki 28. september og að í kjölfarið geti fólk skilað afskriftarlýklum og afláttarmíðum. Sá fyrirvari er gerður í auglýsingunni að álit RSK liggja fyrir sem og úttekt Samgöngustofu.

„Við erum að vonast eftir því að svarið liggja fyrir strax eftir helgi. Það verður fundur í ráðuneytinu á mánudag þar sem farið verður yfir stöðuna,“ segir Gisli.



Gjaldtöku verður að óbreyttu hætt hinn 28. september. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Satt best að segja höfðum við væntingar um að þetta myndi skila sér í síðustu viku en það varð ekki af því.**

Gisli Gíslason, stjórnarformaður Spalar



Aðspurður um hvað skuli taka til bragðs ef svarið berst seint eða innihald þess verði neikvætt segir Gisli að fundið verði út úr því þegar þar að kemur. Spólur sé á þeirri braut að göngin verði afskrifuð að fullu á árinu og þau verði afhent ríkinu til eignar án endurgjalds.

„Það er hin eðlilega leið en við viljum fá það staðfest frá RSK þannig að það verði enginn óvæntur snúningur. Satt best að segja erum við orðnir langeygir eftir svari. Því seinna sem það berst, þeim mun verra er það fyrir okkur og skapar okkur minna svigrúm,“ segir Gisli. „Ef svarið gefur ekki tilefni til neinna tilþrifa þá heldur planið og göngin verða afhent 30. september.“ [joli@frettabladid.is](mailto:joli@frettabladid.is)

Grill - Húsgögn Eldstæði - Útiljós Geislahitarar **Grillbúðin**

# Lager hreinsun

**TAKMARKAÐ MAGNI!** **Aðeins laugardag og sunnudag**

á fjölda vara fyrir veturinn

Sjá nánar á [www.grillbudin.is](http://www.grillbudin.is)

Opíð  
Laugardag 11-16  
Sunnudag 12-16

Sendum frítt með Flytjanda  
Nánari upplýsingar á [www.grillbudin.is](http://www.grillbudin.is)

Smiðjuvegi 2, Kópavogi - [www.grillbudin.is](http://www.grillbudin.is) - Sími 554 0400



7 ára ábyrgð á öllum  
nýjum Kia bílum

www.kia.com

# Kia Optima PHEV

– fyrir spennandi ferðalög



\*Pökkunur ábyrgðar eru regluðar í þessum beiðni. Sjá kaupandi þeir kostnað af. Lesu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd

**OPTIMA**

**ECO plug-in**



The Power to Surprise

## Settu þig í samband við framtíðina

Kia Optima Plug-in Hybrid er sparneytinn 205 hestafla tengiltvinnbíll, hlaðinn aukabúnaði. Kia Optima er einstaklega umhverfismildur bíll sem kemst allt að 54 km á rafhleðslu en er jafnframt með sparneytna bensínvél. Á fullum tanki ásamt hleðslu kemst Optima allt að 976 km. Kia Optima fæst einnig í Sportswagon útgáfu.

Kia Optima PHEV EX, 4 dyra

**4.450.777 kr.**

Tryggðu þér Kia Optima Plug-in Hybrid í Sportswagon eða Sedan útgáfu



ASKJA - Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkennur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.  
facebook.com/kiamotorsland

TÖLUR VIKUNNAR 16.09.2018 TIL 22.09.2018

173 milljónir

króna rúmar kostuðu sumarbústaðirnir 12 sem íslenska ríkið hefur keypt á Þingvöllum á síðastliðnum fimm árum. Opna á aðgengi almennings að þjóðgarðinum.



200

einstaklingar með heilabilun eru á biðlista eftir að komast inn á hjúkrunarheimili.

22

milljónir króna var kostnaðurinn vegna lýsingar í tengslum við háttíðarfund Alþingis á Þingvöllum þann 18. júlí síðastliðinn.



160 milljónir

króna er leigukostnaður vegna húsnæðis fyrir fastafulltrúa Íslands í New York-borg frá því að sendiherrabústaður Íslands var seldur árið 2009 á um 470 milljónir króna.

51 milljón

króna að meðaltali var söluverð nýrra íbúða í Reykjavík á fyrstu sjö mánuðum ársins.



5.455

fólksbifreiðar voru nýskráðar á tímabilinu maí-júní 2018 en það eru 1.522 (22%) færri en sömu mánuði 2017.

## Þrjú í fréttum Átak, her og ómenning

### Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

formaður Miðflokksins hefur í átaki misst 30 kíló á sjö mánuðum. Hann segist feiminn nörd sem vill aftur verða forsætisráðherra.



### Steinunn Þóra Árnadóttir

þingmaður VG sagði í tilefni fyrirhugaðra heræfinga hér í október og nóvember ekkert jákvætt vera við heræfingar. Þær væru æfing í því hvernig ætti að ná völdum yfir og drepa fólk.



### Bjarni Bjarnason

forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur stígur tíma-bundio til hliðar á meðan úttekt er gerð á vinnustaðamenningu fyrir-tækisins. Bjarna Máiúlíussyni, framkvæmdastjóra ON, var sagt upp störfum vegna „óviðunandi hegðunar“ í garð kvenkyns starfsmanna. ON er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur.



## FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# Engin pólitísk viðkvæmni fyrir því að nota orðið borgarlína

Orðið borgarlína kemur ekki fyrir í viljayfirlýsingu samgönguráðherra og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um viðræður um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu sem undirrituð var í gær.

**SAMGÖNGUR** Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, segir enga pólitíska viðkvæmni hafa verið fyrir því að nota orðið borgarlína í viljayfirlýsingu hans, borgarstjóra og bæjarstjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem undirrituð var í gær. Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, veitti fjarveru orðsins athygli í gær. Dagur B. Eggertsson segir að í skjölum sem vísað er í sé orðið notað.

„Mér finnst borgarlínuorðið mjög gott og nota það gjarnan sjálfur um hágeða almenningsamgöngukerfi sem er hugtakið sem er notað í þessu samkomulagi. Í þeim skjölum sem vísað er í er orðið borgarlína líka notað þannig að ég held að það taki ekki langan tíma að fjalla um það í þeirri vinnu sem fram undan er,“ segir Dagur B. spurður út í málið.

Skjölín sem Dagur vísar í eru að hans sögn sameiginlegar tillögur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, Vegagerðarinnar og samgönguráðuneytisins sem lagðar voru fram í febrúar síðastliðnum.

„Það er ekki nein einstök framkvæmd tilgreind þarna, heldur er talað um samgöngur á stofnbrautum, umferðarflæði, nútíma-almenningsamgöngur, ekkert hugtak eða nafn á neinum tilteknum



Framkvæmdastjórn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ásamt ráðherra við undirritunina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Helstu punktar

- Samkomulag um fjármagnaða áætlun um fjárfestingar í stofnvegum og kerfi almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.
- Hluti af langtímaáætlun ríkisins í samgöngumálum til 2033, fjármálaáætlun 2010-2024 og fjárfestingaráætlana sveitarfélaganna.
- Unnið að því að eyða flöskuhálsnum til að bæta umferðarflæði og öryggi.
- Framkvæmdir við hágeða almenningsamgöngur hefjist á árinu 2020.
- Skoðaðar nýjar fjármögnunarleidir m.a. með nýrri gjalddöku ríkisins og gjalddökuheimildum til handa sveitarfélögum.
- Hreinn Haraldsson, fyrrverandi vegamálastjóri, leiði viðræðurnar og hópur hans leiði einnig til lykta málefni Sundabrautar.

framkvæmdum notað,“ segir Sigurður Ingi. Fjallað sé almennt um þetta en afkrasturinn verði síðan tiltekna framkvæmdir og samkomulag um þær.

Dagur sagði við undirritunina í

gær að öllum vafa væri nú eytt um skiptingu kostnaðar við borgarlínuverkefnið. Eyþór Arnalds sagði á Facebook-síðu sinni í gær að það væri vissulega fagnadarefni að farið yrði í framkvæmdir á höfuðborgar-

svæðinu eftir stórt stopp en að ljóst væri að Miklabraut í stökk væri ekki væntanlegt verkefni næsta áratuginn og að borgarlínan væri ófjármögnuð.

Viljayfirlýsingin er um að hefja viðræður um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðið er að ná samkomulagi um fjármagnaða áætlun um fjárfestingar í stofnvegum og kerfi almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í viljayfirlýsinguinni er talað um að hefja framkvæmdir við hágeða almenningsamgöngur á þarnaesta ári, eyða flöskuhálsnum og stefna að sjálfbærni, kolefnishlutlausu borgarsamfélagi og öflugri almenningsamgöngum í takt við loftslagsáætlun stjórnvalda og áherslur sveitarfélaganna, eins og það er orðið í yfirlýsinguinni.

[mikael@frettabladid.is](mailto:mikael@frettabladid.is)

## FIAT 500 - FRÁBÆRT TILBOÐSVERÐ!

AÐEINS 10 BÍLAR Á ÞESSU  
EINSTAKA VERÐI FRÁ  
1.790.000 KR.



fiat.is

5 ÁRA  
ÁBYRGÐ

TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN OG GLÆSILEGAN FIAT 500 MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ  
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.790.000 KR. – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.

ÍSABAND  
ISLENSK-BANDARISKA EHF. BILAUMBOD

UMBODSADILI FIAT Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16



NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



Innovation  
that excites

# TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN **NISSAN SPORTJEPPA** MEÐ VEGLEGUM AUKAHLUTAPAKKA



## **ALLT AÐ 350.000 KR. AUKAHLUTAPAKKI**

FYLGIR NÝJUM NISSAN QASHQAI EÐA X-TRAIL

Nánari upplýsingar á [nissan.is](http://nissan.is)

OPÍÐ Í DAG FRÁ 12-16

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.gebilar.is](http://www.gebilar.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



# Snýst um að enda þjáningar en ekki líf

Sérfræðingar á sviði dánaraðstoðar frá Belgíu og Hollandi mæla með því að Íslendingar ræði málefnið á opinskáan hátt og horfi til reynslu sinna þjóða. Í Belgíu er litið á dánaraðstöð sem hluta af líknandi meðferð.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég myndi fyrst af öllu, sem vísindamaður og próffessor í læknasiðfræði, mæla með því að þið skoðuðuð gögnin og reynsluna frá Belgíu og Hollandi. Það hafa hvergi verið gerðar jafn margar vísindarannsóknir á dánaraðstöð og í þessum löndum,“ segir Jan Bernheim, sem er fyrrverandi krabbameinslæknir og próffessor í læknasiðfræði við Vrije-háskóla í Brussel.

Hann var meðal fyrirlesara á málþingi um dánaraðstöð og líknar meðferð sem haldið var í gær.

Það var Endurmenntun Háskóla Íslands í samvinnu við Lifsvörðing, félag um dánaraðstöð, sem stóð fyrir málþinginu.



Jan Bernheim mælir með því að Íslendingar skoði reynslu Belga og Hollendinga af dánaraðstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÖR

## Löglegt síðan 2002

Dánaraðstöð var lögleidd í Hollandi og Belgíu árið 2002. Í Hollandi höfðu læknar raunar aðstoðað sjúklinga við að deyja síðan á 8. áratugnum. Síðar voru settar reglur þar sem læknar þurftu að tilkynna um slík tilvik. Samkvæmt lögnum þarf viðkomandi sjúklingur að þjást af ólæknandi sjúkdómi og engin von vera um bata. Hann þarf sjálfur að óska eftir dánaraðstöð og vera metinn hæfur til að taka slíka ákvörðun. Óháður læknir þarf að staðfesta mat læknis viðkomandi sjúklings.

4,3 prósent þeirra sem deyja árlega í Belgíu nutu dánaraðstöðar og 4,1 prósent í Hollandi.

**Þetta var fólk sem þjáðist mikið, bæði líkamlega og andlega, en við gátum ekki orðið við óskum þess.**

Jan Bernheim, fyrrverandi læknir og próffessor í læknasiðfræði

**Sá sem biður um dánaraðstöð vill ekki deyja. Hann vill ekki lifa við sínar aðstæður lengur.**

Rob Jonquière, framkvæmdastjóri Alheimssamtaka félaga um réttinn til að deyja

Þessum valmöguleika hefur verið komið í veg fyrir fleiri sjálfsmorð en sem nemur fjölda tilfella þar sem sjúklingar með geðræna sjúkdóma hafa fengið dánaraðstöð.

Hollendingurinn Rob Jonquière, sem er fyrrverandi heimilislæknir og núverandi framkvæmdastjóri Alheimssamtaka félaga um réttinn til að deyja, hélt einnig fyrirlestur. „Ég nálgast viðfangsefnið á vísindalegan hátt en ekki trúarlegan. Alls staðar um heiminn sjáum við andstöðu meðal ýmissa trúarhópa, sérstaklega kaþólsku kirkjunnar.“

Raðleggingar hans til Íslendinga eru þær að eiga umræður um dánaraðstöð. „Það þarf að tala um þetta á gagnsæjan og opinskáan hátt. Umræðan má ekki verða of tilfinningaleg. Það þarf að skoða hvernig þetta hefur verið útfært á mismunandi hátt milli landa.“

Hann hvetur til þess að dánaraðstöð verði gerð að einum valmöguleika en leggur áherslu á að þótt slíkt yrði lögfest þýði það ekki að fólk verði að nýta sér það. Ekki sé hægt að skylda lækna til að taka þátt í að veita dánaraðstöð.

„Þetta snýst ekki um að enda líf, þetta snýst um að enda þjáningar. Sá sem biður um dánaraðstöð vill ekki deyja. Hann vill ekki lifa við sínar aðstæður lengur. Ég held að afar fáir í Hollandi liti ekki á dánaraðstöð sem valmöguleika til dæmis við ólæknandi krabbameini.“

Rob segir að viðhorfin séu að breytast víða um heim og ahuginn á málefnið að aukast. „Ég er samt hissa á því hversu litið er að gerast á Norðurlöndunum. Það eru hópar að berjast fyrir málefnið en það gengur hægt.“

sighvatur@frettabladid.is



## Markáætlun í tungu og tækni

Umsóknarfrestur til 9. nóvember 2018

Markáætlun í tungu og tækni er opinn samkeppnissjóður sem starfar samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (nr. 3/2003 með áorðnum breytingum). Áherslur áætlunarinnar eru ákvarðaðar af Vísinda- og tækniráði, en hún er fjármögðuð af mennta- og menningarmálaráðuneyti. Rannís er umsýsluaðili sjóðsins. Markáætlun styður við verkefni í málþækni í því skyni að gera íslensku gjaldgenga í stafrænni upplýsingatækni og stuðla að notkun hennar á þeim vettvangi. Hlutverk Markáætlunarinnar er því annars vegar að vernda og efla íslenska tungu, og hins vegar að auðvelda nýtingu nýrrar samskiptatækni í íslensku samfélagi, til hagsbótar almennings, stofnunum og fyrirtækjum.

Markáætlun veitir styrki samkvæmt þeim áherslum sem eru skilgreindar fyrir sjóðinn, og á grundvelli faglegs mats á gæðum verkefna, hversu víðtækt verkefnið er, þórf á afurðum verkefnisins, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefni. Málþækni sjóður og Markáætlun í tungu og tækni eru keyrð sameiginlega árið 2018.

**Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Markáætlun í tungu og tækni fyrir styrkárið 2018-2019. Umsóknarfrestur er til kl. 16:00 þann 9. nóvember 2018.**

Umsækjendur eru beðnir að kynna sér vel reglur Markáætlunar í tungu og tækni áður en hafist er handa við gerð umsókna.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum umsóknarkerfi Rannís. Nánari upplýsingar má nálgast á [www.rannis.is](http://www.rannis.is).



rannis  
www.rannis.is

## Þingsályktunartillaga

Á Alþingi hefur þingsályktunartillaga um dánaraðstöð verið lögð fram tvívegis. Þar lögðu flutningsmenn til að heilbrigðisráðherra yrði fallið að taka saman upplýsingar um þróun lagaramma þar sem dánaraðstöð er leyfð.

Einnig yrði opinber umræða í nágrannalöndum skoðuð. Þá yrði gerð skoðanakönnun meðal heilbrigðisstarfsmanna um afstöðu þeirra.

Að sögn Bryndísar Haraldsdóttur, fyrsta flutningsmanns tillögunnar, stendur til að leggja hana fram í þriðja sinn í næstu viku.

## Í könnun sem var gerð fyrir Síðmennt 2015 var spurt hvort fólk væri fylgjandi líknandi dauða

Mjög sammála	30,4%
Frekar sammála	44,5%
Hvorki né	18%
Frekar ósammála	4%
Mjög ósammála	3,1%

Jan segir að þegar hann hafi starfað sem krabbameinslæknir í Brussel fyrir nokkrum áratugum hafi hann reglulega hitt sjúklinga sem vildu fá aðstöð við að deyja. „Þetta var fólk sem þjáðist mikið, bæði líkamlega og andlega, en við gátum ekki orðið við óskum þess.“

Hann segir að Belgar hafi sótt í reynslu Breta af líknandi meðferð og byggt upp þá þjónustu. „Sú hugsun var alltaf til staðar að ef við gætum verið með mjög góða líknandi meðferð, þá gætum við líka samþykkt dánaraðstöð. Það er lykillinn að belgiska módelinu, að dánaraðstöðin varð til út frá líknandi meðferð og er nú orðinn hluti hennar.“

Jan segist vera með tvær tilgátur í sambandi við dánaraðstöð. Hann telur að fólk sem hafi tekið ákvörðun um að nýta sér dánaraðstöð, ef slíkar aðstæður kæmu upp, lifri lengur. „Þessir einstaklingar vita að þeir munu ekki þjást, sem veitir þeim ákveðna ró.“

Hin tilgátan tengist fólki með geðræna sjúkdóma. „Það eru alltaf nokkur tilfelli sem tengjast fólki með geðræna sjúkdóma sem hljómar óneitanlega ógnvekjandi. En með



# HINN EINI SANNI SLÁTUR- MARKAÐUR

## Aðeins í Hagkaup Kringlunni

Afgreitt  
Þriðjudaga - laugardaga  
kl. 14-18

Gildir til 20. október á meðan birgðir endast.

### ÓDÝRT OG GOTT

Þrjú slátur duga í u.þ.b. níu máltíðir fyrir fjögurra manna fjölskyldu ef allt hráefnið er notað og bæði gerð lifrapylsa og blóðmör.

Heislátur  
3 stk  
**3.899** kr/pk  
Heislátur  
5 stk  
**5.899** kr/pk  
Heislátur 3 stk  
án blóðs  
**3.699** kr/pk

Heislátur án blóðs  
5 stk  
**5.699** kr/pk  
Frosið heislátur  
3 stk  
**3.899** kr/pk  
Frosið heislátur  
5 stk  
**5.999** kr/pk

Frosið heislátur  
3 stk með  
próteinkeppum  
og mör  
**5.799** kr/kg  
Eistu  
**629** kr/kg  
Dilkanýru  
**429** kr/kg

Dilkalifur  
**399** kr/kg  
Dilka hjörtu  
**599** kr/kg  
Þindar  
**449** kr/kg  
Blóð  
**219** kr/lítri

Próteinkeppir  
10 stk  
**1.349** kr/pk  
Mör  
**179** kr/kg  
Brytjaður mör  
u.þ.b. 3 kg  
**259** kr/kg

Sviðahausar  
**629** kr/kg  
Kalóneraðar  
vambir  
3 stk  
**1.299** kr/pk



Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni

# HAGKAUP

Meira  
svona  
alla daga

# Karlar ekki einir um að beita ofbeldi

„Þegar konur taka þátt í þöggun á ofbeldi gegn kynsystur sinni eða þegar þær leggja þær í einelti á vinnustað, það skil ég ekki,“ segir Hulda Ragnheiður Árnadóttir framkvæmdastjóri sem situr í aðgerðahóp velferðarráðuneytis gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum landsins.

**JAFNRÉTTI** „Sumir spyrja sig nú þegar þeir velja fyrir sér atburðarásinni í Orkuveitunni: Skilaði #MeToo-byltingin engu? Ég svara því til að byltingin sé rétt að byrja,“ segir Hulda Ragnheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri Náttúruhamfartrygginga Íslands.

Stjórn Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) fundaði í vikunni um uppsögn Aslaugar Thelmu Einarsdóttur, fráfarandi forstöðumanns einstaklingsmarkaðar hjá Orku náttúrunnar (ON). Í tilkynningu frá FKA lýsti stjórn félagsins vanþökun á því hvernig staðið hefur verið að málinu innan móðurfyrirtækis ON, Orkuveitu Reykjavíkur. Í yfirlýsingu stjórnar sagði: „Það er algjörlega óviðunandi eftir alla þá umræðu sem orðið hefur í kjölfar #MeToo byltingarinnar að ekki sé staðið faglega að málum vegna kynbundins ofbeldis og áreitni.“

Hulda er fulltrúi Félags kvenna í atvinnulífinu í starfshópi á vegum velferðarráðuneytis sem fylgir eftir



Hulda Ragnheiður Árnadóttir hjá FKA segir alla þurfa fræðslu um ofbeldi, bæði konur og karla. Konur eigi að vera konum bestar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Hennar hagsmunir voru of miklir innan flokksins til að hún væri tilbúin til að segja sannleikann um hegðun mannsins.**

Hulda Ragnheiður

aðgerðum á vinnumarkaði gegn einelti og kynferðislegu og kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. „Nefndin hefur fengið það verkefni að koma með hugmyndir að úrbótum á vinnuumhverfi. Við vinnum einnig úr hugmyndum um fræðslu til fyrirtækja. Til að mynda heimasíðu þar sem verða upplýsingar um málefnið. Skýrar leiðbeiningar til stjórnenda um aðgerðir og viðbrögð gegn einelti og kynbundinni áreitni og kynferðislegu ofbeldi á vinnustöðum,“ segir hún og segir flesta meðlimi aðgerðahópsins þekktast vel og hafa starfað áður að úrbótum í málaflokknum á öðrum vettvangi.

Hulda hefur vegna vinnu sinnar í aðgerðahópnum fengið í trúnaði fjölmörg dæmi um áreitni, ofbeldi og einelti. Henni þykir verst þegar konur eru gerendur gegn konum. „Þá verð ég hrygg. Ég hef ekki umburðarlyndi fyrir því þegar karlar telja sig mikilvægari konum, en ég hef á því vissan skilning. Þegar konur taka þátt í þöggun á ofbeldi gegn kynsystur sinni eða þegar þær leggja þær í einelti á vinnustað, það skil ég ekki. Við verðum að vera óhræddar við að tala um þetta og átta okkur á því að allir þurfa fræðslu um ofbeldi, bæði konur og karlar. Karlar eru alls ekki einir um að beita ofbeldi,“ segir hún og bendir á að FKA sé vettvangur

kvenna til að stækka tengslanetið og efla sig sem stjórnendur. „Konur eiga að vera konum bestar, það er það sem við göngum út frá í FKA og viljum vinna að. Konur eru líka rétt að byrja að átta sig á því að þær gegni mikilvægu hlutverki í að gagnrýna þessa menningu, hafa hátt um hana. Þær eigi ekki að taka þátt í úr sér genginni og skaðlegri menningu,“ segir Hulda.

Hún bendir á að OR-málið sé það fyrsta þar sem háttsettur stjórnandi sé látinn taka afleiðingum gjörða sinna. „Við verðum að muna að þetta mál er aðeins ein birtingarmynd vandans. Við eigum að læra af því. Það eru fjölmargar aðrar konur og karlar sem glíma við afleiðingar áreitni, eineltis og ofbeldis.“

Ég veit um konur sem hafa bakkað út úr góðu starfi vegna áreitni eða eineltis. Ég veit um eitt svæsið dæmi í stjórnárum þar sem kona þurfti að velja um frama innan flokksins eða afhjúpa háttsettan aðila innan hennar flokks sem áreitni hana á mjög óviðeigandi hátt. Hennar hagsmunir voru of miklir innan flokksins til að hún væri tilbúin til að segja sannleikann um hegðun mannsins. Þá veit ég um konur sem hafa stigið til hliðar vegna eineltis annarra kvenna. Þær segja gjarnan aðspurðar: Ég vildi breyta til. Kjósa að fara í stað þess að reyna að takast á við vandann. Ég held að það skorti betri leiðir til þess að taka á ofbeldi, einelti og áreitni á vinnustað. Það er bara nýlega sem ég komst að því að það er lögbundið hlutverk Vinnu-eftirlitsins að taka á þessum málum en stofnunin hefur litla burði til þess.“ í dag,“ segir Hulda. [kristjanabjorg@frettabladid.is](mailto:kristjanabjorg@frettabladid.is)

**BRETLAND**  
Verð aðra leið frá **13.900 kr.**  
Verð frá **21.400** Vildarpunktum

#### Skemmtu þér konunglega

Skelltu þér á völinn og hvettu þitt uppáhaldslið. Skrepptu á tónleika eða í leikhús. Röltu um hallargarða og forna kastala og kynntu þér nýjustu strauma og stefnur í matargerð, listum og tisku. Aldrei hefur verið auðveldara að njóta lífsins í Bretlandi.

ICELANDAIR







# LJÓSDAGAR

## 30-50%

### AF ÖLLUM LJÓSUM

### 30% AF PERUM OG KERTUM

©ILVA óskillar sér rétt að leiðrétta augljósari villur.

ILVA Korputorgi, s. 522 4500 [www.ilva.is](http://www.ilva.is)  
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30



[FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ilvaisland)



[INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ilvaisland)

# Mikill meirihluti ómeðvitaður um aukna krabbameinshættu


Rannsókn á erfðum rúmlega fimmtíu þúsund einstaklinga leiðir í ljós að 80 prósent þeirra sem bera stökkbreytingu í BRCA-genum eru ekki meðvitaðir um hana og þar með auknar líkur á krabbameini.

**HEILBRIGÐISMÁL** Skimun á erfðum rúmlega 50 þúsund einstaklinga sýnir fram á að vel yfir 80 prósent þeirra sem bera greinanlega og þekktu erfðagalla eða breytur sem stóráuka líkur á brjóst-, eggja-stokka-, blöðruhálskirtils- og bris-krabbameini eru ekki meðvituð um að aukin hættu sé til staðar hjá þeim, þrátt fyrir að þau nýti sér þjónustu heilbrigðiskerfisins í heimalandi sínu.

Niðurstöður þessar fengust í rannsókn vísindamanna við Yale-háskóla í Bandaríkjunum. Rannsóknarniðurstöðurnar voru birtar í JAMA, vísindaritit bandarísku læknasamtakanna, í gær.

Rannsóknin leiddi í ljós að í þeim tilfellum þar sem kerfisbundin skimun fyrir stökkbreytingu í genum BRCA1 og BRCA2 er ekki stunduð eru yfirgnæfandi líkur á að viðkomandi komist að því hann beri slíka stökkbreytingu eftir að hann sjálfur, eða fjölskyldumeðlimur hans, greinist með krabbamein.

## Rannsóknin og niðurstöður



Í fréttatilkynningu sem Bandarísku læknasamtökin birtu samhliða birtingu rannsóknarinnar segir Michael Murray, prófessor í erfðafræði við Yale-háskóla og aðalhöfundur rannsóknarinnar, að það sé því miður þannig að oft „þurfi harmleikur að eiga sér stað svo að fólk fari í erfðapróf“.

„Sú viðleitni okkar að reiða okkur á fjölskyldusöguna eina til að fá fólk í skimun er ekki að virka sem skyldi,“ segir Murray. „Einn daginn munum við vonandi geta breytt þessu með því að bjóða upp á trausta og skilvirka erfðaskimun fyrir alla.“

Meðalaldur þeirra sem tóku þátt í rannsókninni og létu raðgreina útraðir gena sinna var 60 ár. Af þeim reyndust 267 bera stökkbreytingu í BRCA-genunum en aðeins 18 prósent þeirra voru meðvituð um að slík breyting væri til staðar áður en þau samþykktu að taka þátt í rannsókninni.

Af þessum 267 einstaklingum sem báru stökkbreytingu í BRCA voru 45 sem voru með BRCA-tengt



krabbamein. Nokkrir af þessum 45 einstaklingum létust á meðan rannsóknin stóð yfir en af þeim litla hópi voru 47,6 prósent með krabbamein tengt stökkbreytingu í BRCA1 eða BRCA2.

Í umræðukafla rannsóknarinnar segja höfundar að niðurstöður gefi til kynna að erfðaskimun sé að líkindum stór þáttur í því að bæta lífslíkur einstaklinga til lengri tíma.

„Um leið og áhættan er greind og kortlögð þá getum við hafist handa við að beita þeim sannreyndu úrræðum og forvörnum sem er í boði,“ segir Murray. „Við teljum að þessi 31 prósent munur á tilfellum krabbameins hjá þessum tveimur hópum bjóði upp á mikil sóknarfæri í því að draga úr krabbameinstilfellum og dauðsföllum af völdum krabbameins með hjálp erfðaskimunar.“

kjartanh@frettabladid.is

# BÓKA

## VESTURSTRÖND BANDARÍKJANNA

Verð aðra leið frá 33.900 kr.

Verð frá 52.200 Vildarpunktur

### Svalaðu ævintýraþránni

Reimaðu á þig gönguskóna og upplíðu stórbrotna náttúru. Smakkaðu sjávarrétti í San Francisco og gæðakaffi í Seattle. Brunaðu eftir ströndinni með hlýjan vindinn í hárinu og komdu við í Portland, sem er alltaf með puttann á púlsinum. Aldrei hefur verið auðveldara að njóta lífsins á Vesturströnd Bandaríkjana.

ICELANDAIR



# Smáhundakynning Garðheima og HRFÍ

LAUGARDAG OG SUNNUDAG  
MILLI 13 OG 16.

KOMIÐ OG KYNNIÐ YKKUR SKEMMTILEGAR SMÁHUNDEGUNDIR  
OG FÁIÐ RÁÐGJÖF HJÁ DÝRALÆKNI OG HUNDAÞJÁLFA

DÝRAHJÁLP ÍSLANDS OG RAUÐI KRÖSSINN  
KYNNNA STARFSEMI SÍNA

af öllu fóðri og  
gæludýravörum

20-30%  
afsláttur

Ert þú að nota rétta fóðrið fyrir hundinn þinn?

FJÖLDI FÓBURKYNNINGA OG RÁÐGJÖF UM VAL Á RÉTTU FÓÐRI.



Fersk pottaplöntusending

TILBOÐ  
RISAKRYSI  
990KR



GLÆSILEGT ÚRVAL AF  
HAUSTLAUKUM OG HAUSTLYNGI

LAUKUR VIKUNNA:  
ANGELIQUE TULÍPANI  
25% AFSLÁTTUR

BRUNCH HLAÐBORD  
Á SPÍRUNNI  
FRÁ 11 TIL 15  
UM HELGAR



GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

## AUGLÝSING VEGNA ÚTHLUTUNAR ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA

Samgöngustofa auglýsir laus til umsóknar 20 leyfi til leiguaksturs fólksbifreiða á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og 3 leyfi á Akureyri.

Þau ein geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001 og rg.nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.

Úthlutun leyfis fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Umsóknareyðublöð má nálgast í afgreiðslu Samgöngustofu, Ármúla 2 í Reykjavík eða á [www.samgongustofa.is](http://www.samgongustofa.is).

Umsóknarfrestur er til og með 28.09.2018.

**Samgöngustofa** 

Sími: 480 6000 · [www.samgongustofa.is](http://www.samgongustofa.is)



Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



# Huawei atast í Apple

Kinverski tæknirísinn afhendir tilvonandi iPhone-kaupendum hleðslutæki og hæðist að rafhlöðuendingu simanna. Framleiðendur skjóta itrekað á Apple.

**TÆKNI** Apple setti nýjustu snjallsíma sína, iPhone XS og XS Max, í sölu í gær. Raðir mynduðust fyrir utan verslanir Apple víða um heim líkt og þegar fyrri iPhone-símar hafa komið á markað.

Vaskir starfsmenn kinverska tæknifyrirtækisins Huawei tóku sig til og afhentu tilvonandi iPhone-kaupendum gefins hleðslukubba í Singapúr. „Hérna er hleðslukubbur. Þú munt þurfa á honum að halda. Í boði Huawei,“ stóð á pakkningunni sem starfsmennirnir afhentu og skaut fyrirtækið þannig á rafhlöðuendingu snjallsíma Apple sem Huawei telur greinilega of litla.

Fyrirtækið sagði í orðsendingu til tæknimiðilsins CNET að uppátækið mætti rekja til þess að fyrirtækið hefði einfaldlega viljað sýna þeim sem biðu úti undir berum himni í langan tíma stuðning.

Huawei var með svipað uppátæki í Lundúnum. Þar lagði fyrirtækið bifreið, skreyttri teikningu af rafhlöðu sem á stóð „djús sem endist“. Að auki mátti finna mynd af epli sem búið var að krossa yfir og undir stóð „ekki ein arða af eplum“.

Rafhlaða iPhone XS er 2.658mAh. Til samanburðar er rafhlaða P20 Pro, síðasta flaggskipssíma Huawei, 4.000mAh og rafhlaða Samsung Galaxy S9 3.000mAh.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Huawei skýtur á Apple fyrir rafhlöðuendingu. Í auglýsingu fyrir P20 Pro í vikunni var slíkt hið sama gert. Aukinheldur þakkaði Huawei Apple eftir kynningu síðarnefnda



Áhugasamir viðskiptavinir Apple á Manhattan. NORDICPHOTOS/AFP

fyrirtækisins fyrir í mánuðinum fyrir að „halda öllu í sama horfi“ og fyrir að leyfa kinverska fyrirtækinu að verða „hetja ársins“. Með fylgd dagsetning komandi kynningar Huawei, 16. október 2018.

Önnur fyrirtæki hafa skotið á Apple í kringum kynningar nýrra síma þeirra undanfarin ár. Ber þar einna helst að nefna hinn risann á snjallsíma markaði Vesturlanda, Samsung. Nú síðast í maí nýtti Samsung sér reiði iPhone-eigenda vegna

ákvörðunar Apple um að hægja á eldri símunum, til að bæta rafhlöðuendingu, og hvatti þá til að „uppfæra“ í Samsung-síma.

Markaðshlutdeild Samsung á heimsvisu var 20,9 prósent á síðasta ársfjórðungi. Apple var með 12,1 prósent og Huawei 15,8 prósent samkvæmt Statista. Í Bandaríkjunum var aðra sögu að segja. Apple hafði 28 prósent, Samsung 31 prósent og Huawei var hvergi að finna. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)

# NJÓTTA

## SKÍÐAÁFANGASTAÐIR

Verð aðra leið frá 17.900 kr.

Verð frá 27.600 Vildarpunktum

Andaðu að þér fersku fjallaloftinu

Brunaðu niður drifhvítar brekkurnar og upplifðu fullkomið frelsi. Skálaðu í heitu kakói og njóttu útsýnisins. Gerðu síðan vel við þig og þína í mat og drykk þegar kvöldi tekur. Aldrei hefur verið auðveldara að njóta lífsins á skíðasvæðum Evrópu og Norður-Ameríku.

ICELANDAIR





UNGSVEIT SÍ



# UNGSVEITIN SPILAR SHOSTAKOVITSJ

SUNNUDAGUR 23. SEP 17:00

HARPA / ELDBORG

Daniel Raiskin hljómsveitarstjóri  
Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Pëteris Vasks  
Viatore (Hommage à Arvo Pärt)

Dmitrj Shostakovitsj  
Sinfónía nr. 5

#ungsveit

**Þ**að er Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem á sviðið í Eldborg á sunnudaginn og flytur strengjaverk lettneska tónskáldsins Pëteris Vasks og hina mögnuðu 5. sífóníu Shostakovitsj. Rússneski hljómsveitarstjórinn Daniel Raiskin heldur um tónsprotann en hann hefur mikla reynslu af því að starfa með ungmennum að metnaðarfullum verkefnum.

Eitt mikilvægasta hlutverk sífóníuhljómsveita um allan heim er að miðla þekkingu sinni og áhuga til nýrra kynslóða hljóðfæraleikara. Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur náð undraverðum árangri og hefur vakið athygli fyrir kraftmikinn samleik og spílagleði enda var hún valin Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2017.

**Búið ykkur undir magnaða tónleika!**

## TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu  
sinfonia.is  
harpa.is  
528 50 50

Handhafar Skólakorts  
Sinfóníunnar fá miðann  
á 1.700 kr.



@icelandsymphony / #sinfo



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

+PLÚS



Þátttakendur í hópslysaæfingu gærdagsins við Reykjanesbrautina eru nú betur undirbúnir til að takast á við alelda bifreiðar og ýmislegt fleira sem getur komið upp á þegar hópslys verða.

## Slysaæfing á Suðurnesjum

Hópslysaæfing var haldin við Reykjanesbraut í gær undir handleiðslu lögreglustjórans á Suðurnesjum. Þátttakendur æfðu samkvæmt viðbragðsáætlun vegna hópslysa. Sigtryggur Ari Jóhannsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með æfingunni.



Æfingin var ekki fyrir viðkvæma. Þessi var alblóðugur, þó ekki í alvörunni.



Þátttakendur skorðu strætisvagn sem oltið hafði á hliðina fastan.



Þátttakendur í æfingunni höfðu hraðar hendur við að hjálpa þeim sem áttu að hafa slasast.



SEPTEMBER  
TILBOÐ  
BRIMBORGAR

Tryggðu þér bíl á septembertilboði Brimborgar. Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla, frábært verð og framúrskarandi þjónustu.  
– við eigum rétta bílinn fyrir þig!

GEGGJUÐ  
TILBOÐ!

GLÆSILEGIR  
NÝIR BÍLAR!

## ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

### PEUGEOT 208 ACTIVE

1,2 bensín, 82 hð, beinskiptur

Verðlistaverð með nálægðarskynjara aftan: 2.240.000 kr.

SEPTEMBERTILBOÐ: 1.990.000 KR.

AFSLÁTTUR: 250.000 KR.

-250.000 kr.  
+ Vetrardekk



### MAZDA3 VISION

2,0 bensín, 120 hð, beinskiptur

Verðlistaverð með málmlit: 3.260.000 kr.

SEPTEMBERTILBOÐ: 2.960.000 KR.

AFSLÁTTUR: 300.000 KR.

-300.000 kr.  
+ Vetrardekk



### VOLVO V40 CROSS COUNTRY

D2 Momentum, 120 hð, sjálfskiptur

Aukabúnaður innifalinn:

Málmlitur, hljómtæki Sensus Connect, nálægðarskynjari aftan og bakkmyndavél

Verð áður: 4.679.000 kr.

SEPTEMBERTILBOÐ: 4.090.000 KR.

AFSLÁTTUR: 589.000 KR.



-589.000 kr.  
+ Vetrardekk



# FORD FIESTA TITANIUM

1,0i bensín, 100 hö, 5 dyra og sjálfskiptur  
Aukabúnaður í tilboðsbílum: Málmllitur

Verð með aukabúnaði: 2.915.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 2.690.000 kr.**

**-225.000 kr.**  
+ Vetrardekk

**TAKMARKAÐ MAGN!**



Tryggðu þér Ford Fiesta Titanium á frábæru Septembertilboði Brimborgar!

## ALLT Á EINUM STAÐ

### CITROËN C4 CACTUS FEEL

1,2 bensín, 110 hö, beinskiptur

Verðlistaverð: 2.890.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 2.590.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 300.000 KR.**

**-300.000 kr.**  
+ Vetrardekk



### FORD KA+ ULTIMATE SPORT

1,2i bensín, 85 hö, 5 dyra og 5 gíra

Aukabúnaður í tilboðsbílum: Málmllitur

Verð með aukabúnaði: 1.955.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 1.790.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 165.000 KR.**

**TAKMARKAÐ MAGN!**

**-165.000 kr.**  
+ Vetrardekk



**ÚRVAL! ÚRVAL!  
ÚRVAL! ÚRVAL!**

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ  
FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG



# Illvirkjarnir á meðal okkar

Barnaniðshringir þjóðarleiðtoga og ill áform um fjandsamlega yfirtöku Evrópu eru að sumra mati mikilvæg efni í stjórnmálaumræðu Vesturlanda. Eiríkur Bergmann fjallar um samsæriskenningar og þjóðernispopúlisma í stjórnmálum í nýrri bók.

Aðalheiður  
Ámundadóttir  
adalheidur@frettabladid.is



**STJÓRN MÁL** Þjóðernispopúlískar samsæriskenningar ganga yfirleitt út á að ala á utanaðkomandi ógn en um leið er innlend elita ásökluð um að hafa sviðið þjóðina í hendur þessarar utanaðkomandi ógnar,“ segir Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst, en nýjasta bók hans: Conspiracy and Populism: The politics of Misinformation kom út á dögnum og fjallar um notkun samsæriskenninga í þjóðernispopúlískri stjórnmálaumræðu. Hann segir smiðina á bak við samsæriskenningar þessar yfirleitt setja sjálfa sig í hlutverk hetjunnar sem flettir ofan af illvirkjunum, þess sem stendur einn á milli hins grandalausna góða almenning og hinnar illu elitu sem misnotar almenning og ofsækir hann sjálfan.

*Af hverju ertu að tengja þessi fyrirbæri saman?*

Við höfum náttúrulega séð alveg ótrúlegan vöxt popúlískra stjórnmála

flokka á undanförmum árum og þegar ég var að vinna bók um þjóðernishyggiu á Norðurlöndum tók ég eftir því hvað málflutningur þessara flokka er gegnsýrður af samsæriskenningum og þegar maður fer að skoða þessi tengsl popúlisma og samsæriskenninga nánar kom í ljós feikilega mikið af sömu einkennum. Það er þessi elita sem með illvirkjum sínum kemur fólki illa með einhverjum hætti.“ Eiríkur segir þessa orðræðu ótrúlega algenga í dag. Orðræðan sé látin ráða í stað greiningar á fyrirleggjandi gögnum.

„Útgefandi minn hjá Palgrave Macmillan var því áfram um að flétta þessu svona saman í bókinni og skoða það út frá Evrópu, Bandaríkjunum og Rússlandi.

## Inn í meginstrauminn

„Bókinni er ætlað að greina hvernig popúlískir stjórnmálaflokkar beinlínis beita samsæriskenningum í sínum málflutningi,“ segir Eiríkur og bendir á að hefðbundna myndin af samsæriskenningsmiðnum sé af einhverjum brjálaðingi á jaðrinum. „Það sem gerist hins vegar



Eiríkur Bergmann varar við orðræðu með stöð í þjóðernispopúlískum samsæriskenningum. FRÉTTABLAÐIÐ/SICTRYGGUR ARI

## Polendur þjóðernispopúlískra samsæriskenninga

þeir sem trúá samsæriskenningum og gripa til aðgerða vegna þeirra eru ásamt fórnarlömbum sínum fórnarlömb orðræðunnar.

**Breivik** taldi sig vera að bjarga norsku þjóðinni frá norska Verkamannaflokknum sem ætti í samsæri með islamistum um að „afgera“ hina kristnu arfleifð og koma á islömsku samfélagi.

Það sama sagði **Thomas Mair** sem myrti þingkonu breska Verkamannaflokksins. Hann lýsti því yfir að hann væri síðasta vörn Bret-

lands gegn illvirkjum sem hefðu sviðið bresku þjóðina í hendur utanaðkomandi ógnar.

**Edgar Welsh** misbauð mjög að sjá fréttir um að Hillary Clinton og fleiri héldu úti barnaniðshringi á pitsustaði í Washington. Hann keyrði til hófuðborgarinnar með riffl sinn til að frelsa börnin og hóf umsvifalaust skothríð inni á staðnum. Þar reyndust engin börn vera í gislingu heldur höfðu falsfréttir þess efnis flætt um allt. Welsh situr í fangelsi vegna þeirra.

þegar þjóðernispopúlístarinn fara að taka samsæriskenningar inn í sinn málflutning er að þær flytjast smátt og smátt af jaðrinum og inn í meginstraum stjórnmálanna og núna er ástandið þannig að jafnvel þjóðarleiðtogar eru orðnir með helstu dreifendum samsæriskenninga,“ segir Eiríkur og nefnir Donald Trump, Vladímír Pútín, Victor Orban og Recep Tayyip Erdogan.

Í bókinni beinir Eiríkur sjónum einkum að þjóðernispopúlískum flokkum sem náð hafa flugi víða um Evrópu í kjölfar aukins flóttamannastraums frá Miðausturlöndum.

„Þjóðernispopúlístarinn nýta sér lögmætari áhyggjur sem fólk getur

# Fjór hjóladrifna



## Touareg Offroad.

3.0 TDI V6.  
Verð 9.290.000 kr.

## Tiguan Offroad.

Fjór hjóladrifinn og sjálfstíptur.  
Verð 5.790.000 kr.  
Tilboðsverð 4.990.000 kr.

Við látum framtíðina rætast.

haft vegna örra þjóðfélagsbreytinga eða umróts; áhyggjur til dæmis af afkomu sinni, eignum og jafnvel líkamlegu öryggi, í tengslum við mikla folksflutninga. Þessar áhyggjur eru magnaðar upp í hugum fólks og búin til mynd sem á sér enga stoð í raunveruleikanum. Þegar búið er að hræða úr því líftöruna með slíkum aðferðum stilla populístarinn sér upp sem einu vörminni gegn þessari ögn og sem einu ásköndendum innlendu svikaranna sem hafi svikið fólk.," segir Eiríkur.

#### Tómarúm hjá gleymdri alþjóðu

Hann segir nokkrar ástæður fyrir því að populístar hafa náð til fólks með samsæriskeningnum. Í fyrsta lagi hafi þeir í rauninni gengið inn í það hlutverk að verða málsvavar alþjóðunnar og taka þá stöðu sem sósíaldemókratar höfðu áður. Því það sem gerðist meðal sósíaldemókrata úti um alla Evrópu og í Bandaríkjunum var að þeir yfirgáfu margir alþjóðbaráttuna sem til þess tíma hafði verið rekin af verkalyðnum sjálfum. Smám saman hafi hins vegar nýir leiðtogar komið fram með breiðari áhuga á stjórnmálum og viðfangsefnum eins og umhverfismálum, jafnréttismálum, alþjóðasamvinnu og þess háttar. Við þessa breytingu hafi tengsl stjórnmálaforingjanna og alþjóðunnar trönað og eyður orðið til sem populístarinn stíga inn í. Við það hafi bæst að meginstraumsdemókratar hafi líka hundsáð hinn lögmæta ótta fólks við breytingar og ekki tekist á við hann.

Svo gerist það að uppgangur þessara populísta sem hefst upp úr 1970 magnast stöðugt og nær hámarki sínu núna á síðustu árum með gjörbreytingu í fjölmiðlaumhverfinu, fyrst með fréttastöðvum sem dæla út efni allan sólarhringinn bæði í

### /// Nokkrar lifseigar samsæriskeningar sem stjórnmálamenn hafa gælt við

#### Evrurabiukeningin

Ein helsta stóra samsæriskening okkar daga um að misindismenn í Miðausturlöndum sitji um Evrópu og ætli sér að leggja hana undir sig með fjandsamlegri yfirtöku. Peim til aðstoðar séu svo innlendir svikarar á Vesturlöndum sem starfi að því sama. Af þessari kenningu spretta svo margar aðrar smærri samsæriskeningar sem miða allar saman að þessu stóra plani. Ein þeirra undarlegri er til að mynda frétt sem birtist í Rússlandi um að Margrét Walström, utanríkisráðherra Svíþjóðar, vildi láta vana alla sænska karlmenn, í því skyni að múslimar einir myndu fjölga sér í Svíþjóð.

#### Antikristurinn Obama

Eiríkur rekur í bók sinni áhugaverða þróun samsæriskeninga um Barack Obama. Þær snerust í upphafi eingöngu um að Obama væri ekki fæddur í Banda-

rikkjunum og því ekki kjörgengur til forseta. Þessi samsæriskening varð svo almenn að meira að segja Hillary Clinton daðraði við hana meðan þau kepptu um útnefningu demókrata. Kenningar um Obama þróuðust svo út í að hann væri múslimi og með áherslu á millinafnið Hussein þróaðist hún upp í tengsl Obama við heimsþekkt hryðjuverkasamtök. Þar með var kenningin komin með snertiflöt við allsherjarsamsæri múslima um yfirtöku á Vestrinu. Meðal þeirra allra klinkuðustu var því jafnvel dreift að Obama væri Antikristur sjálfur.

#### Kenningin um NAFTA

Donald Trump hefur ekki farið leynt með andstyggi sína á NAFTA en samtökin hafa verið vinsælt skotmark samsæriskeningasmíða þess efnis að elitur í Bandaríkjunum, Kanada og Mexíkó séu með leynd að undirbúa sameiningu þessara ríkja í eitt rísa stórveldi.

#### Sjúkdómar og lyf

Samsæriskeningar um sjúkdóma, lyf og bólusetningar hafa einnig verið lifseigar. Ein þeirra vinsæltustu er sú að lækning við krabbameini sé löngu fundin en stjórnmöld haldi því leyndu. Einnig var lengi lifseig sú samsæriskening að HIV-veiran hefði verið búin til í bandarískum tilraunastofum í þeim tilgangi að útrýma svarta kynstofninum. Sú samsæriskening er vel þekkt að vísindamenn og stjórnmálamenn haldi því leyndu að efni sem notað er til bólusetninga valdi einhverfu.



útvarpi og sjónvarpi og svo á internetinu. Sú bylting veldur því að hljóðarsla hinna hefðbundnu fjölmiðla, sem gat vinsað út rugl frá réttum upplýsingum, heldur engu lengur og vitleysan flýtur út um allt.

#### Ábyrgð stjórnmálamanna

Eiríkur segir þessa orðræðu mjög hættulega enda hafi menn beinlínis drepið og verið drepnir eða fangelsaðir vegna hennar. Og þótt auðvitað sé ekki hægt að gera stjórnmálamenn ábyrga fyrir aðgerðum fólks sem ekki

gengur heilt til skógar og grípur til aðgerða vegna fálsmetta af samsæriskeningum, þá verði stjórnmálamenn sem vilja láta taka sig alvarlega, að hafa þetta í huga. „Skilaboð eru oft móttekin með öðrum hætti en þeim er ætlað," segir Eiríkur og bendir á að staðan sé þannig í dag að mjög valdamiklum stjórnmálamönnum og jafnvel þjóðarleiðtogum virðist alveg sama. Þeir gangi nánast fyrir samsæriskeningum og ali á ótta og sundrunu. „Það er beinlínis orðinn grundvöllurinn í þeirra pólitík."

#### Af hverju eru þessi öflsvona sterk á Norðurlöndunum?

Eiríkur segir þá þróun hafa átt sér stað á nokkrum áratugum og að hún hafi verið keyrð áfram af stjórnmálamönnum.

„Í Danmörku eru þetta Danski þjóðarflokkurinn, áður Framfaraflokkurinn. Þessir flokkar voru algjörliga á jaðri danskra stjórnmála og þóttu alls ekki í húsum hæfir. Síðan tókst þessum öflum að breyta umræðunni í Danmörku. Orðræða þeirra er talin fullkomlega eðlileg og

lögmat. Það er ekki þannig að málflutningur þeirra hafi mildast í takt við umræðuna heldur hefur þeim tekist að breyta umræðunni í sína átt." Eiríkur segir þessu öflugt farið í Noregi þar sem Framfaraflokkurinn hefur mildast mjög og færst í áttina að megintraumnum. „Sviar eru hins vegar með hörðustu þjóðernispopúlísta sem hafa náð árangri á Vesturlöndum með flokk sem hefur nokkuð skýrar rætur í nýnásisma."

#### Af hverju hafa þjóðernispopúlístar ekki náð viðlíka árangri á Íslandi?

„Fyrir því eru þrjár ástæður. Þjóðernishygga hefur ekki verið útskífud hugmynd á Íslandi eins og víðast annars staðar. Það þarf ekki að skora meginstraumskerfið á hölm á þjóðernispopúlískum grundvelli hér því þessar hugmyndir hafa lifað göðu lífi innan meginstraumsflokka. Íslenskur stjórnmálamaður getur alveg sagt „ég er þjóðernissinni" og það er allt í lagi. Það getur þýskur stjórnmálamaður ekki gert og ekki heldur norskur eða danskur. Ekki fyrr en núna."

Í öðru lagi hafi árangur populísta í þessari bylgu náðst í andstöðu við múslimska innflytjendur. „Hér eru til dæmis engin múslimsk hverfi eins og í löndunum í kringum okkur. Og þótt ekkert sé útilokað þá getur verið frekar erfitt að vera fyrst og fremst á móti einhverju sem er ekki til."

Áð lokum hafi þessir flokkar fyrst og fremst náð árangri þegar fram hafa komið kraftmiklir karismatískir leiðtogar. „Þannig að jarðvegurinn er alveg til hér eins og annars staðar. Hins vegar hafa populískir rasistar hér á landi ekki verið sérstaklega heppnir með talsmenn hingað til," segir Eiríkur en útilokar ekki að Íslendingar eignist harðskeytta þjóðernispopúlísta, komi fram nægilega efnilegur leiðtogi.

# fjölskyldan.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU  
5

#### T- Roc.

Fjór hjóladrífinn og sjálfskiptur.  
Verð 4.590.000 kr.

#### Tiguan Allspace.

7 manna og rúmgóður.  
Verð 7.635.000 kr.  
Tilboðsverð 6.990.000 kr.

Vetrarpakki fylgir með í september.

Vetrardekk, dráttarkrókur og gúmmimotta í farangursrými fylgir öllum nýjum jeppum og jeplingum í september.



Volkswagen

## Styttist í annan leiðtogafundinn

**BANDARÍKIN** Ríkisstjórn Donalds Trump Bandaríkjaforseta vinnur enn hörðum höndum að því að undirbúa annan leiðtogafund forsetans með Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu. Mike Pompeo utanríkisráðherra sagði í gær að töluverð vinna væri þó fram undan til þess að „tryggja að aðstæðurnar séu réttar“.

Pompeo sagði í samtali við Fox News að ráðuneyti hans ynni nú í málinu. Tryggja þyrfti að leiðtogarnir væru í þannig stöðu að þeir gætu náð raunverulegum árangri.



Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Í viðtali við NBC News sagði ráðherrann svo að hann vonaði að fundurinn yrði haldinn sem fyrst. Hann myndi sjálfur vilja fá tækifæri til þess að ferðast aftur til norðurkóræsku höfuðborgarinnar Pjongjang áður en leiðtogarnir mætast.

Alþjóðlegar þvingunaraðgerðir gegn einræðisstjórninni þurfa að halda áfram þangað til Norður-Kórea gefur kjarnorkuvopn sín upp á báttinn, að því er ráðherrann sagði.

Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu, heldur til Bandaríkjanna þar sem hann fundar með Trump á sunnudag. Moon hefur sagst ætla að greina Bandaríkjamanninum frá því sem bar á góma á fundi hans með Kim, sérstaklega því sem rataði ekki í sam-eiginlega yfirlýsingu þeirra. — þea

# Vara kjósendur við tómlæti

Frambjóðendur Repúblíkana óttast að íhaldsmenn nenni ekki að mæta á kjörstað í þingkosningum í nóvember. Gætu haldið að sigurinn væri unninn. Ólíklegt þykir að Demókratar nái meirihluta í öldungadeildinni en líklegt í fulltrúadeildinni.

**BANDARÍKIN** Frambjóðendur Repúblíkana og aðrir flokksmenn tóku margir í sama streng í gær og vörðu íhaldssama kjósendur við tómlæti hvað varðar komandi þingkosningar. Fjöldmargir flokksmenn sóttu hinn árlega Value Voters-fund í höfuðborginni Washington og sendu frá sér þessa viðvörðun en á fundinum hittast alla jafna íhaldssamir áhrifamenn og kjörnir fulltrúar. Reuters greindi frá fundinum í gær.

Viðvörðunin er reyndar ekki ný af nálinni. Repúblíkanar og stuðningsmenn flokksins hafa varað við andvaraleysi undanfarnar vikur. Óttinn við að kjósendur skili sér ekki á kjörstað vegna fullvissu um að Repúblíkanar muni bera sigur úr þýtum stafar að miklu leyti af því að heitir stuðningsmenn flokksins, og einkum Donalds Trump forseta, hafa upp til hópa hafnað skoðanakönnunum alfarið eftir að Hillary Clinton mældist með meira fylgi í



Dyggir stuðningsmenn flokks Repúblíkana verða að vara sig á tómlætinu, ef marka má orð frambjóðenda. Hér má sjá nokkra slíka stuðningsmenn sem sóttu Value Voters-fundinn í höfuðborginni Washington í gær. NORDICPHOTOS/AFP

aðdraganda forsetakosninganna 2016.

Clinton mældist til að mynda með þriggja prósentustiga forskot í könnunum Bloomberg og Reuters sem birtist degi fyrir kjördag og fjögurra prósentustiga forskot í könnunum CBS, Fox News og Economist svo fátt eitt sé nefnt. Sigur Trumps leiddi til þess að stuðningsmenn hans misstu trúna á könnunum þótt Clinton hafi reyndar fengið tveimur prósentustigum hærra hlutfall atkvæða en Trump. Tapaði sum sé á fjölda kjör-

Mark Harris, fulltrúadeildarframbjóðandi í Norður-Karólínu, sagði á fundinum að komandi kosningar væru mikilvægustu kosningarnar á miðju kjörtímabili (e. midterms) á ævi flestra kjósenda. „Við verðum að taka þessar kosningar alvarlega á komandi vikum.“

Samkvæmt klassískri útgáfu spálikans tölfræðimiðilsins FiveThirtyEight, sem byggir á vagnu meðaltali kannana, fyrri kosningum, stöðu efnahagsmála og sögulegum hefðum, eru 80 prósentu líkur á því að Demókratar nái meirihluta í fulltrúa-

deildinni. Nú hafa Repúblíkanar þar meirihluta en kosio er um öll sætin.

Öllu ólíklegra þykir að Demókratar nái meirihluta í öldungadeildinni. Þar er kjörtímabilið sex ár og er kosio um þriðjung sæta í senn. Eins og staðan er í dag hafa Repúblíkanar 51 sæti og þar af er ekki kosio um 42 í nóvember. Demókratar þurfa sum sé að verja mun fleiri sæti en Repúblíkanar, mörg í ríkjum sem Trump vann árið 2016. FiveThirtyEight gefur þeim 32 prósentu líkur á að ná meirihluta í öldungadeildinni.

thorngnyr@frettabladid.is



**RENAULT**  
Passion for life

# KOLEOS

Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn og sparneytinn.



Renault Koleos, verð frá: 5.790.000 kr.

Staðalbúnaður í Koleos er m.a.: Virkur neyðarhemlunarbúnaður, Akreïnnavari, umferðarskiltaskynjun með viðvörðun, aðalljós sem beygja um leið og beygt er, LED stöðuljós með „Follow Me Home“ búnaði, leiðsögukerfi með Íslandskorti, R-Link margmiðlunarkerfi, Apple CarPlay™ og Android Auto™.

Verið velkomin í reynsluakstur.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bilasalan Bílas  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bilasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



# PIER

FEGRUM HEIMILIÐ



20%  
AFSLÁTTUR AF  
ÖLLUM  
BORÐUM



MUNICH stækkanlegt borðstofuborð  
260/180x90xH76cm  
~~129.900,-~~ **103.920,-**



ALLT AÐ  
40%  
AFSLÁTTUR AF  
BORÐSTOFU-  
STÓLUM

20-30%

AFSLÁTTUR  
AF VÖLDUM  
SÓFUM



REGINA sófi  
~~99.900,-~~ **69.930,-**



ROYALTON stóll  
~~69.900,-~~ **55.920,-**



30%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
PÚÐUM



30%  
AFSLÁTTUR  
AF VÖSUM  
OG STYTTUM



20-30%

AFSLÁTTUR  
AF VÖLDUM  
SÓFUM

HAAG tungusófi,  
325x143x210cm  
~~199.900,-~~ **159.920,-**



FRÁBÆR VIKUTILBOÐ!



LUNEVILLE blómastandur  
~~15.990,-~~ **8.000,-**



MARIBO stóll  
~~19.990,-~~ **10.000,-**



GROSIO stóll  
~~24.900,-~~ **10.000,-**



[www.pier.is](http://www.pier.is)

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFÖSS

Gildir 20. sept. - 26. sept. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

FRÉTTABLAÐIÐ **SKOÐUN**

## Í brimróti



Kristín  
Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

**F**réttablaðið greindi frá því í vikunni að Samkeppnisfirlitið hefði gert fjórar alvarlegar athugasemdir við viðskiptahætti Guðmundar Kristjánssonar, aðaleiganda Brims og HB Granda.

Meðal annars fann Samkeppnisfirlitið að því og sagði varhugavert í samkeppnislegu tilliti að sami maður, sem ætti allt hlutfélagið í einu félagi, væri á sama tíma forstjóri félags á sama markaði og stjórnarmaður í því þriðja.

Enn fremur kom fram í máli framkvæmdastjóra Samkeppnisfirlitsins að málinu væri ólokkið, enn væri verið að afla frekari upplýsinga. Blaðamaður hafði samband við Guðmund. Hann vildi ekkert láta hafa eftir sér, þegar eftir því var leitað.

Eins og svo oft með fréttir, þá eru þær sagðar í rauntíma. Stuðst var við þær heimildir sem fyrir lágu á þeim tíma, sem fréttin var skrifuð, ekkert annað. Málið var reifað, eins og fjölmiðlum ber að gera, og haft var samband við þann sem málið snerti.

Guðmundur svaraði svo fréttinni daginn eftir og sagði að aðeins tvö af þeim fjórum atriðum sem nefnd voru væru enn til skoðunar hjá Samkeppnisfirlitinu. Hann reyndi að gera blaðið tortryggilegt með því að benda á að stjórnarformaður Fréttablaðsins væri einnig lögmaður meirihlutaeggenda Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum og varaformaður stjórnar þess fyrirtækis.

Stjórnarformaðurinn benti þá réttilega á, að með svari sínu gerði Guðmundur litið úr öllum blaðamönnum og ritstjórum Fréttablaðsins. Hann hefði vegið að starfsheiðri þeirra og dyljað um að þeir lytu boðvaldi stjórnar félagsins um fréttalutning.

Viðbrögð Guðmundar eru skólábokardæmi um róng viðbrögð við fjölmiðlaumræðu. Hann kaus að skjóta sendiboðann í stað þess að spyrja sjálfan sig af hverju hann svaraði ekki þegar til hans var leitað.

Hann gerði litið úr blaðamönnum sem ekki gera annað en að spegla samfélagið, og reyna að hafa rétt eftir heimildum og vinna úr þeim gögnum sem fyrir liggja. Með því vóg hann að starfsheiðri þeirra blaðamanna sem í hlut eiga og fjölmiðilsins sem þeir starfa hjá.

Því miður gerist það æ oftar, þegar fjölmiðlar segja fréttir, að þeir sem í hlut eiga bregðast við með þessum hætti – reyna að draga úr trúverðuleika miðilsins – líki þeim ekki fréttin. Það er hvorki heiðarlegt né sanngjarnt – en sennilega skaða menn sjálfan sig mest með slíkum málfutningi. Fólki almennt skilur þetta gangverk.

Guðmundur í Brimi, eins og hann oftast er kallaður, er einn umsvifamesti útgerðarmaður landsins. Enn er að því leyti til opinber persóna, og fólki kemur við hvað hann er að sýsla. Maður í hans stöðu verður að geta tekið fréttum þegar vel gengur, en líka þegar hann þarf að verjast.

Fjölmiðlar eiga ekki að hafa önnur markmið en þau að segja fréttir og vera farvegur fyrir skoðanir og upplýsingar á ábyrgan og sanngjarnan hátt.

Það er leiðarstef Fréttablaðsins.

## Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Risliðið mektarmanna-partí

**T**ölur eru gjarnan taldar hafa merkingu. Talan níu er heilög í heiðni. Í Kína er talan 250 talin í orðræðu mögum en orðið þýðir líka heimskingi á kínversku. Hraðslu við töluna þrettán kallast „triská-dekafóbía“. Í háhylinu við Höfðatorg er engin 13. hæð. Höfðatorgsturninn er 74 metrar að hæð. Vindhraði fellibyls er að lágmarki 74 hnútar. Fellibylurinn Irma sem olli víða hörmungum árið 2017 er kraftmesti fellibylur sem myndast hefur á Atlantshafi síðan mælingar hófust. Það kostar 22 milljónir að setja upp ljósabúnað fyrir beina sjónvarpsendingu á Þingvöllum.

Talan 22 hefur verið landsmönnum hugleikin þessa vikuna. Í tarospilastokki eru 22 spil. Í lotukerfinu hefur málmurinn titan sætistöluna 22. Í fótbolta spila 22 leikmenn inni á vellinum hverju sinni. Í vor lauk Frakkinn Arsène Wenger störfum hjá Arsenal eftir 22 ára starf. Á heimsmeistararnótinu í knattspyrnu síðastliðið sumar spilaði franska landsliðið án Arsenal-leikmanns á störmóti í fyrsta sinn í 22 ár. Í dag er 22. september. Það kostar 22 milljónir að setja upp ljósabúnað fyrir beina sjónvarpsendingu á Þingvöllum.

## 100% fram úr áætlun

Enn lýsir kastljósið upp hátíðarfund Alþingis sem haldinn var á Þingvöllum í sumar; réttilega kynnu einhverjir að segja, enda kostaði lýsingin 22 milljónir eins og fram kom í fréttum í vikunni.

Upphæfleg var áætlað að kostnaður við hátíðarfundinn á Þingvöllum yrði 45 milljónir króna. Heildarkostnaðurinn varð hins vegar 87 milljónir og fór verkefnið næstum 100% fram úr áætlun. Mörgum mislíkaði frávikidd en gremjan beindist einkum að kostnaði við lýsingu fundarins sem hljóðaði upp á 22 milljónir og var næststærsti kostnaðarliðurinn.

En hvað segir talan okkur? Jú, hún segir okkur hvað það kostar að lýsa upp parti á Þingvöllum um hábjartan dag. Hún segir okkur að ráðamenn eiga oft auðvelt með brúla með almannafé. Hún segir okkur að stjórnmalastéttin beri illa skynbragð á andrúmsloftið í landinu. Jafnframt því að varpa ljósi á

Þingvelli varpar talan ljósi á undarlega forgangsróðun, skrytinn gildi og óstjórn. En talan segir okkur fleira.

## Hættulegasti sjúkdómur samtímans

Í síðustu viku var tilkynnt um að heilbrigðisráðuneytið hygðist veita 25 milljónir til að fylgja eftir aðgerðaáætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi. Í nýrri skýrslu frá Embætti landlæknis kemur fram að 9% ungmennta á Íslandi hafi gert tilraun til sjálfsvígs. Sérfróðingar kalla eftir aukinni geðrækt innan skólakerfisins og forvörn um samfélaginu.

Önnur ógn sem stafar að ungu fólki hefur verið í deiglu síðustu daga. Að minnsta kosti 30 fíklar undir fertugu hafa látist það sem af er. Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, segir fíkn vera einn hættulegasta sjúkdóm samtímans og þann algengasta hjá ungu fólki. „Þetta er sá sjúkdómur sem... veldur dauða líklega flestra á aldrinum fimmtán ára til fertugs.“

Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir 80 milljón króna í átak gegn fíkniefnum.

## Gæði til framtíðar

Í tilkynningu á vef Alþingis er gefin skýring á því hvers vegna hátíðarfundurinn á Þingvöllum fór „nokkuð fram úr áætlun“. Segir þar að tekin hafi verið ákvörðun um að hafa „lýsingu og hljóð af bestu gæðum“ meðal annars svo að „upptaka af fundinum myndi varðveita til framtíðar“. Af orðum þessum að dæma mætti draga þá ályktun að Alþingi sé umhugað um framtíðina. En hvað segja milljónirnar 22 um málið?

Því miður segir talan skuggalegri sögu en þá sem virðist í fyrstu. Talan 22 milljónir segir meira um hve lág upphæðin er sem á að bjarga gæði komandi kynslóða en hvað ljósabúnaðurinn á Þingvöllum var dýr. Kostnaðurinn við hátíðarfundinn allan, 87 milljónir króna, segir skuggalega sögu um hve lágt fjárlaglagið er í raun til átaks gegn fíkniefnum. Ef Alþingi væri sannarlega annað um framtíðina fjárfesti það hærri upphæðir í velferð ungs fólks en því sem nemur kostnaði við eitt risliði mektarmanna-partí.



Hann kaus að skjóta sendiboðann í stað þess að spyrja sjálfan sig af hverju hann svaraði ekki þegar til hans var leitað.



## Rannsóknarsjóður Hrafnistu

auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna verkefna tengdum öldrunarmálum

Umsóknarfrestur er til 3. nóvember 2018 og skulu umsóknir sendar á netfangið [rannsoknarsjodur@hrafnista.is](mailto:rannsoknarsjodur@hrafnista.is)

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Hrafnistu, [www.hrafnista.is](http://www.hrafnista.is) eða hjá gæðastjóra Hrafnistu, Nönnu G. Sigurðardóttur í síma 585 9402.

Stjórn Rannsóknarsjóðs Hrafnistu

# KRÓNAN

## Ný Íslensk uppskera

Lambakjötið þessa vikuna kemur  
frá Þverá í Dalshmynni



Hvítkál

**280** kr. kg



Kartöflur í lausu

**349** kr. kg



Tómatar í lausu

**299** kr. kg



Lambasúpukjöt af nýslátruðu

**899** kr. kg

Hálft lambalæri af nýslátruðu

**1299** kr. kg



Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is) Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/æða myndabrengl.

# Landið að rísa aftur á Skaganum

Hið fornfræga stórveldi ÍA hefur upplifað tímana tvenna síðan gullaldarskeiði félagsins í knattspyrnu karla sem stóð frá 1992 til 2001 lauk. Nú er bjart yfir Skaganum á nýjan leik og framtíðin sveipuð gulum ljóma.

**FÓTBOLTI** Síðustu dagar hafa verið gjöfúfir fyrir knattspyrnufélagið ÍA hjá karlahliði félagsins. Meistaraflokkur félagsins tryggði sér nýverið sæti í efstu deild, en liðið fylgir þar HK upp um deild. Þá varð annar flokkur félagsins Íslandsmeistari á fimmtudagskvöldið, en liðið hafði þar betur gegn KR í baráttu þessara fornu fjenda um titilinn.

Kári, sem er venslafélag ÍA, var framan af í toppbaráttu annarrar deildar, en gaf eftir á lokakaflanum þar sem liðið missti lykilleikmenn sem áttu ríkan þátt í að tryggja öðrum flokknum Íslandsmeistaratitilinn. Síðast en alls ekki sist þá fór Skallagrímur, annað venslafélag Akranesliðsins, sem að drjúgum



Undanfarin tíu ár hafa verið rússibanáreið á milli efstu og næstefstu deildar hjá stórveldinu ÍA. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

haustið 2008. Um svipað leyti og íslensku bankarnir hrundu fór að molna undan veldinu sem Skagamen höfðu í gegnum tíðina verið í íslenskrum knattspyrnu. Hefðin er hins vegar sterk á Skaganum og félagið hefur verið duglegt við að ala upp sína eigin leikmenn. Liðið er að njóta góðs af þeirri vinnu þessa stundina.

„Samstarfið hér á Akranesi, bæði milli þjálfara yngri flokkanna, og þjálfara ÍA og Kára og nú í seinni tíð Skallagríms hefur verið algerlega frábært. Öllum leikmönnum er veitt verkefni við hæfi, en hvert haust ganga um það bil tíu leikmenn upp úr öðrum flokki ÍA. Þar af fara einn til tveir í meistaraflokk ÍA. Kári getur tekið við sex til átta leikmönnum og Skallagrímur hefur komið inn í þetta undanfarið,“ segir Lúðvík Gunnarsson, yfirþjálfari ÍA og þjálfari Kára.

„Við getum ekki keppt við stærstu félög landsins um bestu bitana á leikmannamarkaðnum og þess vegna verðum við að huga vel að þeim leikmönnum sem eru til staðar hjá félaginu hverju sinni, allt í senn í meistaraflokki ÍA, yngri flokknum, hjá Kára og núna Skallagrími. Við ræðum mikið saman í hverri viku og skipuleggjum þetta í sameiningu svo allir fái að njóta sín. Eg og Sigurður Jónsson, aðstoðarþjálfari meistaraflokksins og þjálfari annars flokksins, ræðum til að mynda afar mikið saman í hverri viku,“ segir Lúðvík enn fremur um starfið á Skaganum.

„Ég myndi segja að staðan sé allvæg kjörin eins og hún er núna. Það er að vera með samkeppnishæft lið í meistaraflokki, nánast eingöngu myndað af Skagamönnum, sterkan annan flokk, lið í annarri deildinni og lið í þriðju deildinni. Þannig geta allir okkar leikmenn sem eru um og yfir títugt og þaðan af yngri leikið við andstæðinga við sitt hæfi. Svo náum við að selja leikmenn við og við til útlanda sem hjálpar til við fjárhagshliðina. Eg hlakka mikið til að sjá hvernig málin þróast hér á Akranesi næsta árið og tel að áfram verði haldið að vinna eftir sömu stefnu,“ segir Lúðvík um framhaldið í knattspyrnunni á Akranesi.

**Spennandi tímar fram undan**  
ÍA hefur undanfarna tvo áratugi átt erfitt með að festa sig í sessi í efstu deild, en liðið hefur flakkað á milli efstu og næstefstu deildar síðan það féll úr deild þeirra bestu

[hjolvaro@frettabladid.is](http://hjolvaro@frettabladid.is)

## OLÍS-DEILDIN

# HÄFIN

#olisdeildin

Næstu leikir




OLÍS-DEILD KVENNA	OLÍS-DEILD KARLA
22. sep. ÍBV - HK	22. sep. ÍR - ÍBV
22. sep. Haukar - KA/Þór	22. sep. Haukar - Akureyri
22. sep. Fram - Valur	22. sep. Fram - KA
23. sep. Selfoss - Stjarnan	23. sep. FH - Gróttá
	24. sep. Selfoss - Afturelding
	24. sep. Stjarnan - Valur



## Birgir og Ólafía náðu bæði niðurskurði

**GOLF** Atvinnukylfingarnir Birgir Leifur Halþórsson úr GK og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir úr GR léku mun betur á Evrópumótarið karla og kvenna en á fimmtudag. Náðu þau bæði niðurskurði eftir að hafa ekki náð sér á strik á fyrsta hring.

Fá þau því þáttokurétt um helgina og um leið verðlaunafé það því hversu vel gengur um helgina á Íberíuskaganum.

Birgir Leifur var í erfiðri stöðu eftir fyrsta hringinn í 122. sæti á tveimur höggum yfir pari. Skrambi á tólfu holi á fyrsta degi mótsins reyndist honum dýrkeyptur en hann svaraði fyrir það snemma í gær á portúgalska meistaramótinu.

Höf hann leik á 10. teig í gær og eftir skolla á 11. braut fékk Birgir örn á tólfu brautinni sem reyndist honum svo erfið daginn áður. Fékk hann tvo fugla og einn skolla til viðbótar á fyrri niú og var því á tveimur höggum undir pari þegar hringurinn var hálfnaður. Fékk hann einn skolla á seinni niú, einn örn til við-

bótar og tvo fugla, þann seinni á lokaholunni og reyndist hann afar mikilvægur. Kom hann Birgi yfir niðurskurðarlínu og tryggði honum þáttokurétt um helgina. Lék hann alls á fimm höggum undir pari og léku aðeins níu kylfingar betur á þessu geysisterka móti, þar sem kylfingar á borð við Spánverjann Sergio Garcia og hinn danska Thorbjörn Olesen, sem keppta í Ryderbikarnum um næstu helgi, taka þátt.

EKKI langt undan lék Ólafía Þórunn vel á Estrella Damn-mótinu í Spáni í gær sem er hluti af Evrópumótariðinni.

Lék hún hringinn í gær á 69 höggum eða tveimur höggum undir pari vallarins og er samtals á einu höggi undir pari eftir tvo hringi eftir að hafa leikið fyrsta hringinn á einu höggi yfir pari.

Það skilaði Ólafíu Þórunni 42. sæti í lok dags en hin hollenska Anne Van Dam er í sérflokki á mótinu á fjórtán höggum undir pari vallarins eftir tvo hringi. — **kpt**

# #BEACTIVE

## Íþróttavika Evrópu

23. – 30. september



## #BEACTIVE DAGURINN 2018 Í LAUGARDALNUM

### Dagskrá sunnudaginn 23. september

- Íshokkí kl. 10-12
- Skyllingar kl. 10-15
- Íslandsleikar Special Olympics kl. 10-13
- Aqua Zumba kl. 10.30 og 13.30
- Qigong og Tai Chi kl. 11 og 14
- Frisbígolf kl. 11-15
- Rathlaup kl. 11-15
- Hjólabretti kl. 12-14
- Frjálsar íþróttir kl. 12-14
- Ganga með leiðsögn kl. 13.30
- Göngufótbolti kl. 13.30-15.00
- Lindy Hopp kl. 13.45 og 14.30
- Strandblak kl. 14-16
- Hlaup og skotfimi kl. 14-15
- Zumba kl. 14
- Stafganga kl. 14.30
- Danssýning kl. 14.45 og 15.15

Leikhópurinn Lotta verður í þríhyrningnum á grassvæði milli Próttaravallar og Skautahallar kl. 11.30.


Sirkus Íslands verður á sveimi frá kl. 12-15 og með atriði við Þvottalaugar kl. 13.45.

Andlitsmálun og blöðrur í boði í Laugardalshöllinni frá kl. 12-14.

Danspartý fyrir alla í Laugardalshöll kl. 15.30-16.30

Nánar á [beactive.is](http://beactive.is) og Facebooksíðu viðburðarins **BeActive dagurinn 2018**

### LAUGARDALURINN – KORT



- 1 Laugardalslaug: Aqua Zumba og strandblak
- 2 Laugardalsvöllur, kjallari: Skyllingar
- 3 Próttaravöllur: Göngufótbolti, stafganga og Íslandsleikar Special Olympics
- 4 Brettagarður: Hjólabretti
- 5 Þvottalaugar: Hlaup og skotfimi
- 6 Grænt svæði við Þvottalaugar: Qigong og Tai Chi
- 7 Torgið við innganginn í Grasagarðinn: Ganga m/ leiðsögn og rathlaup
- 8 Folfvöllur: Frisbígolf, braut 1
- 9 Skautahöllin: Íshokkímót hjá 4. flokki
- 10 Laugardalshöll: Frjálsar íþróttir, Zumba, danssýning, danspartý og Lindy Hopp





## KENNEDY

Klassískt sófasett frá La-Z-Boy. Grátt, slitsterkt áklæði.

2ja sæta, stærð: 177 x 100 x 97 cm

**139.990 kr.** ~~169.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 196 x 100 x 97 cm

**149.990 kr.** ~~179.990 kr.~~

L A Z B O Y | Live Life Comfortably

Stóll

**99.990 kr.** ~~119.990 kr.~~

## LIF

Borðstofustóll. Svart PU-leður eða ljósgrátt áklæði.

**9.990 kr.**

~~11.990 kr.~~



## PRIME

Borðstofustóll. Svart PU-áklæði og svartir færur.

**13.990 kr.**

~~19.990 kr.~~



1. EightMood Mermaid púðar (breytipúðar), þrjár gerðir **9.390-9.990 kr.** 2. Nordal Downtown spegill 42 cm **4.990 kr.** 3. Nordal kerti, nokkrir litir 8x10 cm/15x8 cm **1.190/1.490 kr.** 4. Riverdale Urban kertalúkt 47 cm **9.990 kr.** 5. Sophia Hygeia stytta 16 cm **4.990 kr.** 6. Broste led perur, margar gerðir. Líftími um 35.000 klst **5.790-8.390 kr.**



## CONNECT

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Slitsterkt áklæði, antrazit eða svart leður. Stærð: 311 x 205 x 88 cm

Antrazit áklæði

**239.990 kr.**

~~279.990 kr.~~

Svart leður

**379.990 kr.**

~~439.990 kr.~~



## CONNECT

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Slitsterkt áklæði, antrazit. Stærð: 230 x 160 x 88 cm

SPARAÐU

**20.000**  
KRÓNUR

**149.990 kr.** ~~169.990 kr.~~



## RIA

Nettir og einstaklega þægilegir tveggja og þriggja sæta sófar. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

3ja sæta: 192 x 83 x 79 cm

**59.990 kr.** ~~79.990 kr.~~

2ja sæta: 152 x 83 x 79 cm

**54.990 kr.** ~~69.990 kr.~~

IDdesign

Reykjavík  
Bíldshöfði 20

10 – 18 virka daga  
11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri  
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga  
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



# Ævintýralegt haust í Höllinni

## SPENNANDI SEPTEMBER



### CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða  
vinstri tunga. Dökk- eða  
ljósgrátt slitsterkt áklæði.  
Stærð: 231 x 140 x 81 cm

**94.990 kr.** ~~114.990 kr.~~

IDesign



### SALLY

Fáir sitja betur.  
Hægindastóll PU-leður, svart.

**29.990 kr.** ~~39.990 kr.~~



### LEEDS

Hægindastóll. Svart sléttflauei.  
Stærð: 73 x 81 x 77 cm

**59.990 kr.** ~~89.990 kr.~~



### EBBA

Hægindastóll. Gult sléttflauei  
og svartir fætur.

**39.990 kr.** ~~59.990 kr.~~



### BELINA

Borðstofuforð, víður/hvítt.  
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**79.990 kr.**  
~~99.990 kr.~~



### CARINA

Borðstofuforð, hvítt.  
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**89.990 kr.**  
~~109.990 kr.~~

Þú finnur nýja bæklinginn okkar  
á [husgagnahollin.is](http://husgagnahollin.is)

HÚSGAGNA  
HÖLLIN

# FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN



Á RIFF verður fjölbreytt úrval af erlendum myndum víðsvegar að úr heiminum en áhersla er einnig lögð á það að styðja við grasrótna í íslenski kvikmyndagerð. Þórey Eva Einarsdóttir er framkvæmdastjóri RIFF. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Bíó breytir heiminum

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík fer fram í 15. sinn í ár dagana 27. september til 7. október. Fjöldi erlendra fjölmiðla og fólks úr kvikmyndabransanum leggur leið sína til Íslands á hátíðina ásamt fjölda annarra gesta.

Það hefur mikla þýðingu fyrir RIFF og menningarlífið á Íslandi að hátíðina sækja heimsfrægir listamenn sem gestir geta spurt spjörnum úr á sérstökum spurt og svarað sýningum og kynnst öllum leyndarmálunum sem liggja kvikmyndum þeirra að baki," segir Þórey Eva Einarsdóttir, framkvæmdastjóri RIFF.

Það verður fjölbreytt úrval af erlendum myndum en áhersla er einnig lögð á að styðja við grasrótna í íslenski kvikmyndagerð. Óhætt er að segja að RIFF sé mikilvægur vettvangur fyrir íslenska kvikmyndagerðarmenn til að kynna verk sín og áhugi erlendra gesta á henni leyntir sér ekki.

„Í þetta skipti koma meðal ann-

ars leikararnir Mads Mikkelsen og Shailene Woodley og leikstjórnir Jonas Mekas, Sergei Loznitsa og Laila Pakalnina. Þar er boðið upp á samtal milli áhorfenda og kvikmyndahöfundna. Það er einstakt tækifæri til þess að fá innsýn í þann spennandi og marglaga heim sem kvikmyndir eru. Við trúum því einlæglega að bíó breyti heiminum. Þegar ljósín slokkna í salnum leggjum við af stað í ferðalag og við kynnumst persónum og upplifum sögur sem veita okkur nýja sýn á heiminum."

**Börn fá innsýn í heim kvikmynda**  
Á RIFF er eitthvað fyrir alla, allt frá listrænum myndum hins sögufræga Jonas Mekas til sýninga á sjónvarpsþáttunum Big Little Lies. Til viðbótar við kvikmyndasýningar er pakklíffull dagskrá af sérvíðburðum, sem marg-



### ÞEGAR LJÓSÍN SLOKKNA

#### Í SALNUM LEGGJUM VIÐ AF

#### STAÐ Í FERÐALAG OG VIÐ

#### KYNNUMST PERSÓNUM

#### OG UPPLIFUM SÖGUR SEM

#### VEITA OKKUR NÝJA SÝN

#### Á HEIMINN.

ir hverjir eru ókeypis. Á Hlemmi Square hóteli verður spennandi tónlistardagskrá alla daga hátíðarinnar og á Lofti Hosteli er fjölbreytt dagskrá af kvikmyndasýningum og pallborðsumræðum. Það er því eitthvað fyrir alla að finna sér á hátíðinni.

Einnig verður eitthvað fyrir fjölskyldufólk og börn til að kynna heim kvikmynda.

„Það er gaman að segja frá því að í ár verður í samstarfi við Borgarbókasafnið, Bókasafn Kópavogs og Bókasafn Seltjarnarness vönduð dagskrá fyrir alla fjölskylduna, þar sem er boðið upp á hreyfimyndasmiðju fyrir börn auk stuttmyndasýninga. Þar fá börn tækifæri til að búa til sína eigin mynd," segir Þórey.

„Sunnudaginn 30. september verður fjölskyldudagur í Bíó Paradís, þar sem verður lögð sérstök áhersla á myndirnar Phoenix, Minding the Gap og The Stranger, sem er tilvalið fyrir ungmenni og foreldra að sjá saman." gj@frettabladid.is

### RIFF er handan við hornið!

Í kvikmyndunum sem hafa verið valdar á hátíðina í ár er tekið á ýmsum mállefnum á borð við flóttamenn, umhverfisáhrif, kynhneigð og fleira sem er í hávegum haft. Vissulega eitthvað sem vert er að kynna sér betur. Einnig eru ýmsir aðrir spennandi viðburðir á döfinni. Allar upplýsingar má finna á riffs.is en Fréttablaðið tók saman smá leiðarvísir fyrir áhugasama.

#### RIFF um alla borg

RIFF sér um að gera hátíðina sýnilega sem flestum og koma hátíðinni til borgarúanna.

Í ár mun RIFF vera í samstarfi við The One Minutes sem er alþjóðlegt tengslanet helgað kvikmyndum. Frá árinu 1998 hafa The One Minutes framleitt og dreift yfir 17.000 vídeó verkum eftir listamenn frá yfir 120 löndum. Einnar mínútu myndirnar verða sýndar í nokkrum bókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu, Mandí, strætó og á fleiri stöðum.

#### Hreyfimyndasmiðja

Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir og Atli Amarsson, höfundar stillukvikmyndarinnar Marglita marglyttan, halda hreyfimyndasmiðju fyrir einstaklinga átta ára og eldri á RIFF. Hreyfimyndasmiðjan er um tveggja klukkustunda löng og fá þátttakendur að gera sína eigin stillukvikmynd í smíðjunni. Skráning fer fram á heimasíðum bókasafnanna en smíðurnar fara fram í Bókasafni Kópavogs 29. september frá kl. 14.00–16.00, í Borgarbókasafninu í Grófinni þann 7. október kl. 14.00–16.00 og í Bókasafni Seltjarnarness 6. október kl. 11.30–13.30.

#### Flokkar kvikmynda á hátíðinni

Um 100 kvikmyndir hafa verið sýndar á RIFF frá um 40 löndum frá upphafi. Kvikmyndunum er skipt upp í flokka til að hafa hátíðina sem aðgengi-

legasta. Flokkarnir eru: Erlendar stuttmyndir, Fyrir opnu hafi, Gulleggið, Heimildarmyndir, Ísland í brennidepli, Íslenskar stuttmyndir, LUX verðlaunin, Norðurslóðir, Önnur framtíð, Special screenings, Upprennandi meistari, Vitranir og Sjónarrönd: Eystrasaltslöndin.

#### Meistaraspjall

Á hátíðinni verða nokkrir meistarar tamar eða master classes þar sem þekktir og fróðir kvikmyndagerðarmenn styra umræðum um mikilvæg málafni eins og kvikmyndagerð og jafnrétti. Þannig verða sér umræður um kvikmyndagerð Jonas Mekas sem er kallaður guðfaðir bandaríska framúrsteftunubiosins og nokkrir aðrir kvikmyndagerðarmenn fá sér umræður, einnig verður þema eins panelisins Konur og kvikmyndagerð.

■ **Sergei Loznitsa** verður föstudaginn 28. september kl. 13.00 í Norræna húsinu. Í meistaraspjalli sínu einblinir Sergei Loznitsa á hvernig mörkin á milli skáldskapar og veruleika eru óðum að þurrkast út á tímum falsfrétta og síðsannleika. Til hljóðsonar hefur hann nýjustu mynd sína, Donbass, sem jafnframt er opnunarmynd RIFF í ár.

■ **Jonas Mekas** verður fimmtudaginn 4.

október kl. 13.00 í Norræna húsinu. ■ **Laila Pakalnina** verður fimmtudaginn 4. október kl. 14.45 í Norræna húsinu. Stefnuþót við athugunarbíó Lailu Pakalnina í samstarfi við kvikmyndasmiðjuna RIFF Talent Lab.



Hægt er að kaupa sér hátíðarpassa sem veitir aðgang að öllum sýningum hátíðarinnar. Einnig er hægt að kaupa klippikort sem gildir fyrir átta sýningar og staka miða. Miðasala fer fram á tix.is.

## Um helgina



### Veikir bangsar fá aðstoð

Á morgun geta börn komið með veika bangsa og dúkkur til aðhlýnningar á Bangsaspítalann á Barnaspítala Hringisins.

Bangsaspítalinn fer þannig fram að öllum börnum ásamt foreldrum eða forráðamönnum er boðið að koma með veika eða slasaða bangsa í heimsókn til læknis, en fyrsta árs læknemálar fara með hlutverk læknisins.



### Fagri Blakkur á Spotify

Tónlistarmaðurinn Logi Pedro sendi frá sér stuttstíffuna Fagri Blakkur á Spotify, á plötunni er að finna lögín Fuðri upp og Reykjavík en í því syngur Logi til ungs sonar síns.



### Myndlistarmessa í Vesturbænum

Sýning myndlistarkonunnar Siguu Bjargar, Blettur, verður opnuð á Torginu í Nes Kirkju. Verkin verða til umfjöllunar í predikun og í framhaldi af messunni verður sýningin formlega opnuð. Messan hefst klukkan 11 og sýningin verður opnuð 12.30.



### Gera allt vitlaust í London

Íslenska bandið The Post Performance Blues Band er á túr í London og spilar á fernum tónleikum, þar af tvennum þessa helgi. „Við fundum á okkur að London væri tilbúin fyrir The Post Performance Blues Band," segir leikkonan Álfrún Helga Örnólfsdóttir, um útrásina til stórborgarinnar.

„Við viljum verða heimsþekktar af því að við þurfum áhorfendur til að lifa af og þeir þurfa okkur til að hjálpa sér við að takast á við spennuflöð hversdagsins. Við sérhæfum okkur nefnilega í vonbrigðum," segir Álfrún Helga um tilgang sveitarinnar sem annars skípa ásamt henni Hrefna Lind Lárusdóttir, Guðrún Heiður Ísaksdóttir og Saga Sigurðardóttir.

# Hvert er þitt uppáhald?



**NÚJAR**  
**ENDURLOKANLEGAR UMBÚÐIR**

  
NÓI SÍRÍUS

Ólöf  
Skaftadóttir  
olof@frettabladid.is



**E**f ég lit á sjálfan mig og það sem ég upplifði á þessum árum, þá hugsaði ég aldrei að eftir tíu eða tuttugu ár myndi lifið breytast og verða einhvern veginn allt, allt öðruvísi. Alla vanliðan upplifði ég varanlega og allar tilfinningar svo sterkar. Að svona myndi mér alltaf liða. Eftir því sem maður eldist þá breytist tímaskynjun manns og ein vika, sem manni fannst heila eilífið að liða í ungðæmi sínu, liður hjá á sekundubroti, að manni finnst.

Ég held, og get að minnsta kosti sagt um mig sjálfan, að þegar tímaskynjunin er svona og manni finnst núð eilífi, þá geti maður upplifað sig fastan í einhverjum tilfinningum, hvort sem það er ástargsorg eða vanliðan eða hvað það er. Þú verður fyrir áfalli og séro ekki út. Séro ekki að þetta getur liðið hjá. Og það eru krakkar að falla fyrir eigin hendi og við verðum að gera eitthvað í því,“ segir Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna. Honum eru hugleikin um þessar mundir þau mál sem hafa undanfarið verið í brennidepli og varða sjálfsvíg ungmenna. Nýleg skýrsla Landlæknis leiddi í ljós að af 10.539 nemendum í framhaldsskóla höfðu 963 gert tilraun til sjálfsvígs árið 2016.

„Hér sit ég, og er að leggja eitt-hvert miðaldra mat á tilfinningar mínar sem ungs manns. Og ég er ekkert viss um hvernig ég hefði tekið því þá, en því fleiri sem átta sig á því að það má tala um allt, ekki kannski við alla, en við einhvern, þá er ég sannfærður um að færi finna sig knúna til að fara þessa leið. Það er svo dýrmætt að eiga einhvern sem maður getur talað við. Sjálfur gat ég aldrei talað um tilfinningar fyrr en ég var orðinn rígfullorðinn. Ég gekkst einfaldlega upp í því að vera harði gaurinn. Það var alltaf allt fint að fréttu af mér.“

#### Lokaði á tilfinningarnar

Kolbeinn hefur persónulega reynslu af sjálfsskaðandi hegðun sem hófst á yngri árum og á að baki nokkrar sjálfsvígstilraunir. Sjálfur rekur hann það til áfalla sem hann varð fyrir sem ungur maður og vann ekki úr. Ræddi ekki einu sinni um. Andlát föður hans, Óttars Proppé, fyrrverandi bæjarstjóra, tók mikið á Kolbein.

„Ég er um tuttugu ára aldurinn þegar pabbi fær krabba og hann fer á um níu mánuðum. Ég tala ennþá ofsalega sjaldan um þetta. En ég er þarna útskrifaður úr menntó, að vinna í sandblestri og í hljómsveit. Við spiluðum allar helgar og það var alveg ógeðslega gaman að vera til. Engar áhyggjur, aldrei einu sinni hugsaði til morgundagsins, hvað þá lengra. Ég fer einhvern veginn í þessum takti í gegnum veikindi pabba,“ útskýrir Kolbeinn sem segist ekki hafa haft þroska eða getu til þess að setja alvarleika veikinda föður síns niður fyrir sjálfum sér.

„Ég var ekkert endilega að hegða mér eins og sonur manns sem var að kveðja. Ég var bara fastur í mínu. Kvöldið áður en hann kveður þá erum við að hita upp fyrir Síðan skein sól í Keflavík, ég kem, of seint, inn á spítalann morguninn eftir. Við komum inn til að kveðja hann og ég man að ég gekk út, út á svalir, grét þar aðeins og svo bara einhvern veginn: Jæja, nú geng ég í þetta máli. Síðan hef ég ekki grátið hann ofullur,“ segir Kolbeinn og lýsir því hvernig hann gekkst upp í því að fara strax í að gera það sem gera þurfti.

„Ég fór strax að hringja í þau sem komu til að kveðja hann á sjúkrahúsinu. Svo einbeitti ég mér bara að því að hjálpa til við jarðarförina, að hafa nóg að gera. Bara að þurfa ekki að horfast í augu við það að hann væri farinn. Þarna loka ég strax á eðlilegar tilfinningar og sorg, nokkuð sem fylgdi mér lengi.“



Kolbeinn var ungur maður þegar hann missti föður sinn. Missirinn hafði mikil áhrif á hann. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

# Karlmennskan varð Kolbeini næstum að bana

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**, þingmaður Vinstri grænna, segir beinlínis stórhættulegt að gangast upp í hugmyndum um karlmennsku. Hann glímdi lengi vel við vanliðan en fannst hann ekki geta talað um tilfinningar sínar. Vanliðanin leiddi til sjálfsskaðandi hegðunar og nokkurra tilrauna til að svipta sig lífi. Hann undirstrikar mikilvægi þess að geta rætt um alla skapaða hluti.



**ÞEGAR ÉG STAKK HNÍF Í  
MAGANN Á MÉR, ÞÁ VAR ÉG  
MÆTTUR Í VINNU ÞAR-  
NÆSTA DAG. ÉG FÓR EKKI  
EINU SINNI UPP Á SPÍT-  
ALA, SEM MAÐUR Á VÍST  
AÐ GERA EF MAÐUR ER  
STUNGINN MEÐ HNÍF. ÉG  
BATT UM ÞETTA SJÁLFUR  
OG MÆTTI Í VINNUNA.**

#### Enn harðari

Kolbeinn segir þetta tímabil í lífi sínu hafa verið sér ofarlega í huga undanfarið. „Ég er þarna næstu árin að reyna að dila við þetta. Ég man eftir að hafa fundist það verst í heiminum þegar ég þurfti að ræða þetta við einhvern. Það var fullt af fólki sem vildi hjálpa mér og ræða við mig um þetta, en ég bara gat það ekki. Ég lokaði á allt. Fólk var að reyna að sýna stuðning og áhuga og spyrja hvernig maður hefði það og það varð bara áreiti. Ég varð pirraður og enn harðari og festist í vitahring.“

Hann segir mikilvægast af öllu að komast út úr þessum vitahring. Byrjunin sé að ræða reynslu sína. „Það læknar ekki allt, en bara það að vera ekki einn að burðast með hlutina og upplifa sig einan heiminum. Að einangra sig gerir allt verra. Þess vegna er svo mikilvægt og gott að í dag séu krakkar hvattir til að ræða um hlutina. Þess vegna vil ég ræða þetta í dag. Ég las umfjöllunina um þessa sjálfsvígstíðni ungmenna og ég tengdi svo við þessa tilfinningu sem þar var lýst, að krakkar lokuðu sig af. Hún er svo hættuleg.“

En ef þú rýfur þennan vitahring og tekur á hlutunum þá er vanliðan kannski bara stutt skeið í lífinu. Svo bara heldur þú áfram með þitt líf. Í dag er ég á allt öðrum stað. Ég hefði getað komist þangað fyrr ef ég hefði bara talað. Það eina sem mér fannst gott að heyra á þessum tíma var þegar fólk kom upp að mér og sagði mér hvað því hafði fundist ég vera sterkur í kringum dauða föður míns. En að ræða hvernig mér liði – það fannst mér ekki hægt. Mér fannst enginn geta skilið það. Ég er viss um að þetta fylgdi mér í mörg ár, kannski gerir það það enn, þegar kemur að tilfinningum í nánum samskiptum. Það er einhver heimill.“

#### Flóknar verur

Kolbeinn er fæddur í desember 1972. Hann var ári á undan í skóla og fæddur seint á árinu, svo hann umgekkst mestmegnis eldri krakka. Hann byrjaði ungur að vinna verkamannavinnu. „Ég var 12 ára gamall byrjaður að vinna í frystihúsinu á Siglufirði. Þar átti maður bara að vera harður og fullorðinn. Ég var alltaf að sýna mig fyrir eldri strákunum. Ég fór svo 17 ára á sjó og ég man alltaf eftir að hafa verið að rembast við að sýna öllum að ég réði við hlutina,“ segir Kolbeinn.

#### Með kassann úti?

Kolbeinn hlær. „Með kassann úti! Auðvitað á maður að fara varlega í það að yfirfæra eigin reynslu yfir á alla aðra en ég tengi að minnsta kosti við það þegar verið er að tala um þessar brengluðu hugmyndir um karlmennsku. Þetta er svo ríkt í mér. Því ég get horft á vini mína og fundist ekkert eðlilegra í heiminum en að þeim liði illa. Ég get tekið utan um þá og sýnt samkennd, ekkert vandamál. En ekki þegar kemur að mér. Ekki að ræða það. En þetta hlutverk harða naglans, það er beinlínis lífshættulegt hlutverk. Það er

ekki hægt að ítreka það nóg hvað það er ofboðslega mikilvægt að tala við einhvern. Við erum manneskjur og því fylgir velliðan og líka vanliðan. Við erum flóknar verur og það er ekkert til að skammast sín fyrir að geta ekki ráðið við sumt. Lífið er flókið og við þurfum að geta rætt það við einhvern.

Svo er það bara þannig með tilfinningar að ef maður lokar á þær og bælar þær niður þá gjösa þær upp einhvern tíma. Þær éta mann að innan og maður getur ekki haldið þeim niðri. Og þær fylgja manni,“ lýsir Kolbeinn. Hann segir tilfinningar sínar stundum hafa brotist út á fyllirium, þegar allar varnir voru niðri.

#### Allur út í örum

„Svo man ég þegar þetta heltók mig. Þá fór ég að fara inn í tímabil sjálfsskaða. Ég er farinn að skera í mig, ég er allur út í örum á höndunum. Ég var beinlínis að reyna að finna eitthvað til. Finna eitthvað, mér var eiginlega alveg sama hvað, þegar manni líður svona þá verður maður alveg dofinn. Það ágerðist. Svo komu þessar stundir. Stundir þar sem ég hugsaði: Ég bara meika þetta ekki. Ég get þetta líf bara ekki lengur.“

Kolbeinn lýsir nokkrum tilraunum til sjálfsvigs. Hann hefur gengið í sjóinn og hætt við, rétt getað náð upp úr aftur. Skorið sig, Stungið sig í magann. Stungið hnif í gegnum púða og stokkið á hann. Hann lýsir því hvernig engin tilraunanna hafi verið útpæld. Raunar hafi þetta verið þörf sem heltók hann. Hann langaði ekki að vakna aftur á morgun.

„Og svona var þetta. Þegar ég stak hnif í magann á mér, þá var ég mættur í vinnu þarnaest dag. Ég fór ekki einu sinni upp á spítala, sem maður á vist að gera ef maður er stunginn með hnif. Ég batt um þetta sjálfur og mætti í vinnuna.“

Í tvö skipti þurfti þó inngríp lækna. Í annað skiptið hafði Kolbeinn gengið í sjóinn, en hætt við. „Það var vetur og ég var í þungum Mokka-jakka. Ég óð út í, en hætti svo við. Þá var allt orðið svo blautt og þungt að ég ætlaði ekki að komast upp úr. Það endaði þannig að ég var færður á sjúkrahús og var með snert af ofkælingu og auðvitað ansi hvekkur. Þar tók hins vegar leikritið við, kassinn fór út og það var allt í lagi með mig og ég gekk út af spítalanum skómmu síðar á engu betri stað en áður. Bara búinn að ákveða að byrgja þetta inni eins og annað.“



#### LÍFIÐ ER

#### FLÓKID OG

#### VIÐ ÞURFUM

#### AÐ GETA

#### RÆTT ÞAÐ

#### VIÐ EIN-

#### HVERN.

**Opnast á alla vanliðan**  
Síðasta tilraun Kolbeins til að stytta sér aldur var sjóferðin, en þá var hann rúmlega þriðtugur. „Þetta fylgdi mér bara

allt saman. Því það gerast reglulega hlutir sem valda þér vanliðan. Þá opnast á þetta allt saman. Fólk er að takast á við sambandsslit eða hvað sem er. Þá er eins og þú sért ekki bara að takast á við þetta einangraða tilvik, heldur opnast á alla þessa innbyggðu vanliðan. Og maður verður aftur tvítugur. Litli Kolbeinn sem missti pabba sinn og ætlaði ekki að láta neinn sjá sig gráta,“ segir Kolbeinn.

Hann segist fyrst hafa hætt að „berast með lífinu“ þegar hann fór að vinna í sér. „Ég upplifði það að minnsta kosti að þegar maður burðast með svona vanliðan þá dregur það úr allri framtakssemi, allri löngun til þess að gera eitthvað. Ég held að það sé dálítið algengt. Að fólk hugsar með sér að það sé fast einhvers staðar, í óhamingjusömu sambandi eða í starfi sem það vill ekki vera í. En það þarf bara að byrja ein-



Kolbeinn reyndi nokkrum sinnum að svipta sig lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

hvers staðar. Byrja á því að tala, hvers vegna líður okkur illa? Og vinna í því. Þá er maður betur í stakk búinn til að taka ákvarðanir um lífið. Það er svo auðvelt í þessari stöðu að berast með lífinu, vera óhamingjusamur með allar sínar kringumstæður en orka einhvern veginn ekki að gera neitt í því. Það er hins vegar hægt að rjúfa vitahringinn.“

#### Með kassann úti

Það er Kolbeini hjartans mál að menningin í kringum karlmennskuna breyttist. Hann segir alla umræðu hjálpa til. „Þess vegna er ég líka hér að tala við þig. Ef það er einhver einn þarna úti sem les þetta

og skynjar hvað það er ofboðslega mikilvægt að tala við einhvern, þá er það þess virði að ég sitji hérna á nálum að tala við þig, stressaðri en ég hef nokkurn tímann verið. Þegar ég fór að vinna í sjálfum mér, ég hætti að drekka og svona, þá var stóra breytingin sú að ég gat rætt um hlutina. Kannski er enn stærri breyting sú að ég get fundið hvernig mér líður og greint á milli tilfinninga. Þetta er ekki bara óaðskiljanleg flækja nýrra og gamalla tilfinninga og sárindur og ég þarf ekki að beina vanliðaninni í líkamlega sárið til að fá útrás. Nú fer ég bara til sálfræðings og spjalla við hann,“ segir Kolbeinn og brosir. „Með kassann úti!“

# Tækni færi

Það eru Tækifæris dagar hjá okkur. Líttu inn og gerðu góð kaup.



SIEMENS

## Kæli- og frystiskápur, iQ100

Hvítur. Kæli: 215 lítrar. Frystir: 87 lítrar. Grænmetisúffla („freshBox“). „noFrost“ – tækni: Affrysting óþörf. Hljóð: 42 dB. H x b x d: 186 x 60 x 66 sm.

Tækifærisverð: KG 36NNW30

**84.900 kr.**

Fullt verð: 109.900 kr.



BOSCH

## Þvottavél, Serie 6

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hjóllátur og sparneyttinn mótör með 10 ára ábyrgð. Sérkerfi meðal annars: Skyrtur, íþróttafatnaður, mjög stutt kerfi (15 mín.), viðkvæmt/silki, ull o.fl.

Tækifærisverð: WAT 2849BSN

**89.900 kr.**

Fullt verð: 127.900 kr.



Stadler Form

## Rakatæki, Eva

Öflugt, hjóðlætt og stílhreint. Utanliggjandi rakaskynjari sem virkar líka sem fjarstyring. Dimmanleg LED-lýsing. Afköst mest 550 g/klst. Herbergistærð: Allt að 80 m<sup>2</sup>. Fánlegt í hvítu og svörtu.

Tækifærisverð:

**17.900 kr.**

Fullt verð: 23.900 kr.



SIEMENS

## Veggofnar, iQ500

Stórt 71 lítra ofnrými. Kjóthitamælir. Niu hitunaraðgerðir, þar á meðal 3D-heitur blástur. Nákvæm hitastyring 30 - 275° C. Matreiðslutilitögur með 30 sjálfvirkum kerfum. LCD-skjár. Brennslusjálffheinsun.

Tækifærisverð: HB 478GCBOS

Tækifærisverð: HB 478GCWOS

**112.900 kr.**

Fullt verð: 149.900 kr.



SIEMENS

## Spanhelluborð, iQ700

Án ramma með slípuðum framkanti. „flexInduction“-hella: Skynjar stærð ílátsins. Snertisleði. Steikingarskynjari. Tímastillir. Breidd: 59,2 sm.

Tækifærisverð: EX 651FEC1E

**99.900 kr.**

Fullt verð: 129.900 kr.

# SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
www.sminor.is

Opið virka daga frá kl. 8.30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 14.

M FYRIR NÝJUM VÖRUM - ÓTRÚLEG VERÐ

# RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

## ÓTRÚLEG VERÐ!

**30% afsláttur**

Fæst í 4 stærðum

NÚ VERÐ FRÁ: **4.895**

Fæst í nokkrum stærðum

NÚ VERÐ FRÁ: **695**

**30% afsláttur**

Fæst í nokkrum stærðum

NÚ VERÐ FRÁ: **995**

**30% afsláttur**

2 stk.

VERÐ NÚ: **99**

CHEE

VERÐ NÚ: **499**

Kerti

VERÐ NÚ: **299**

3 stk.

VERÐ NÚ: **299**

3 stk.

VERÐ NÚ: **499**

4 stk.

Skotglös

VERÐ NÚ: **399**

Kerti

VERÐ NÚ: **99**

4 stk.

Skotglös

1 STK. **249**

6 STK. **1.000**

KAUPTU FLEIRI OG SPARADU

UM FYRIR NÝJUM VÖRUM - ÓTRÚLEG VERÐ - RÝMUM FYRIR

UM FYRIR NÝJUM VÖRUM - ÓTRÚLEG VERÐ - RÝMUM FYRIR

**50% afsláttur**

FULLT VERÐ: 3.995

**1.995**

**52% afsláttur**

ALLT SETTIÐ FULLT VERÐ: 209.900

**99.950**

ARLINGTON 2JA OG 3JA SÆTA SÓFAR  
Grátt tauáklæði.  
2ja sæta **89.950**  
3ja sæta **119.950**  
Allt settið **209.900** nú **99.950**  
Vnr. 8880002086, 8880002087

FULLT VERÐ: 12.950

**6.995**

**66% afsláttur**

FULLT VERÐ: 2.995

**995**

Sparið **2000**

FULLT VERÐ: 8.995

**6.995**

FULLT VERÐ: 24.950

**14.990**

FULLT VERÐ: 19.950

**9.990**

FULLT VERÐ: 29.950

**19.990**

80x200 cm  
90x200 cm

FULLT VERÐ: 49.950

**24.950**

PLUS  
PÆGINDI & GÆÐI

PLUS B20

Luxury Sleep

120x200 cm

Sparið **40.000**

FULLT VERÐ: 109.950

**69.950**

**RÚMFATA LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

Allt að  
**55%**  
afsláttur



Allt að  
**50%**  
afsláttur



NÚ VERÐ FRÁ:  
**2.995**



VERÐ NÚ:  
**369**



VERÐ NÚ:  
**995**



VERÐ NÚ:  
**499**

VERÐ NÚ:  
**7.995**

VERÐ NÚ:  
**2.995**

VERÐ NÚ:  
**4.995**

1 stk.



1 STK.  
**695**

1 stk.



1 STK.  
**995**

3 stk.



VERÐ NÚ:  
**499**

1 stk.



1 STK.  
**299**

1 stk.



1 STK.  
**299**

VEFVERSLUN

[WWW.RFL.IS](http://WWW.RFL.IS)

OPIÐ ALLAN  
SÓLARHRINGINN

# HELGAR- TILBOÐ

TILBOÐIN GILDA

TIL 23.09.18

Öll sængur-  
verasett og öll lök  
**20-40%\***  
afsláttur

Allar  
vegghillur  
**25%\***  
afsláttur

\*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

\*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM





FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Nú er komin sátt

Í nýrri ljóðabók **Lindu Vilhjálmsdóttur** er fjallað um það hvernig konur fara að því að lifa af. Í viðtali ræðir Linda meðal annars um kynferðislega áreitni sem hún varð fyrir í starfi sem sjúkraliði. Hún segir einnig frá baráttu sinni við sjálfsniðurrif.

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladid.is



S máa letrið er ný ljóðabók eftir Lindu Vilhjálmsdóttur sem líkleg er til að vekja allnokkra athygli, en þar beinir hún sjónum að lífi og hlutskipti kvenna og fjallar um eigin tilfinningar, eins og vanmáttarkennd, á afar opinskaan hátt.

„Ég byrjaði á þessari bók eiginlega algjörlega óvart. Ég var í allt öðrum



**TÖKUM TIL DÆMIS SKRIF-  
IN, ÞAR HEF ÉG ALDREI  
PASSAÐ INN Í NEINA  
RAMMA. ÞAÐ HEFUR  
KOSTAÐ ÓSKAPLEGA TOG-  
STREITU Í MÍNUM EIGIN  
HUGA.**

verkefnum sem voru samt tengd konum og kvenlegri reynslu,“ segir Linda. „Ég var annars vegar að skrifa drög að kvikmyndahandriti með frænku minni, Veru Sölvadóttur, og hins vegar var ég að skrifa smásögur. Svo las ég yfir ljóðahandrit fyrir Margréti Lóu Jónsdóttur, Biðróðin fram undan, sem kom út haustið 2017 og var um allar þessar biðraðir sem fólk fer í þegar verslanir eins og Dunkin' Donuts og Costco eru opnaðar. Mér fundust ljóðin mjög skemmtileg, það var svo mikið líf í þeim og ég hugsaði: Mikið langar mig að skrifa ljóðabók þar sem ég segi bara það sem mig langar til að segja. Ég byrjaði strax því mér fannst mér liggja svo mikið á hjarta. Ég hafði ort tvö ljóð þegar ég skrifaði Forlaginu og sagði: Ég verð örugglega með ljóðabók í haust, hún á að vera bleik með hjarta. Vinnutíllinn var Konan í feðravelðinu, en það leist öllum mjög illa á hann.“

Niðurstaðan var títilinn Smáa letrið og á kápunni er rauðbleikt hjarta. Umfjöllunarefnið er konan í feðravelðinu. „Ljóðabókin fjallar um það hvernig við konur förum að því að lifa af og það að við erum smám saman að komast á þann stað að láta ekki bjóða okkur það lengur að þurfa að hafa svona mikið fyrir lífinu,“ segir Linda.

## Verkefni um konur

Linda segir að umfjöllunarefnið sé henni mikið hjartans mál. „Ég var búin að vera í þessum þælingum og stellingum í nokkurn tíma. Daginn sem Donald Trump var settur í embætti Bandaríkjaforseta tendraðist ég upp og fór svo að horfa á beinar útsendingar frá kvennamarsinum mikla. Ég hlustaði þar á konur sem ég hafði ekkert sérstaklega verið að fylgjast með, eins og Glóriu Steinem. Mér fannst þessar konur mjög flottar og fór að kynna mér betur hvað þær höfðu haft til málanna að leggja í rúmlega hálfa öld. Frá þeim tíma hafa öll mín verkefni fjallað um konur, líf okkar, hvað við höfum þurft að leggja á okkur og hvert við erum komnar.“

Í fyrravetur gerði ég fjóra útvarpsþætti, Píkuskraeki, með Veru frænku minni, sem fluttir voru á RÚV. Þar voru viðtöl við átta konur á öllum aldri og úr öllum stéttum þar sem þær voru að rekja hvernig þær hefðu sætt sig við hlutskipti sitt og ekki verið meðvitaðar um misréttið sem þær urðu fyrir. Í sumum tilfellum var ekki einungis um misrétti að ræða heldur einnig ofbeldi. Konurnar höfðu hins vegar verið að vakna til vitundar um þetta síðustu ár og sérstaklega í kjölfar Metoo-byltingarinnar.“

## Áreitni valdamikilla karla

Linda segist hafa séð hluti í nýju ljósi þegar hún las ítarlega umfjöllun um kvikmyndaframleiðandann Harvey Weinstein og áskanir á hendur honum um nauðaganir og grófa kynferðislega áreitni. „Þá gerði ég mér grein fyrir því að ég hafði sjálf marg-oft orðið fyrir alls konar kynferðislegri áreitni. Það sem varð til þess að opna augu mín voru frásagnir þeirra kvenna sem slupu með skrekkin, þeirra sem höfðu flúið af vettvangi og ekki látið bjóða sér þetta. Það að einstaklingur skuli stöðugt þurfa að upplifa hluti eins og þessa flokkast sem mjög mikið áreiti.“

Linda er lærður sjúkraliði. „Ég byrjaði átján ára gömul að vinna



inni á spítólunum. Alla þá tíð sem ég var þar varð ég fyrir mikilli kynferðislegri áreitni, aðallega frá sjúklingum. Ég var líka að vinna við heimahjúkrun og þar var ég ein með kórlum. Sem sjúkraliði var ég alltaf að eiga við fólk á viðkvæmum stöðum, bæði það og þvo því að neðan. Þegar ég fór að hugsa um þetta eftir á þá voru þeir karlmenn sem gengu hvað lengst í áreitni karlar í valdastöðum. Þeir gáfu sig ekki heldur héldu áreitninni áfram og fannst mjög sjálfsgaet að fá sitt fram. Hinir létu sér fremur segjast þegar maður brást við. Þessir gerðu það ekki. Þrír karlar hafa setið í mér alla tíð og það eru karlar sem höfðu haft töluverna völd.“ Linda segist ekki vilja nefna nöfn þeirra: „Ég hef heitið sjálfri mér því og þeir eru allir látnir.“

#### Andstaða við breytingar

Þótt Smáa letríð fjalli að langstærstum hluta um konur koma karlmenn mjög við sögu í þriðja hluta bókarinnar þar sem er fjallað um uppreist æru og Valhöll er oftar en einu sinni nefnd. „Þegar uppreist æru-málið kom upp og Höfum hátt-höpurinn var í sviðsljósinu urðu þessi ljóð til. Mér fannst nauðsynlegt að þar væri einhvers staðar tenging inn í samtímann sem hefði líka viðari skírskotun. Þar liggur Valhöll vel við höggi, því hún hefur víða skírskotun, ekki bara í hinum íslenska nútíma heldur í trúarbrögðum og guðatali.

Þessi þriðji hluti bókarinnar tengist kaflanum á undan þar sem eru stutt ljóð, eins og:

*stundum liður mér  
eins og sild í tunnu*

*og stundum  
eins og þorskgildi í gjafakvóta.*



#### ÞEGAR ÉG FÓR AÐ HUGSA

#### UM ÞETTA EFTIR Á ÞÁ

#### VORU ÞEIR KARLMENN

#### SEM GENGU HVAD LENGST

#### Í ÁREITNI KARLAR Í

#### VALDASTÖÐUM. ÞEIR GÁFU

#### SIG EKKI HELDUR HÉLDU

#### ÁREITNINI ÁFRAM OG

#### FANST MJÖG SJÁLFSAGT

#### AÐ FÁ SITT FRAM.

Þau ljóð eru dæmi um liðan mína og örugglega margra annarra kvenna í samfélagi sem við erum ekki sáttar við. Þetta er samfélag sem hefur verið búið til handa okkur og við þurfum að lifa og hrærast í. Við eigum mjög erfitt með að breyta því þar sem það er svo mikil mótspyrna og andstaða við allar breytingar. Tökin herðast í hvert skipti sem við förum eitthvað að hreyfa okkur. Þessi þriðji kafla fjallar um þessi tók sem verða æ harðari og þéttari og hvernig feðraveldið gengur alltaf lengra og lengra. Þótt konur, og þeir karlar sem eru ekki hrifnir af feðraveldinu, risi upp gegn þessu í meira mæli en áður þá hefur feðraveldið alltaf töl og hagldir. Því tekst alltaf að hreinsa sig og risa upp aftur.“



„Mér hafði aldrei fundist ég vera nógu góð, heldur ömurleg og ómöguleg.“ FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

#### Barátta við sjálfniðurrif

Í bókinni er Linda einkar opinská varðandi eigin tilfinningar og fjallar meðal annars um vanmáttarkennnd. „Ég lagði upp með að vera opinská um sjálfa mig. Það kostaði mikla baráttu að taka á sjálfniðurrifi sem ég uppgötvaði að hefði verið rödd í höfðinu á mér frá barnæsku. Mér hafði aldrei fundist ég vera nógu góð, heldur ömurleg og ómöguleg. Ég málaði mig margoft út í horn og þá loks reis ég upp og sagði: Ég skal sýna fólk að það er eitthvað í mig spunníð þrátt fyrir allt. Ég skammaði mig áfram. Ég fór rækilega í gegnum allt þetta á síðastliðnum fimm árum og er komin á mjög góðan stað. Ég er búin að sættast við sjálfa mig.“

Mér finnst það vel þess virði að

tala um það hvernig mér hefur tekist að breyta lífi mínu þannig að ég er orðin sátt. Þannig get ég kannski á einhvern hátt hjálpað öðrum konum.“

#### Aldrei passað inn í ramma

Ljóð í bókinni fjalla um konurnar í ættinni og æsku hennar sjálfar. „Ég fer þar í gegnum æsku mína og líf og fjalla um sjálfniðurrif og feðraveldið sem hefur sett mark sitt á mig alla tíð. Þar var ég að berjast við ósýnilegar reglur og ósýnileg öfl og ramma sem var ætlast til að ég héldi mig inni í.“

Tökum til dæmis skrifin, þar hefur ég aldrei passað inn í neina ramma. Það hefur kostað oskaplega togstreitu í mínum eigin huga. Það hefur líka hamlað mér gríðarlega af

því mér fannst ég aldrei vera að gera eitthvað nógu merkilegt. Svo hef ég reynt að þvinga mig í þær stellingar að skrifa eitthvað sem fellur í kramið eins og skáldsögur, en það er ekki mitt form. Það hentar mér alls ekki og þá virka ég ekki. Þetta hefur gert að verkum að ég var ósátt við sjálfa mig árum saman, var í sjálfniðurrifi sem endaði iðulega í miklu þunglyndi. Að skrifa er það sem ég geri best og það sem mig langar til að gera. Þegar ég svik hæfileika mína og leyfi þeim ekki að blómstra þá liður mér verulega illa.

Nú er komin sátt. Það er líka mikill munur að geta treyst því að ég hafi eitthvað að segja. Núna veit ég fyrir vist að ég hef alltaf haft eitthvað að segja.“



Málþing málefnaþóps ÖBÍ um kjaramál  
**Grand hótel 26. sept. kl. 13-16.30**  
í Háteigi á 4. hæð

## Frá stjórnarskrá til veruleika

### Réttarvernd fatlaðs fólks í dómskerfinu - Framfærsla fatlaðs fólks í breyttu kerfi - Reynslan af kerfisbreytingu í Danmörku

Fundarstjóri: Ingveldur Jónsdóttir formaður málefnaþóps ÖBÍ um aðgengismál

#### DAGSKRÁ

- Ávarp Þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður ÖBÍ
- Réttarvernd fatlaðs fólks - þróun í íslenskri réttarframkvæmd Sigurlaug Soffía Friðbjófsdóttir lögfræðingur
- Er fleira fatlað fólk á vinnumarkaði eftir kerfisbreytingar í Danmörku eða hefur einungis verið dregið úr rétti fólks til félagslegrar verndar? Lars Midtiby framkvæmdastjóri Danske Handicaporganisationer [systursamtaka ÖBÍ í Danmörku]. Erindið verður flutt á ensku og heitir: The Danish Reforms: More people with disability on the labour market or just less social security?
- Fulltrúar í samráðshópi um breytt framfærslukerfi svara spurningum málefnaþóps ÖBÍ Pallborðsumræður
- Lokaorð Rósa María Hjörvar formaður málefnaþóps ÖBÍ um kjaramál

Aðgangur ókeypis

Skráning á málþingið er á heimasíðu ÖBÍ: [www.obi.is](http://www.obi.is)

Rit- og táknmálstúlkun í boði

ALLIR VELKOMNIR - FJÓLMENNUM OG SÝNUM SAMSTÖÐU!



- EKKERT UM OKKUR ÁN OKKAR!



Rýmingarsala bókaútgefenda í **Holtagörðum**

Allt að

**90%**  
**AFSLÁTTUR**

Opnunartími 10-18  
alla daga vikunnar

BÆKUR  
FRÁ  
99 KR.


ALLIR SEM  
VERSLA  
FÁ BÓK  
AÐ GJÖF



30  
hættulegustu  
dýrin  
Verð: 1499 kr.



Sveitasæla  
Verð: 490 kr.



Náttúran  
Verð: 2990 kr.



Fjallaland  
Verð: 2490 kr.



Bækurnar um  
Randalín  
og Munda  
Verð: 490 kr.  
hvor bók



Heiða  
Verð: 999 kr.



13 skrýtnir  
jólasveinar  
Verð: 699 kr.



Heilsujurta-  
bíblían  
Verð: 999 kr.



Mikael Leó Aclipen með verðlaunagripina sem hann fékk fyrir sigur í glímu gegn andstæðingi sínum á móti á Írlandi fyrir í þessum mánuði. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

# Finnur sig best þegar hann er að glíma

**Mikael Leó Aclipen** er ungur og upprænnandi bardagalistamaður með stóra drauma. Hann hóf ungur að nema listina og dreymir um að komast á sama stall og Gunnar Nelson. Mikael elskar að glíma og færir miklar fórnir til þess að ná frama í íþróttagreininni.

Hjörvar Ólafsson  
hjoarvar@frettabladid.is

Mikael Leó Aclipen er ungur og efnilegur bardagalistamaður með háleitt markmið um frama innan bardagalistarinnar. Hann er skýr og greindur strákur sem veit upp á hárt hvert hann stefnir. Það kemur fljótlega upp í hugann að margur er knár þótt hann sé smár þegar maður sér hann framkvæma æfingarútinu sínar. Hreyfingarnar eru fumláusar og greinilega framkvæmdar af bæði hárnákvæmni og af klókum huga.

„Ég byrjaði að æfa bardagalistar þegar barnastarfið hjá Mjólni var nýbyrjað og ég mætti þangað af því að ég sá vídeó af mömmu minni í kynningarmyndbandi hjá Mjólni. Þá

langaði mig mjög mikið að prófa, ég var bara mjög litill, kannski sjö eða átta ára gamall.“ segir Mikael Leó um hvað það var sem kveikti áhuga hans á bardagalistum.

„Hún var í Víkingapreki og ég gat ekki verið með þar, en um leið og það byrjaði glímunámskeið fyrir börn þá mætti ég strax þangað og fannst það mjög gaman. Síðan þá hef ég ekkert hætt og mér finnst þetta ofboðlega skemmtilegt.“ segir hann enn fremur um fyrstu kynni sín af glímu og annars konar bardagalistum.

„Við vorum bara nokkrir strákar fyrst og fáir á mínum aldri að stunda þetta. Þess vegna hef ég vanist því frá upphafi að vera í kringum eldri stráka og glíma við stráka sem eru bæði stærri og öflugri en ég. Með því að gera það öðlaðist ég góða tækni, fótavinnu og lærði að lesa í andstæðinginn og nota klókinni í því sem ég er að gera. Reyna að gera eitthvað og hafa hugsun á bak við það sem ég er að gera. Það hjálpar þér ákveðið langt að hafa náttúrulegan styrk, en þú kemst ekki í fremstu röð nema þú hafir góða tækni og hraða fótavinnu eins og ég hef æft og er orðinn góður í að mínu mati.“ segir hann þegar hann er beðinn um að lýsa eigin styrkleikum í íþróttinni.

„Við erum bara tveir eftir af þeim sem byrjuðu á sínum tíma í þessu og eru jafn gamlir og ég. Mér finnst það allt í lagi þar sem ég tengi betur við þá sem eru nokkrum árum eldri en ég. Mér finnst alveg strákarnir í skólanum skemmtilegir og mér finnst fint í skólanum, en mínir bestu vinir eru í Mjólni og nokkrum árum eldri en ég. Þessi idkun á þessari íþrótt hefur því klárlega gefið mér mjög mikið.“ segir Mikael sem var að hefja nám í tíunda bekk í grunnskóla í haust, en það er ekki að merkja að hann sé einungis 15 ára gamall þegar rætt er við hann, slík er skynsemin og þroskinn.

„Þegar ég var ellefu ára gamall byrjaði ég svo í unglíngatímum og



Mikael Leó er einbeittur þegar hann æfir bardagalistar. FRÉTTABLAÐID/ERNIR



Draumur Mikael Leós er að ná miklum frama í bardagalist. FRÉTTABLAÐID/ERNIR



ÞESSI IDKUN

Á ÞESSARI

ÍÞRÓTT

HEFUR ÞVI

KLÁRLEGA

GEFIÐ MÉR

MJÖG MIKID.



þar er flokkað eftir getu. Fljótlega fór ég að keppa upp fyrir mig eins og ég sagði áðan. Við það að fara upp um flokka og vera að æfa með eldri og betri krökkum þá eignaðist ég mjög góða vini þar. Mér finnst krakkar á mínum aldri oft svoltið óþroskaðir og ég tengi betur við þá sem eldri eru. Það kemur alveg fyrir að ég hitti krakka á mínum aldri sem mér finnst skemmtilegir, en ég ver mestum tíma með eldri krökkum.“ segir þessi öflugri strákur sem leggur líkama og sál í æfingar sínar, enda á hann sér háleita drauma í íþróttinni. Hann hefur aldrei borðað nammi eða drukkið gos og borðar mikinn fisk og það sést vel á líkamsbyggingu hans að hann leggur stund á heilbriggt líferni.

Nýlega fór hann með föður sínum í keppnisferð til Írlands þar sem hann keppti í þyngdarflokki upp fyrir sig í brasilísku jiu jitsu. Hann glimdi þar við andstæðing sem var höfðinu hærri en hann, en lét það ekki á sig fá og fór með sigur af hölmum.

„Það var mjög gaman að fara út og keppa við nýjan andstæðing. Það var líka fint að pabbi var að berjast sjálfur og þá var hann ekki jafn stressaður og hann og mamma verða stundum. Hann náði að dreifa huganum og var líka að hugsa um sinn bardaga.“ segir Mikael um ferðina til Írlands.

„Fyrst æfði ég bara jiu jitsu, sem er bara glíman, um tíu ára aldur fór ég svo að fíkra mig nær MMA, bardaga-íþróttinni, það er að kyla og sparka í púða og læra svona grunnstöður í þeirri íþrótt. Mér finnst skemmtilegast þegar ég fæ að blanda saman hlutum úr glímunni og MMA. Ég get ekki beðið eftir því að verða nógu gamall til þess að fá að keppa af fullum krafti í MMA.“ segir bardagalistamaðurinn með glampa í augum þegar blaðamaður sem er blautur á bak við eyrun á þessu sviði spyr hvernig tröppugangurinn hafi verið hjá honum í bardagalistunum og hvað það sé sem veiti honum mesta ánægju á meðan hann stundar íþrótt sína.

Þann tíma sem blaðamaður ver í glæsilegum húskynnum Mjólnis á Flugvallarvegi í Óskjuhlíð sést glöggst hversu vinsamleg stemming er á meðal þeirra sem æfa þar þrátt fyrir að menn séu komnir til þess að taka hver á öðrum.

Stranger reglur gilda um hvernig þeir sem æfa jiu jitsu og MMA nota það sem þeim er kennt innan veggja Mjólnis og er það skilyrði þess að heimilt sé að æfa þar að bardagalistin sé einungis notuð í æfingum, keppni eða í sjálfsvörn.

Eftir að viðtalinu lýkur spjóspar Gunnar Nelson, fremsti MMA bardagamaður Íslands, um ganga Mjólnis, en Mikael Leó er þá nýbúinn að nefna það í samtali við blaðamann að hann sé einn þriggja glímumanna sem hann litur upp til.

Þeir kumpánar heilsast eins og perluvinir, eins og raunar allflestir sem spássera um gangana í þessu fallega laugardagshádegi. Þetta virkar eins og ein stór og þétt fjölskylda sem er að hittast í vel heppnuðu fjölskylduboði. Framtíðarsýn Mikael Leós hvað bardagalistina varðar er skýr og markmiðin ljós í hans huga.

„Minn draumur er að komast jafn langt og Gunnar, Conor [McGregor] og Demetrious [Johnson]. Vonandi

tekst mér að feta í fotspor þeirra. Ég mun allvega gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að svo verði. Næsta verkefni mitt er hins vegar Íslandsmeistararmótið í jiu jitsu sem er fljótlega og einbeitingin er þar þessa stundina. Svo fer ég vonandi í fleiri ferðir til útlanda á næstunni.“ segir Mikael dreyminn um framtíðina og vonandi rætist framtíðarsýnin.

# Efni árin

LAUGARDAGUR 22. SEPTEMBER 2018

Kynningar: Rekstrarland, Sóltún Heima, Öryggismiðstöð Íslands, Ultra Macular



## Lífsspursmál að halda sér á hreyfingu

Guðrún Erla Björgvinsdóttir hætti að vinna fyrir fimm árum, þá sjötug að aldri. Hún hefur haft í nógu að snúast síðan enda afar virk í félagsstarfi auk þess sem hún stundar reglulega hreyfingu, þá sér í lagi dans. Á síðasta ári skráði hún sig í Zumba og finnst afskaplega gaman þó að stundum geti verið flókið að læra sporin.

Sólveig  
Gísladóttir  
solveig@frettabladid.is



Guðrún Erla hefur stundað hreyfingu allt sitt líf, en mest heldur hún upp á dansinn. Hún byrjaði sem stelpa í ballett, stundaði lengi leikfimi, jóga og sundleikfimi en síðustu tíu árin hefur hún mætt í samkvæmisdansa á sunnudagskvöldum hjá Eldri borgurum í Stangarhyl.

„Mér finnst algert lífsspursmál að halda sér á hreyfingu og vera virkur. Dansinn veitir mér ekki bara hreyfingu heldur líka mikla ánægju og félagskap. Maður getur ekki annað en verið í góðu skapi þegar maður dansar, og ef maður mætir í leiðu skapi er maður eftir smástund búinn að gleyma því.“

Áttatíu til hundrað manns mæta í samkvæmisdansa hvert sunnudagskvöld og mikill og góður vinskapur ríkir milli fastagestanna. Guðrún á sjálf dansfélaga sem hún hefur dansað við í nokkur ár og þau, ásamt fleirum, hafa þrætt þá dansleiki sem boðið er upp á bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Að auki hefur Guðrún stundað dans með Þjóðdansafélaginu. En hvaða dans er skemmtilegastur? „Mér finnst gömlu dansarnir skemmtilegastir, vals, polka og skottis.“ segir Guðrún sem langaði að hreyfa sig enn meira og skráði sig því á Zumba Gold námskeið á vegum Félags eldri borgara á síðasta ári.

### Zumba virkjar heilann

„Zumba er ekki bara góð hreyfing heldur reynir líka á heilann. Hún Tanya Dimitrova frá Búlgaríu sér um námskeiðið og hún er ofsalega skemmtileg. Hún leggur miknið upp úr því að við séum alltaf að gera eitthvað nýtt og læra nýja dansa til að halda heilastarfseminni virkri. Það er heilmikill hraði í þessu og reynir á en það er mesta furða hvað mér gengur að læra sporin, kannski af því ég hef svo góða þjálfun í dansi,“ segir hún glaðlega. Nokkuð margar konur hafa stundað Zumba í mörg ár. „Það er af því að þær finna hvað þær halda sér í góðu formi og hvað þetta er skemmtilegt. Við erum meðal annars að dansa við ABBA og gríska Zorba-tónlist og það veitir manni svo mikla gleði.“

### Gott að ráða eigin starfslokum

Guðrún starfaði í mörg ár sem aðstoðarskólalastjóri við Engjaskóla í Garfarvogi. Hún hætti að vinna árið 2013 þá sjötug að aldri. „Auðvitað voru þetta ákveðin viðbrögð en ég var vel undirbúin. Ég mátti fara á eftirlaun 65 ára en ég kaus að



Guðrún Erla hefur í nógu að snúast alla daga enda er hún mjög virk í félagsstörfum auk þess sem hún hreyfir sig regulega. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Zumba Gold er námskeið á vegum Félags eldri borgara.



Tanya Dimitrova er kennari Zumbahöpsins og sér um að aldrei sé dauður punktur á æfingum.

vinna áfram og var orðin alveg tilbúin þegar að því kom. Mér fannst það geysilega mikill kostur að fá að velja sjálf þann tíma sem ég hætti.“

Guðrún naut starfsins afar vel. „Það er ekki hægt að hugsa sér skemmtilegra starf en kennslu og skólastörf. En það er líka mjög ánægjulegt að geta hætt þegar maður kys sjálfur.“ Hún segist ekki sakna þess að vinna enda skorti hana ekki verkefni. „Þegar maður hefur í næstum fjörtíu ár vaknað á ákveðnum tíma til að fara til vinnu þá er nauðsynlegt að vera búinn að skipuleggja sig til að hafa nóg að gera. Ég er áfram með fólki úr skólanum í bókaklúbbi. Ég er Soroptimisti og hef starfað miknið með þeim, verið sendifulltrúi og forseti og því töluvert á ferðinni erlendis. Svo er ég í kór og dansa.“

Fjölskyldan nýtur einnig góðs af starfslokum Guðrúnar en hún á tvo syni, tvær tengdadætur og fjögur barnabörn. „Eitt þeirra er fimm ára og ég hef getað sinnt henni heilmikið. Reynndar hef ég líka sinnt hinum barnabörnunum og er svo heppin að tvær þeirra koma til mín einu sinni í viku og borða í hádeginu. Það veitir mér afskaplega mikla ánægju.“

Jólagestir

2018

Björgvins

20. - 22. DESEMBER Í HÖRPU

AUKATÓNLEIKAR 20. DESEMBER

KOMNIR Í SÖLU!

FERNIR TÓNLEIKAR SVO TIL UPPSELDIR

Móasala fer fram á harpa.is/jolagestir og í síma 528 5050

TRYGGDU ÞÉR MIDA Á HARPA.IS/JOLAGESTIR

Þökkun  
stúlklega  
viðstokkva!

# Margir þekkja þvaggleka og til eru lausnir

Fjöldi fólks, bæði yngra og eldra, þekkir þvaggleka. Þetta getur verið óþægilegt vandamál en þó viðráðanlegt ef notaðar eru réttu vörurnar sem henta hverjum og einum. Rekstrarland í Vatnagörðum 10 býður upp á þvaglekavörurnar frá Abena sem þykja bera af í gæðum og úrvali.

Þvaggleki, þó í litlum mæli sé, getur skert lífsgæði fólks og getur verið íþyngjandi í daglegu lífi. Hann er frekar algengur meðal eldra fólks en einskorðast þó alls ekki við þann hóp. Til okkar leitar til dæmis afrekisfólk í íþróttum sem hefur reynt of mikið á þvagblöðruna, fólk sem hefur nýlega farið í aðgerðir eða jafnvel konur sem hafa átt börn. Þvaggleki hefur áhrif á 200 milljónir manns á heimsvísu. Meðganga, fæðing og tíðahvörf eru helstu ástæður fyrir því að konur fái oftast þvaggleka en karlar," segir Ólóf Helgadóttir, sölustjóri Rekstrarlands í Vatnagörðum 10.

## Umhverfisvænni og góðar vörur til daglegra nota

Rekstrarland býður upp á þvaglekavörur frá danska framleiðandanum Abena. „Abena er með eitt mesta vöruúrval af þvaglekabindum og -bleium í heiminum í dag. Hægt er að finna alhlíðalausnir fyrir alla þá sem hafa þvaggleka en bindin fást í mörgum stærðum og gerðum, með mismikilli rakadægni, svo að flestir ef ekki allir ættu að geta fundið lausn sem hentar.“

Abena vörurnar eru allar ofnæmisprófaðar, FSC-merktar en það þýðir að efni sem notað eru í þær koma úr sjálfbærum skógum og flestar þeirra fá vottun Svansins. Abena leggur sig fram við að nýta hráefnin til hins ytrasta og endurvinnur nánast allt sem til fellur í framleiðslunni. „Vörurnar sem við bjóðum upp á í Rekstrarlandi eru framleiddar með öndunar-efni á bakhlíði sem eykur mjög á þægindi notenda. Þær eru mjúkar viðkomu, þægilegar og umfram allt lítt áberandi en það skiptir fólk oft miklu máli. Þá eru þær þægilegar til notkunar dagsdaglega.“ lýsir Ólóf.

## Með samninga við Sí

Rekstrarland er með samning við Sjúkratryggingar Íslands og eru Abena þvaglekavörurnar samþykktar af Sí.

„Læknar og sérfræðingar leggja



Ólóf Helgadóttir stendur hér á milli samstarfskvenna sinna, þeim Dóru Mjöll Hilmarsdóttur sjúkratryggingar og Kristínu Karlsdóttur. MYND/EYÞÓR

## Mikið úrval

Verslunin Rekstrarland býður upp á mjög breitt vöruúrval. Rekstrarland er með umboð fyrir Char-broil og Nilfisk á Íslandi sem dæmi. Þar fæst breitt úrval af hreingerningavörum fyrir heimili og fyrirtæki og gæti fjölbreytileikinn komið á óvart. Sjón er sögu ríkari og því um að gera að renna við í Vatnagörðum 10.

mat á hvert tilvik fyrir sig og sækja þá í mörgum tilvikum um niðurgreiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands. Þá geta einstaklingar fengið vörur sem henta við þvaggleka niðurgreiðdar. Þeir sem hafa fengið heimildina geta leitað beint til Rekstrarlands og fengið aðstoð frá sérfræðingum okkar við val á vöru sem hentar hverjum og einum," segir Ólóf. Sumum finnst vísast

ópæglegt að tala um þetta vandamál en Ólóf segir starfsmenn Rekstrarlands taka afar vel á móti fólk enda þekki það málefnið vel og geti því veitt góð ráð og þar starfar einnig heilbrigðismenntaður starfsmaður. „Það er engin ástæða til að þykja þetta óþægilegt umræðuefni. Fólk getur komið til okkar í verslunina, hér höfum við viðtalsherbergi þar sem fólk getur rætt þessi mál ef það

vill í næði. Einnig er hægt að hringja og fá ráðgjöf simleiðis. Þess má geta að við bjóðum upp á sýnishorn vilji fólk prófa vörurnar okkar.“

## Sent heim að dyrum

Hjúkrunar- og dvalarheimili og einstaklingar kaupa Abena vörurnar frá Rekstrarlandi. „Flestir okkar viðskiptavinir panta hjá okkur reglulega og fá vörurnar sendar, bílstjóri á okkar vegum keyrir þær heim innan höfuðborgarsvæðisins. Fólk úti á landi fær þær sendar heim með postinum sér að kostnaðarlausu sé það með heimild frá sjúkratryggingum fyrir kaupum á þessum vörum.“

Ólóf bendir á að einnig fáið ýmislegt annað í versluninni sem snúi að

persónulegu hreinleiti, þvottafroða, þvottakrem, blautklútar, græðandi krem og margt annað.

## Sérhæfðar lausnir

Úrvalið af þvaglekavörum frá Abena er mikið. „Fólk er afar ánægt með það, enda hentar sumum að eiga nokkrar mismunandi tegundir. Þvaggleki getur verið misjafn eftir tímabilum í lífi fólks og aðstæður eru mismunandi. Ein gerð af bindum hentar kannski heima við en önnur á ferðalögum eða þegar veikindi herja að.“

Ólóf býður alla velkomna í Rekstrarland. „Okkur finnst mikilvægt að vera fagleg og persónuleg og bjóðum upp á sérhæfðar lausnir.“



Abena hjálparvörurnar við þvaggleka eru vandaðar, danska gæðavörur. Alhliða lausnir fyrir alla þá sem glíma við þvaggleka. Sérfræðingar okkar aðstoða við rétt val og veita persónulega og faglega þjónustu. Skírteinishafar geta leitað beint til Rekstrarlands til að fá afgreiðdar Abena þvaglekavörur. Við sjáum um að koma vörunum beint heim til notenda.

OPÍÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17.

SVÖRUM FYRIRSPURNUM FÚSLEGA Í SÍMA 515 1100 EÐA Á [HEILBRIGDI@REKSTRARLAND.IS](mailto:heilbrigdi@rekstrarland.is)

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | [rekstrarland.is](http://rekstrarland.is)



**REKSTRARLAND**



# Aldraðir þurfa aðgang að sálfræðingum

Ýmis andleg vandamál geta fylgt því að eldast, en það er misjafnt hve auðvelt aldraðir eiga með að takast á við þessa vanlíðan. Því er mikilvægt að þeir hafi aðgang að sálfræðiaðstoð ef á þarf að halda.

**A**rnðis Valgarðsdóttir, sálfræðingur hjá Sálfræðingum Höfðabakka, sérhæfir sig í að veita öldruðum sálfræðipjónustu. Hún segir að það sé ýmis andleg vandamál sem geti komið upp á efri árum og það sé misjafnt hversu vel einstaklingar séu í stakk búnir til að takast á við þau. Því geti sálfræðipjónusta reynst þessum hópi sérlega dýrmæt, þó að aldraðir séu oft tregir til að leita sér slíkrar hjálpar.

„Fólk upplifir það að eldast á mjög mismunandi hátt. Með hækkandi aldri, breytingum á samfélagslegri stöðu við starfslok og líkamlegri hrörnun aukast líkur á ýmiss konar sjúkdómum og versnandi heilsufari,“ segir Arnðis. „Veikindum fylgir yfirleitt líkamleg vanlíðan og erfiðar tilfinningar sem birtast oft í formi reiði og þirringis. Þessu fylgja líka oft aðrar neikvæðar tilfinningar eins og þunglyndi, kvíði og vanmáttur, sem geta reynst þeim öldruðu erfiðir fylgifyskir.“

Þegar hjón eldast saman er algengt að það verði hlutskipti annars þeirra að sinna veikum maka



Arnðis Valgarðsdóttir sálfræðingur segir að ýmis andleg vandamál geti fylgt því að eldast og það sé mikilvægt að aldraðir hafi aðgang að sálfræðipjónustu ef á þarf að halda, því hún geti reynst þeim mjög dýrmæt. MYND/ EYFÖR



## Vantar þig aðstoð við athafnir daglegs lífs?

Þá getum við hjá Sinnnum lagt þér lið.

Hikaðu ekki við að leita til okkar ef þig vantar þjónustu við skyldmenn eða sjálfa/n þig.

Aðhlyning, afþreying, böðun, liðveisla og leikhús eða matargerð - við höfum lausnina sem hentar þínum lífsvenjum.

Heyrðu í okkur í síma 519-1400 eða sendu okkur línu á [sinnnum@sinnnum.is](mailto:sinnnum@sinnnum.is)

 **sinnnum**  
heimþjónusta

Ármúla 9 - 108 Reykjavík - Sími 519 1400  
[sinnnum@sinnnum.is](mailto:sinnnum@sinnnum.is) - [www.sinnnum.is](http://www.sinnnum.is)

sínum. Við þær aðstæður breytist staða hjónanna innan hjónabandsins og slíkt getur reynt mjög á sambandið,“ segir Arnðis. „Það getur verið erfitt að takast á við þetta nýja hlutverk og auk þess er algengt að þeim sem þurfa á aðstoðinni að halda finnst erfitt að vera þiggjandi. Þetta getur leitt til andlegrar vanlíðanar hjá þeim báðum.“

### Þunglyndi stundum talið eðlilegt

„Þunglyndi er einn algengasti kvíllinn á Vesturlöndum og mikið heilsufarsvandamál, þar sem því fylgir bæði andleg og líkamleg vanlíðan. Helstu birtingarmyndir þunglyndis eiga jafnt við eldra fólk og yngra,“ segir Arnðis. „Þær eru depurð, grátur, vanlíðan, óskilgreindur kvíði og framtaksleysi. Þeir sem eru þunglyndir bera sig oft illa, eiga erfitt með að finna til ánægju, hafa vantrú á eigin getu, mikla hlutina fyrir sér og missa áhugann á samskiptum við aðra. Þeir upplifa sig gjarnan einskis verða og vanmáttur og vonleysi brýst oft fram sem þirringur og reiði í samskiptum.“

Þunglyndi og einmanaleiki haldast líka oft í hendur og líkamleg einkenni, eins og svefntruflanir, þyngdartap, meltingartruflanir, þreyta og alls kyns verkir geta fylgt þunglyndi,“ segir Arnðis. „Eldra fólk telur gjarnan að þunglyndi sé eðlilegur fylgifyskur þess að eldast og er líklegra til að kvarta yfir líkamlegum kvíllum eða minnisleysi heldur en andlegri vanlíðan.“

### Mikilvægt að þekkja einkenni kvíða

„Kvíði er eðlilegt viðbragð sem við upplifum þegar okkur finnst við ráða illa við þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir,“ segir Arnðis. „Kvíði getur verið gagnlegur og hvatt okkur til dáða en hann getur líka verið hamlandi og er oft mjög óþægilegur.“

Hækkandi aldri fylgja ýmsar breytingar á lífinu sem við erum misvel fallin til að takast á við og algengt er að finna til aukins kvíða. Heilsan lætur undan síga, getan til sjálfsbjargar minnkar og sumir kvíða dauðanum,“ segir Arnðis.

„Meðal einkenna sem fylgja kvíða eru eirðarleysi, þröttleysi, einbeitingarskortur, þirringur, svefntruflanir og vöðvaspenna.“

Sum þessara einkenna geta verið eðlileg afleiðing öldrunar, en það getur skipt miklu máli að greint sé á milli eðlilegra merkja þess að eldast og einkenna kvíða eða annarra sálrænna kvílla,“ segir Arnðis. „Þó getur stundum verið erfitt að aðgreina einkenni kvíða, þunglyndis og heilabilana hjá öldruðum, þar sem einkennin geta verið bæði svipuð og samofin.“

### Öft erfitt að vera aldraður

„Eldra fólk býr oft yfir mikilli sorg eftir lífsreynslu langrar ævi. Erfiðast er að missa börn, maka eða aðra ástvinni, en mörgum finnst starfslokinn líka erfið og að missa hlutverk sitt og samfélagsstöðu,“ segir Arnðis. „Öðrum finnst erfitt að sjá líkamna sinn eldast og finna virkni og þrótt dvína.“

Það er misjafnt hversu vel fólk gengur að takast á við vanlíðan sína. Sumum finnst erfitt að tala um líðan sína eða hafa engan til að tala við og eiga því erfiðara með að vinna úr vanlíðan og sorg,“ segir Arnðis. „Það er líka mjög misjafnt hversu mikið inn sæ eða þekkingu fólk hefur á tilfinningnum sínum og sumir átta sig ekki á hvað það er sem veldur vanlíðaninni.“

Að átta sig á hvað liggur að baki breytingum á líðan getur eitt og sér verið mikilvægt og gerir það auðveldara að ákveða hvernig má takast á við vandann. En eldra fólk leggur oft meiri áherslu á líkamlega heilsu sína en andlega líðan og er oft tregt til að leita til sálfræðinga,“ segir Arnðis. „En ef fólk glimur við heilsufarsvanda, þunglyndi eða kvíða getur það auknið lífsgeðin að fá hjálp sálfræðinga til að takast á við breytta lífssýn.“

Því er ástæða til að benda á að þjónusta sálfræðinga stendur öllum til boða, á hvaða aldri sem fólk er,“ segir Arnðis. „Til að stuðla að góðri líðan á efri árum þarf að tryggja eldra fólk greiðan aðgang að allri heilbrigðisþjónustu og sálfræðipjónusta er mikilvægur hluti af henni.“

# FÓK

LAUGARDAGUR 22. SEPTEMBER 2018

## Helgin



Fyrirlíði nýkrýndra meistara Pepsi-deildar kvenna í fótbolta, Sonný Lára Þráinsdóttir, hóf að æfa mark 19 ára gömul. Hún borðar hafragraut í morgunmat og stefnir á langþráð frí í sólinni fljótlega. ➔4



Guttormur hefur undanfarin 22 ár rekið naprapat-stofu í Madrid þar sem hann hefur uppskorið gott orðspor innan knattspyrnuheimsins. MYND/SIGTRYGGUR ARI

## Kallaður til að meðhöndla leikmann **FC Barcelona**

Íslenskum naprapat, Guttormi Brynjólfssyni, var nýlega flogið til Spánar til að meðhöndla stjórnuleikmann úr knattspyrnuliði Barcelona. ➔2

**H**vernig kom það til að Guttormur var fenginn frá litla Íslandi til að meðhöndla fótboltamann í einu besta liði heims?

„Ég rak eigin naprapat-stofu á Spáni í 22 ár og á þeim tíma náði ég að hjálpa fjölda fólks. Þannig jókst orðspor mitt jafnt og þétt, meðal annars innan knattspyrnuheimsins, og því er stundum hringt í mig þegar í óefni er komið með meiðsl og verki fótboltamanna,“ segir Guttormur, sem einnig hefur meðhöndlað leikmenn úr Liverpool og Real Madrid, svo fátt eitt sé nefnt.

Vegna trúnaðarelds má Guttormur ekki gefa upp nafn fótboltastjörnu Barcelona en blaðamaður getur staðfest að leikmaðurinn er í aðalliði Barcelona og landsliðsmaður í einu af bestu landsliðum heims.

**Hvernig er að vinna með atvinnuþróttamenn í fremstu röð?**

„Þessir einstaklingar eiga vitaskuld allt undir að líkami þeirra virki sem allra best og því er mjög gefandi að vinna með þeim. Maður getur verið viss um að þeir fylgi ráðum manns og svikist ekkert um,“ segir Guttormur og hlær.

**Hvernig stendur á því að stórstjörmur fótboltans leita í þína meðhöndlun?**

„Sem naprapat (e. doctor of naprapathy) býr maður yfir góðri þekkingu á stoð- og taugakerfi líkamans. Heili okkar stjórnar því í raun hvar við erum veik eða sterka fyrir. Min meðhöndlun nýst því ekki bara um að ná þeim verkjálusum heldur einnig að finna og styrkja veikleika (miðtaugakerfi og vöðva) og þar með fyrirbyggja framtíðarmeisli. Ef við líkjum líkamanum við dekk getum við sagt að ég sé að jafnvægisstilla dekkinn svo að þau slitni síður og aksturseginnleikar verði betri,“ útskýrir Guttormur.

**Í hverju fölst meðhöndlunin á leikmanni Barcelona?**

„Það fyrsta sem við gerðum var að greina viðkomandi og í hans tilfelli sá ég minni virkni í vinstra heilahveli. Þegar greining lá fyrir byrjuðum við að vinna með hnykkingar, nudd, styrktar- og jafnvægisæfingar, allt í samræmi við miðtaugakerfið,“ upplýsir Guttormur.

**Meðhöndlarðu þá sem koma til þín í Orkuhúsið á svipaðan hátt?**

„Já, eins og ég sagði er aðalatriðið að greining á miðtaugakerfinu sé rétt. Síðan vinnum við í að styrkja veik svæði með æfingum, hnykkjum, nuddi og fleiru. Það er mikilvægt að vinna í samræmi við „stjórnsöðina“ (miðtaugakerfið), því ef við gerum það ekki mun líkaminn halda áfram að framkalla sömu stoðkerfisvillur, sama hversu oft við hnykkjum, togum og teygjum.“

**Hvernig gengur að samræma vinnu á Spáni og að vera nú búsettur á Íslandi?**

„Það var auðvitað miklu einfaldara að standa í þessu þegar ég var búsettur á Spáni. Þegar maður tekur að sér svona verkefni er ætlast til að maður klári það. Barcelona-verkefnið gekk vel. Ég flaug út sex helgar í röð, en ef svona verkefni dragast á langinn er það fljótt að segja til sín að vera búsettur á Íslandi.“

**Hvaða heilræði átt þú handa íþróttamönnum sem vilja vera í toppformi og ná sem lengst í sinni íþrótt?**

„Mikilvægast af öllu er að þekkinga veikleika sína og halda þeim sterkum. Maður verður í raun aldrei sterkari eða betri en taugakerfið leyfir. Taugakerfið stýrir því meðal annars hvernig við notum stoðkerfi okkar og ef taugakerfið setur til dæmis meiri spennu í hægri bakvöðva mun það með tíð og



Guttormur flutti heim til Íslands á ný árið 2016. Hann reynir enn naprapat-stofu sína í Madrid og nú einnig nýja stofu í Orkuhúsinu. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Alexander Sigurðarson í Breiðabliki hafði gefið upp alla von um bata þegar hann leitaði til Guttorms þar sem hann varð albata á átta vikum. MYND/EYÞÓR

tíma valda skekkjum í stoðkerfinu sem eykur líkur á meiðslum. Að sjálfsöguð mun það svo hafa áhrif á getu okkar eða þess íþróttamenn,“ segir Guttormur.

**Varð albata á 8 vikum**

Alexander Helgi Sigurðarson, miðjumaðurinn knái úr Breiða-

bliki, var á samningi hjá hollenska felaginu AZ Alkmaar þegar hann reif líbband í hné árið 2016.

„Það var til þess að ég þurfti heim að hverfa og það var auðvitað erfið,“ segir Alexander sem eftir bata á hnénu sneri aftur til Breiðabliks en meiddist þá á nára í fyrstu vikunni hjá Blikum.

„Ég glímdi við nárameiðslin í hálf tugi ára. Gekk á milli sjúkrahjálpara og lækna án þess að nokkur fyndi hvað amaði að og fór í skurðaðgerð en án árangurs. Svo var það dag einn að ég sá blaðaviðtal við Guttorm naprapat og ákvað að prófa að fara til hans í meðhöndlun. Það reyndist gæfuspör því Guttormur styrkti það sem þurfti að styrkja, fann veikleika mína, lét mig gera æfingar og lagaði stellingar hjá mér, og við það lagaðist ég. Nú er ég orðinn jafngóður og áður, ef ekki betri, og það sem hrjáði mig er einfaldlega gleymt,“ segir Alexander og þykir árangurinn hjá Guttormi magnaður.

„Ég hefði ekki trúað því fyrirfram að lækning á nárameiðslunum fælist í nýjum hreyfingum og öðruvísi beitingu líkamans. Ég hafði verið svo lengi frá og var farinn að trúa því að ekkert yrði hægt að gera. Svo tók ekki nema átta vikur að verða albata á ný,“ segir Alexander sem er aftur farinn að spila með Breiðabliki og skoraði meira að segja mark í fyrsta leiknum, en Alexander spilaði einnig með U17- og U19-landsliðum Íslands.

„Guttormur bjargaði mér og lagaði svo ég gæti enn og aftur spilað fótbolta. Svo einfalt er það. Ég hvet því allt íþróttafólk til að leita sér bata með naprapat-meðferðum Guttorms og veit að enn fleiri knattspyrnumenn eru nú að nýta sér þessa árangursríku tækni með frábærum árangri.“

**Hnykkir, nuddar og teygir**

Meðhöndlun naprapats felst meðal annars í hnykkjum, meðhöndlun á band- og stoðvefjum, og sérsníðnum æfingum við hvers kyns stoðkerfisvandamálum.

„Bein þýðing á orðinu naprapat er „að leiðrétta orsökina,“ útskýrir Guttormur, en starfsheitið naprapati tilheyrir sænska heilbrigðisferð og hefur starfsgreinin verið löggild í Svíþjóð síðan 1994.

„Þriðji hver Svíi hefur leitað til naprapats með stoðkerfisvandamálum sínum og það hefur gert naprapata að vinsælustu stoðkerfismeðhöndlurum Svíþjóðar.

**”Ef við líkjum líkamanum við dekk getum við sagt að ég sé að jafnvægisstilla dekkinn svo að þau slitni síður og aksturseginnleikarnir verði betri.**

Guttormur Brynjólfsson

Niðurstöður rannsókna í samvinnu við Karolinska-sjúkrahúsið í Stokkhólmi sýndu að naprapat-meðferðir á stoðkerfinu séu með þeim bestu sem völ er á. Þá má einnig benda á niðurstöður rannsókna sem birtist í Clinical Journal of Pain, einu virtasta læknatímariti heims, undir yfirskriftinni „Naprathic manual therapy or evidence-based care for back and neck pain,“ segir Guttormur.

**Með stofur á Spáni og Íslandi**

Guttormur útskrifaðist sem naprapat árið 1996. Eftir útskrift opnaði hann naprapat-stofuna Natt Center í Madrid sem hann starftekur enn. Árið 2016 flutti Guttormur til Íslands og opnaði naprapat-stofu í Orkuhúsinu á Suðurlandsbraut.

„Þar meðhöndla ég ekki bara þá sem eiga við meiðsli eða verki að stríða, heldur einnig þá sem vilja fyrirbyggja stoðkerfisvandamál og hámarka vellíðan. Naprapat býr yfir mikilli þekkingu og tækni til að tryggja að líkaminn virki sem allra best.“

Stofa Guttorms er í Orkuhúsinu, Suðurlandsbraut 34. Sími 625 0011. Frekari upplýsingar á naprapat.is og á Facebook undir Naprapat-Orkuhúsinu. Netfang er info@naprapat.is.

# Léttu lifrinni lífið

Lifrin sinnir yfir 100 mismunandi störfum í líkamanum og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfseminni. Active Liver reynist mörgum vel við að viðhalda heilbrigði lifrarinnar.

Lifrin er stærsti kirtill líkamans, hún gegnir fjölmörgum hlutverkum og er aðal efnaskiptalíffæri líkamans. Í raun er hún efnaverksmiðja sem starfar allan sólarhringinn því án hennar ætti engin brennsla sér stað í líkamanum. Að auki væri blóðrásin ekki eðlileg, hormónabúskapurinn færi úr jafnvægi, óhreinindi myndu safnast í blóðið og ótalmargt fleira færi úr skorðum.

## Hreinsun eitrefna og virkjun D-vítamíns

Í kínverskum lækningum til forna var sagt: „Læknir sem getur stillt af starfsemi lifrarinnar, veit hvernig á að lækna hundrað sjúkdóma.“ Það er gríðarlega mikið til í þessu því hundruð mismunandi starfa eiga sér stað í lifrinni á hverjum degi og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfseminni. Lifrin er því vægast sagt mikilvægt líffæri og enginn getur verið án hennar. Hún stjórnar m.a. efnaskiptum og hreinsar eitrefni og óæskileg efni úr líkamanum.

## Lífsstíll hefur áhrif

Það geta verið margar ástæður fyrir því að lifrin er ekki að virka eins og hún ætti að gera og fjölmargt í lífsstíl okkar sem getur haft áhrif þar á og ytt undir fitusöfnun í lifur sem í daglegu tali kallast fitulífur. Fitulífur er hægt að laga og gott er að hafa í huga að það eru ákveðin matvæli sem ráðlegt er að neyta í hófi eða sleppa til að viðhalda heilbrigðri lifur, það eru:

- Afengi og koffein
- Unnin matvara, ódýrar oliur og auka/gerviefni
- Ávextir og grænmeti sem innihalda mikið af skordýraeitrí og illgresiseyði
- Dýr og afurðir þeirra sem eru „fjöldaframleidd“ (ekki lifran)
- Sykraðir drykkir og snakk
- Unnið korn (hvít hrisgrjón, hveiti o.fl.)

## Gott með sumargleðinni!

Eins og nafnið gefur til kynna eflir þetta bætiefni lifrarstarfseminna en Active Liver inniheldur mjólkurþistil og ætíþistil sem taldir eru stuðla að eðlilegri starfsemi lifrar og galla. Í blöndunni er einnig efnið kólín\* sem stuðlar að:



Active Liver er gríðarlega vinsæl vara og ekki sist núna þegar októberfest fer í gang með tilheyrandi veislum.



- Eðlilegum fituefnaskiptum
- Eðlilegri starfsemi lifrar
- Eðlilegum efnaskiptum og varða aminósýruna hómósysteini

Að auki inniheldur Active Liver túrmerik og svartan pipar. Active Liver er gríðarlega vinsæl vara og ekki sist núna þegar októberfest fer í gang með tilheyrandi veislum.

## Vinnsla, geymsla og dreifing

Segja má að lifrin sé allt í senn, vinnslustöð, geymsla og miðstöð dreifingar því allt sem við borðum, drekjum, öndum að okkur eða berum á húðina fer þar í gegn. Það skiptir því máli, eins og ávallt, að við hugum vel að því hvað við setjum ofan í okkur og á því öll viljum við lifa lengi heil-

» Lifrin er allt í senn, vinnslustöð, geymsla og dreifingarmiðstöð, því allt sem við látum ofan í okkur eða á fer þar í gegn og fer í einhvers konar úrvinnslu.

brigð á líkama og sál. Active Liver getur hjálpað til þarna og sérstaklega þegar álag á meltinguna er mikið.

## Auðveldara að halda mér í réttri þyngd

Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði hefur lengi notað Active Liver: „Ég er mjög meðvitund um líkamsstarfseminna og veit að fita getur safnast á lifrina. Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er gert úr náttúrulegum efnum. Ég fann fljótlega mun en orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um heilsuna og vill halda meltingunni góðri.“

Sölustaðir: Apótek, heilsuhúshög og heilsuhillur verslana.

# Eplaedik

– lífsins elxír

Eplaedik hefur verið notað sem heilsuþótrefni í aldaráðir, bæði sem forvörn sem og vegna læknanandi eiginleika.

Auk eplaediks inniheldur Apple Cider ætíþistil, túnfífil og kólín sem getur eflað meltinguna, haft góð áhrif á lifrina og leitt til eðlilegs niðurbrots á fitu. Svo er króm sem er gott fyrir blóðsykursjafnvægið og slær þannig á sykurlöngun.

**Aðeins ein tafla á dag og ekkert bragð!**



- Hreinsandi
- Vatnslosandi
- Gott fyrir meltinguna
- Getur lækkað blóðsykur
- Getur dregið úr slímmýndun
- Gott fyrir þvagblöðru, lifur og nýru



# Syngur til að koma sér í gírinn

Fyrirliði nýkrýndra meistara Pepsi-deildar kvenna í fótbolta, Sonný Lára Práinsdóttir, hóf að æfa mark 19 ára gömul. Hún borðar hafragraut í morgunmat og stefnir á langþráð frí í sólinni fljótlega.

Líð Breiðabliks tryggði sér sigur í Pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í upphafi vikunnar þegar liðið lagði Selfoss á heimavelli 3-1. Þetta er í sautjándra sinn sem Breiðablik landar stóra titilinn en liðið vann tvöfalt í sumar. Mjólkurbikarinn og Íslandsmeistaratitlinn.

Fyrirliði og markvörður liðsins, hin 31 árs gamla Sonný Lára Práinsdóttir, segir tilfinninguna hafa verið afar góða á mánudag þegar hún lyfti bikarum enda hefur liðið lent í öðru sæti síðustu tvö tímabil. „Þetta var ótrúlega skemmtilegt en um leið er erfitt að koma því í orð hvernig tilfinning þá var að lyfta bikarum á mánudag. Það sama má segja um Mjólkurbikarinn fyrir í sumar en það var líka mögnuð tilfinning. Markmið okkar voru skýr fyrir sumarið og það var að vinna tvöfalt. Því er alveg stórkostlegt að ná því markmiði.“

## Sátt við sumarið

Után þess að landa titlunum tveimur er Sonný Lára mjög sátt við eigin frammistöðu í sumar. „Ég gerði allt sem ég gat til að hjálpa liðinu svo ég er mjög sátt. Sumarið hefur verið stórkostlegt í alla staði. Ég setti mér þau markmið að æfa vel, vera í góðu standi andlega og líkamlega, vera jákvæð bæði innan og utan vallar og hafa gaman af og taka ekki hlutina of alvarlega.“

## Skripti um stöðu

Fótboltaferillinn hófst um átta ára aldurinn þegar hún hóf fótboltaæfingar með Fjölni. „Eftir það varð ekki aftur snúið, mér fannst þetta svo skemmtilegt og í boltanum eignaðist ég fullt af góðum vinkonum. Hins vegar var ég útileikmaður upp alla yngri flokkana og fór ekki að æfa mark fyrr en ég var 19 ára gömul. Það vantaði markmann og ég tók það á mig að fara í markíð í einum leik. Það gekk bara ágætlega og mér fannst það gaman. Því ákvað ég að halda því áfram.“ Haustið 2013 skipti hún yfir til Breiðabliks þar sem hún hefur leikið síðan, után eins tímabils með Haukum árið 2010.

## Framtíðin bjórt

Fjölskylda hennar hefur alltaf veitt henni mikinn stuðning.



Sonný Lára, fyrirliði Breiðabliks, fagnar langþráðum titli. MYND/ANTON BRINK

## Gott jafnvægi

„Sumarið hefur verið stórkostlegt í alla staði. Ég setti ég mér þau markmið að æfa vel, vera í góðu standi andlega og líkamlega, vera jákvæð bæði innan og utan vallar og hafa gaman af og ekki taka hlutina of alvarlega,“ segir Sonný Lára Práinsdóttir, fyrirliði og markmaður Breiðabliks í knattspyrnu. MYND/EYVÖR

Til að ná góðum árangri til langs tíma segir hún að líka sé mikilvægt að hugsa vel um sjálfan sig. „Þar skiptir t.d. góður svefn mjög miklu máli og svo auðvitað að næra sig vel þegar það er mikið álag. Að vera í góðu andlegu jafnvægi er ekki síður mikilvægt en þar þarf hver og einn að finna sína leið. Svo finnst mér mikilvægt að vera í góðu sambandi við fjölskyldu og vini og njóta lífsins.“

Spurð um góð ráð til ungra fótboldastelpna segir hún að mikilvægast sé að njóta þess að æfa fótbolta og hafa gaman af. „Því ef maður hefur ekki gaman af því sem maður er að gera þá gengur maðni ekki vel. Um leið þarf að sýna þolinmæði og setja ekki of mikla pressu á sjálfan sig.“

*Hvernig lítur dæmigerð helgi út?*

Þá fer ég á æfingu, kiki í sund, hitti fjölskyldu og vini og slaka á heima yfir sjónvarpinu.

*Hvernig lítur draumahelgin út?*

Þá vil ég vera í fríi, annaðhvort í útlöndum eða á Íslandi, og vera í góðra vina hópi.

*Hvað færðu þér í morgunmat?*

Hafragraut með kanil, eplum og bláberjum.

*Hvað finnst þér gott að fá þér í kvöldmat?*

Kjúkling og svo eitthvert mismunandi meðlæti með.

*Hvað er gott að fá þér í millimál?*

Flatköku, epli, Trek-orkustykki eða Hámark.

*Ertu morgunhani eða finnst þér gott að sofa út?*

Mér finnst mjög gott að sofa út en annars get ég verið morgunhani ef ég þarf þess.

*Ertu nammigris?*

Já, smá. Mér finnst dökkar súkkuláðirúsinur góðar.

*Náðir þú sumarfrii í sumar?*

Nei, það var lítið sem ekkert frí í sumar. Eftir að tímabilinu lýkur ætla ég að kíkja til útlanda í sólina og fara á tónleika.

*Hver er erfðasti mótherjinn innanlands og erlendis?*

Upp á síðkastið hefur það verið Þór/KA hér heima. Rosengárd voru erfðar þegar við mættum þeim 2016 í Meistaradeildinni.

*Hvernig kemur þú þér í gírinn fyrir leik?*

Ég hlusta hátt á tónlist og syng mikið með. Einnig tek ég smá hugleiðslu þar sem ég sé leikinn fyrir mér í hausnum.

bæði þegar vel gengur en ekki síður þegar illa gengur. „Sá stuðningur hefur hjálpað mér mjög mikið. Einnig hef ég haft góða þjálfara og góða liðsfélaga í gegnum tíðina og það skiptir líka mjög miklu máli. Það hefur verið frábær þróun í fótboltanum og ég held að við séum bara að stækka og stækka sem fótboltaþjóð. Framtíðin er björt í íslenskum fótbolta þar sem aðstaðan er alltaf að verða betri og félög með metnað að ráða góða þjálfara í alla flokka og halda vel utan um liðin sín.“

## Náttúruleg SVITAVÖRN með MAGNESÍUM

- án áls (aluminium), parapena og annarra eiturefna -

NÝTT Á ÍSLANDI

FYRIR BÆÐI  
KONUR OG  
KARLA



Með því að nota magnésíum næst rétt sýrustig í handarkrikanum sem hindrar bakteríuvöxtinn sem veldur svitalyktinni.

Sölustaðir: Flest apótek, Heilsuhúsið, Fræið Fjarðarkaupum, Hagkaup, [www.lyfja.is](http://www.lyfja.is) og [www.heilsanheim.is](http://www.heilsanheim.is)

*Haukur  
Keidar*  
öll  
föstudagskvöld



*Magnús  
og Jóhann*  
öll  
laugardagskvöld

Tryggðu  
þér  
borð

Yfir  
50  
jólaréttir

Ólafur Finnbjörnsson

# Jólahlaðborð

á Grand Hótel Reykjavík

með

*Ólafi Finnbjörnssyni*

Stórglæsilegt jólahlaðborð allar helgar frá og með 16. nóv – 15. des  
Verð 11.500 á mann

Nánari upplýsingar: [islandshotel.is/jolahlabord](http://islandshotel.is/jolahlabord) • [jolahlabord@grand.is](mailto:jolahlabord@grand.is) • 514 8000

**Jólabrunch** alla sunnudaga frá 25. nóv – 16. des  
5800 kr. á mann • 50% afsláttur fyrir börn 6-12 ára • Frítt fyrir börn 0-5 ára

# Optibac fyrir þarmaflóruna

Optibac meltingargerlar eru með margar klínískar rannsóknir á bak við sig. Þú finnur Optibac með sérhæfða virkni sem hentar þér.

Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti segir að mikið úrval sé á boðstólum af alls konar meltingargerlum. „Sem betur fer hefur orðið vitundarvakning um mikilvægi þarmaflórunnar en vanda þarf valið þegar maður kaupir meltingargerla,“ segir hún. „Þau hjá Optibac eru sérfræðingar í góðgerlum og nota bara gerla sem rannsóknir hafa sýnt fram á að virka vel.“

## Heilbrigð þarmaflóra

„Heilbrigð þarmaflóra er hornsteinn góðrar heilsu. Flóran er ómissandi fyrir meltingu og upp-töku næringarefna en hefur líka viðtæk áhrif um allan líkamann. Hún leikur til að mynda hlutverk í virkni heila og taugakerfis ásamt ónæmiskerfi,“ segir Ösp.

„Hollt og fjölbreytt mataræði sem inniheldur nægilegt magn treffa er ómissandi til að viðhalda góðri flóru. Meltingarvandamál koma oft upp eftir inntöku á sýklalyfjum, ef ferðast er á framandi slóðir eða ef mataræði er einhæft. Þá getur verið mikil hjálp í því að taka inn öflugla blöndu vinveittra gerla.“



„Ég hef prófað margar gerðir meltingargerla en aldrei fundið jafn mikla virkni og af Optibac.“

Viðir Þór Þrastarson, íþrótt- og heilsufræðingur



„For every day er frábær blanda sex tegunda gerla af vel rannsökuðum vinveittum bakteríum sem þola magasýrur og sölt og komast þannig lifandi í smáþarmana. For Every Day hentar frábærlega fyrir þá sem vilja breiðvirka gerlablöndu til daglegrar inntöku.“


Ösp Viðarsdóttir, næringarþerapisti

## Optibac For women

„Leggöngin eru full af gerlum og þau eiga að vera það. Vandamálin skapast þegar ójafnvægi myndast í flórunni og þá geta sveppasýkingar og ýmis óþægindi gert vart við sig.“

For women er sérvalin blanda góðgerla sem hafa verið rannsakaðir og prófaðir á þúsundum kvenna um allan heim. For women er mest rannsakaða bakteríublandan fyrir kynfærarsvæði og hafa rannsóknir sýnt að við inntöku ná þessir gerlar að styðja við gerlaflóru legganga.

Margar konur lenda reglulega í vandræðum með flóru legganga. Vandamál eru algeng eftir sýklalyfjanotkun og því sérstaklega mikilvægt að styðja við flóruna eftir sýklalyfjakúra. Gott hreinlæti er að sjálfsögðu ómissandi sem og hollt og gott mataræði,“ segir Ösp.



For women er sérvalin blanda góðgerla sem hafa verið rannsakaðir og prófaðir á þúsundum kvenna um allan heim.



Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330

Opunartímar  
Virka daga 9-18  
Laugardaga 12-16

Bíllit  
**Benna**

# SEGJUM NEI

VIÐ ÓÞARFA OG JÁ VIÐ  
ÞVÍ SEM SKIPTIR MÁLI



HÚÐOFNÆMI,  
**NEI TAKK**



# Neutral<sup>®</sup>

HÚÐOFNÆMI, NEI TAKK

# Kjúklingaréttir með chilli

Margir elska sterka rétti og spara ekki chilli-piparinn. Það er hægt að gera þessa kjúklingarétti eins sterka og fólk vill. Ef börn eru til borðs má minnka chilli í réttinum en bæta chilli-sósu á eigin disk.

Elin  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



H austið kallar á bragðsterkan mat. Það er eins og manni hlýni með chilli-sósunni. Hver og einn getur þó alveg valið hversu sterkur maturinn á að vera. Hér eru tveir góðir réttir sem geta verið eins sterkir og fólk vill.

Bragðmikill kjúklingur er alltaf vinsæll. Hér er réttur þar sem chilli-pipar og paprika eru í aðalhlutverki með kjúklingnum. Það er hægt að nota hvort sem er úrbeinuð kjúklingalæri eða bringur í þennan rétt, eftir smekk hvers og eins. Sumum finnst kjötíð af lærunum bragðmeira.

## Kjúklingur með papriku og chilli

Fyrir fjóra til sex

600 g kjúklingur, læri eða bringa  
3 msk. maizena  
1 egg  
1 tsk. salt  
½ tsk. svartur pipar

### Sósa

2 msk. sojasósa  
½ tsk. chilli-flögur  
1 hvítlauksrif  
2 msk. hunang  
1 msk. chilli-mauk  
Grænmeti og hnetur  
2 paprikur, skornar niður  
1 rauður chilli-pipar, fræhreinsaður og skorinn smátt  
1 lúka kasjú-hnetur  
3 vorlaurkar

Skerið kjúklinginn í litla bita. Blandið saman í skál maizena, egg, salti og pipar. Veltið bitunum upp úr blöndunni.

Gerðið chilli-sósuna með því að blanda sojasósu, chilli-flögum, hvítlauki, hunangi og chilli-mauki saman. Sósan verður sterkari eftir því sem meira er sett af chilli. Um að gera að smakka sig áfram til að finna rétta styrkleikann fyrir ykkar smekk.

Skerið papriku og vorlaurk. Steikið kjúklinginn í rapsolíu. Hann á að fá smá lit. Þegar kjúklingurinn er tilbúinn er hann tekinn af pönnunni og settur í skál. Hellið chilli-sósunni yfir og hrærið.

Setjið hnetur, chilli og papriku á



Æðislegur kjúklingaréttur með chilli-pipar.



Mexíkóskt lasagna er fyrir alla fjölskylduna. Einfalt að laga þennan rétt.

heita pönnuna. Bætið við olíu ef þarf. Bætið síðan kjúklingnum og chilli-sósunni saman við. Stráðið vorlaurkunum yfir. Blandið öllu vel saman og berið fram með hrisgrjónum.

## Mexíkóskt lasagna

Þetta er einföld uppskrift sem gleður alla fjölskyldumeðlimi. Gott er að hafa allt hráefnið tilbúið og niður-skorið þegar eldamennskan hefst. Byrjið á að gera sósuna.

### Sósa

2 msk. rapsolía  
2 msk. hveiti  
4 msk. chilliduft  
½ tsk. hvítlauksduft  
1 tsk. salt  
1 tsk. cumin  
1 tsk. óreganó  
1 dós hakkaðir tómatar (400 g)  
2-3 dl kjúklingasóð

### Síðan þarf

Um það bil 500 g kjúklingabringur, steiktar  
8 stykki tortillur  
50 g spinat  
1 dós maisbaunir  
1 dós svartar baunir  
200 g rifinn ostur

### Meðlæti

Lárpera í bitum  
Tómatar í bitum  
Vorlaurkar í sneiðum  
Ferskt kóríander  
Limóna í bátum  
Chilli-sósa  
Sýrður rjómi

Hitið ofninn í 200°C.

Þegar sósan er gerð er olía hituð á pönnu og hveiti, chilli-duft, hvítlauksduft, salt, cumin og óreganó sett út í og steikt í nokkrar mínútur. Góður ilmur kemur frá kryddunum. Bætið þá við tómötum og soði.

Leyfið öllu að malla smá stund. Rifjið kjúklingakjötíð niður. Skerið

hverja tortillaköku í fernu. Opnið baunadósina, hellið vatninu frá og skolið svörtu baunirnar undir rennandi vatni.

Takið nú sósuna af hitanum og sækið eldfast mót sem er 20x25 að stærð. Setjið smá sósu í botninn á forminu. Leggið tortilla-kökur yfir. Setjið spinat og kjúkling yfir, síðan svartar baunir og maisbaunir. Dreifið osti yfir og setjið meira af sósunni. Þá eru aftur settar tortilla-kökur yfir og síðan spinat og kjúklingur. Þá eru baunir og svo haldið áfram eins þar til allt er búið. Í restina er sósa og rifinn ostur. Breiðið álpappír yfir formið.

Setjið formið í 200°C heitan ofn og bakið í 30-40 mínútur. Takið þá álpappírinn, dreifið aðeins meiri osti yfir og bakið í 5-10 mínútur í viðbót. Osturinn á að vera gullinbrúnn. Gott er að kæla réttinn í nokkrar mínútur áður en hann er borinn fram svo enginn brenni sig. Berið fram með meðlætinu sem upp var talið og jafnvel salati líka.

## ENDURSKOÐUN OG BÓKHALD

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um Endurskoðun og bókhald kemur út miðvikudaginn 26. september

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

### Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Arnar Magnússon markaðsfulltrúi Fréttablaðsins  
Sími: 512 5442 / arnarm@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

V E R S L U N

# Guðsteins Eyjólfssonar



since 1918

RISA

## ÚTSÖLUMARKAÐUR

### 50-80% Afsláttur

Eftir 100 ár í rekstri ætlum við hjá Verslun Guðsteins að halda risa lagersölu, Grandagarði 13, 101 Reykjavík.

Óheyrilega mikill afsláttur af öllum vörum.

Opið frá kl. 12-18 virka daga og frá kl. 12-16 um helgar næstu þrjár vikurnar, 22. sept.-14. okt.

# Smáauglýsingar

512 5800


Afgreiðsla smáauglýsinga og sími  
er opin alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar &  
Farartæki



SUZUKI FÖRHJÓL. Fjörhjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Lítt, lípur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.


SUZUKI  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
suzukisport@suzuki.is  
Suzuki.is / suzukisport.is



SUZUKI SWIFT GL 4x4 nýskr. 05/2015, ekinn 100 þ.km, bensín, 5 girar. Verð 1.490.000 kr. Raðnúmer 380132 - OPID LAUGARDAG KL. 12-15



SUZUKI SWIFT GL nýskr. 06/2015, ekinn 95 þ.km, bensín, SJÁLFSKIPTUR. Verð 1.490.000 KR. Raðnúmer 258433 - OPID LAUGARDAG KL. 12-15



FORD KUGA TITANIUM nýskr. 05/2016, ekinn 98 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.890.000 kr. Raðnúmer 258473 - OPID LAUGARDAG KL. 12-15

Höfðahöllin  
Funahöfða 1, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
www.bilo.is



MMC Pajero instyle. Árgærd 2015, ekinn 118 þ.km, dísel, sjálfskiptur 5 girar. Verð 4.650.000. Rnr.116556.



FORD Kuga titanium. Árgærd 2016, ekinn aðeins 20 þ.km, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð 4.390.000.1 eigandi og umboðsbíll Rnr.116558.

Nýja bílahöllin  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 567 2277  
www.njja.is



ÞARFTU AÐ KAUPA  
EDA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvetur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur  
Sími: 522 4610  
www.bilauppbod.is

Bílar til sölu



Toyota corolla árg. '06 ek. 180þús dísel. Verð 600þús S: 868 2466 og 899 0418



Toyota Yaris árg.'05 skr.dagur 23.12.2004, ek.141. Þús, beinskiptur, 4 dyra, smurbók færð, vel með farinn. Engin skipti, verð 315.000.- s: 7799053.

GEFÐU  
HÆNU

gjofsemgefur.is  
907 2003

Hjálparstarf  
kirkjunnar

NÝR

Hyundai I10  
Comfort Navi  
7"snertiskjár og íslenkst leiðsögukerfi ofl.  
Eigum til sjálf- og beinskipta. 100 % lán mögulegt.  
5 ára ábyrgð, margir litir í boði. **Verð frá kr. 1.790.000**

Eigum mikið úrval af nýjum og nýlegum bílum á staðnum

**Bílalíf**  
bílasala

**562 1717**

Kletthálsi 2 - bilalif@bilalif.is  
bilalif.is



**0-250 þús.**



**RAFMAGNSHJÓL**

Nýjar rafhlöður, ný kol í mótör, ný dekk að aftan, vel með farið hjól. Verð 250.000 sími: 895 2186 (Erlundur)

**Bílaþjónusta**

**VAKA**  
VIÐ VÖKUM MEÐ PÉR!  
KRANABÍLAÞJÓNUSTA  
ALLAN SÓLAHRINGINN

Sími: 567 6700 | vakahf.is

**Húsviðhald**

**FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLÖTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**  
Asamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.  
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.  
Tímavinna eða tilboð.  
Strúctor byggingaþjónusta ehf.  
S. 893 6994



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

**Ökukennsla**

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésón.

**Húsnæði**

**Húsnæði í boði**

Ódýr íbúð til sölu/leigu á Skagaströnd. Uppl. S: 847 8446

**Húsnæði óskast**

Óska eftir 2-3ja herb. íbúð, studíó íbúð eða stórum herb. til leigu á höfuðborgarsv. Uppl. í s. 783 6006

Hjón á fimmtugsaldri óskast eftir leigubúð á höfuðborgarsvæðinu. S. 773-0444

**Sumarbústaðir**



**SUMARBÚSTAÐUR TIL SÖLU 8,9 MILLIS.**

38 ferm. á frábærum útsýnisstað í Eyraarkögi rétt við vatnaskóg, 55 mín. úr bænum. 2 svefnh. 2 baðherb. stofa, eldhúsi. Sendi uppl. og myndir s. 820-5181

**Geymsluhúsnæði**

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**  
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**Atvinna**

**Atvinna í boði**

Vantar þig skemmtilega vinnu? Þá hef ég vinnu fyrir þig. Um er að ræða vaktavinnu vantar í allar stöður. Unnið er eftir N.P.A hugmyndarfræðinni. sendu mér línu og þókum hitting og höfum gaman saman sendu mér línu á atvinna2018@gmail.com



**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**  
Heimaas óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.  
Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur  
heimaas@heimaas.is merk "atvinna"

**Atvinna óskast**

**VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENNA?**  
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.  
Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

**STARFSFÓLK Í BÓÐI**  
Höfum í okkar röðum áreiðanlegt og reynslumikið starfsfólk í hin ýmsu verkefni. Meðal annars í smíðavinnu, flíslagnir og aðra múrinnu, pípuágnir, vélavinnu og málingarvinnu ásamt allri almennri verkamannavinnu.  
Manngildi Starfsmannaþjónusta  
s.780-1222

Professional Driver/Bodyguard/Housekeeper. If you're focused in your career, don't have enough time to shop, cook and clean, I'm the right person for you. Only for single woman with careers between 30-55 years old. For further information 831-0398



**Vinnuvélar**

**Vinnulyftur**  
htækjaleigan.is  
JLG

**TÆKJALEIGA**  
TÆKJALEIGA & SALA  
SÍMI: 858 04 00

**Þjónusta**

**Hreingerningar**

**VY-ÞRIF EHF.**  
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

**Bókhald**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Búslóðaflutningar**

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., þjónufl. ofl. Extra stór bíll. Búslóðaflutna. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**k2**  
LOFTSTOKKAHREINSUNIN  
• FYRIRTÆKI  
• FJÖLBÝLISHÚS  
• SKIP  
• VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. máln, múr, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

**Spádómar**

**SPÁSÍMINN 908 5666**  
Stjóruspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálpar. Trúnaður.

**Keypt & Selt**

**Til sölu**



Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJAVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**  
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

**Skólar & Námskeið**

**Námskeið**



**ICELANDIC, ENGLISH & NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA**

Levels/Stig: I, II, III, IV, V, VI: ÍSLENSKA f. útlendinga, NORSKA, ENSKA f. Fulloröna: Start/Byrja: 1/10, 29/10, 26/11 - 2019: 7/1, 4/2, 4/3, 1/4, 29/4, 27/5, 24/6, 22/7. 4væks/4 vikur x 5 daga/5 daga. 2-6 students/nem. Morn/Áftern/Evenings. Morgna/Síð/Kvöld. Skráning: www.iceschool.is - ffgicetrans.is - facebook.com/fullordinsfrædsan. Fullordinsfræðslan-IceSchool, Armúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.



**VW Crafter 4x4 Obereigner**  
Árgerð 2014 - ekinn 109.000 km.  
Billinn er vel útbúinn með driflæslu að aftan, hátt og lágt drif breyttur 35" dekk (búið að breytingarskoða bílinn). Verð 5.950.000 + vsk  
Nánari upplýsingar á www.enta.is og í síma 893 3344

**Þjónustuauglýsingar** Sími 512 5407

**Ferðaðjónustuhús**  
Vönduð hús sem henta vel í ferðaðjónustuna, afhendast fullkláruð.  
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

**Snyrti & nuddstofan Smart**  
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ  
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!  
KÍKJIÐ á facebook og nuddstofan smart  
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart  
Verið hjartanlega velkomín.  
Tímabantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Bilvogur eh/f**  
Bifreiðaverkstæði  
Auðbrekka 17  
200 Kópavogi  
Láttu okkur gera bílinn klárán fyrir veturinn.  
Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílavíðgerðum og smurþjónustu.  
Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**  
• Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.  
• Veggjagrind út 45x95 timbrí.  
• Pappi og búrastúl á þaki.  
• Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.  
• Skúrar sem þola veður og vinda.  
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**viftur.is**  
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir  
**ishúsið**  
S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.  
Hægt að panta tíma á hofðabon.is  
Höfðabón ehf  
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)  
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com



Fasteignir

## Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

### Byrjendanámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00

Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30

### Framhaldsnámskeið spænska III:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

### Framhaldsnámskeið spænska IV:

Þriðjudaga og fimmtudaga: : 13:30 - 15:00

### Framhaldsnámskeið spænska V:

Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30



Námskeiðin hefjast 1. og 2. október.  
Verð á mann er 29.000

Upplýsingar í síma 859 5033 eða  
spanskuskolinhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame

Til sölu



Gamli glugginn úr,  
nýi glugginn í  
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,  
ásamt ísetningum og viðhaldi.  
Hafðu samband og við metum ástandið.


Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Falleg plaköt í miklu úrvali - [www.sker.is](http://www.sker.is)



## Vírushreinsun og stýriskerfis-hreinsun

Fljót og góð þjónusta



tölvuvinir.is  
tölvuverkstæði



Hafðu samband  
Sími: 445 0100 Langholtivegur 126  
104 Rvk.

Fasteignir

# Við erum Félag fasteigna

Sjáðu alla 270 félagsmenn okkar inni á [ff.is](http://ff.is) eða [fasteignir.is](http://fasteignir.is)



Inga Lára Karlsdóttir, hjúkrunarstjóri Sóltúns Heima, sem er hér til hægri á myndinni, stýrir heimaþjónustunni en Steinunn Leifsdóttir íþróttafraeðingur sér um að stjórna Sóltúni Heimahreyfingu. MYND: EYÐÓR

# Sóltún Heima – sérsniðin þjónusta fyrir eldra fólk

Sóltún Heima býður upp á heimaþjónustu fyrir eldri borgara og gerir þeim kleift að búa lengur heima. Einnig er boðið upp á heimahreyfingu sem styrkir fólk og gerir það meira sjálfbjarga.

**SKÝR HUGSUN**

**Clear Brain™**  
Mental performance  
Iodine contributes to normal cognitive functions  
Pantothenic acid contributes to normal mental performance  
Food supplement • 60 tablets  
MANUFACTURED IN SWEDEN  
Walnut, pomegranate, pine bark, green tea, omega-3 and B-vitamins

**Clear Brain** töflurnar eru ríkar af næringarefnum fyrir heilann og hafa góð áhrif á andlega getu og vitræna starfsemi eins og minni, eftirtekt og einbeitingu.

**Inniheldur:**  
L-theanín • Valhnetuþykkni • Granatepli • Furubörkur • Pipar • B-vítamín

Útsölastaðir: Öll apótek, heilsuverlanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.

Okkar megináhersla er á að styrkja og efla fólk sem kys að búa heima hjá sér, því það er ekki aðeins stefna stjórnvalda að fólk eigi að búa lengur heima heldur er það vilji mjög margra að vera sem lengst heima hjá sér," segir Inga Lára Karlsdóttir, hjúkrunarstjóri Sóltúns Heima.

„Við hjá Sóltúni Heima bjóðum upp á heimaþjónustu fyrir eldri borgara og erum með því að mæta ákveðinni eftirspurn. Öldruðum fjólgar hlutfallslega hraðar en öðrum aldurshópum og opinberir aðilar hafa ekki náð að anna þeirri eftirspurn sem hefur myndast eftir þjónustu.“

Inga Lára segir að ýmist leiti eldri borgarar til þeirra sjálfir en einnig hafi aðstandendur samband. „Viða hafa myndast biðlistar eftir þjónustu hjá sveitarfélögum og fólk kemst ekki að eða sú þjónusta sem er í boði hjá hinu opinbera dugur ekki til. Þá leitar fólk til okkar.“

## Sérsniðnar lausnir

Parfir fólks eru mismunandi. Sumir þurfa aðstoð við hvundagslegar athafnir, aðrir þurfa að fá þrif og enn aðrir hjúkrunaraðstoð. „Við veitum fólk sem leitar til okkar ráðgjöf og finnum út hvaða leiðir eru færar til að létta því lifið. Það fer eftir vilja og þörfum hvers og eins hversu oft við komum og á hvaða tímum. Þá reynum við ávallt að vera sveigjanleg. Stundum bætum við í þjónustuna og þéttum heimsóknir til dæmis á meðan aðstandendur fara í burtu í fri,“ segir Inga Lára. Þjónusta Sóltúns Heima er afar fjölbreytt og þar starfar breiður hópur starfsmanna, ófaglært fólk, félagsliðar, hjúkrunarfræðingar og íþróttafraeðingar.

## Sóltún Heimahreyfing

Inga Lára segir ekki aðeins nauðsynlegt að sinna þörfum fólks heldur sé afar mikilvægt að styrkja það og efla líkamlega. „Við skoðuðum hvernig þessum hlutum er háttáð í nágrannalöndunum og kynntumst þá æfingakerfinu DigiRehab sem var þróað af dönskum sjúkráþjálfum og er mikið notað í heimaþjónustu í Danmörku.“ Inga Lára segir árangurinn af DigiRehab hafa verið mjög góðan. Reynsln í Danmörku sýni að draga megi úr heimaþjónustu um allt að klukkustund á viku eftir tólf vikna heimahreyfingu. Auk þess stuðlar heimahreyfingin að bættum lífsgæðum og þörfinni á frekari þjónustu seinkar.

„Við köllum íslensku útgafuna Sóltún Heimahreyfing og okkar hugmynd er að gripa inn í og styrkja fólk til að það geti verið sjálfbjarga lengur. Heimahreyfingin flettast vel inn í heimaþjónustuna sem við bjóðum upp á. Sami starfsmáðurinn getur hjálpað fólki með matinn, aðstoðað fólk út í búð og hjálpað viðkomandi við að gera æfingarnar.“

Sóltún Heimahreyfing er sérsniðin að hverjum og einum. „Æfingakerfið reiknar út hvaða æfingar henta best. Æfingarnar eru gerðar til að styrkja skjólstaðingana til þess að þeir geti notið lífsins betur og sinnt daglegum athöfnum með minni aðstoð annarra,“ segir Inga Lára og telur árangurinn mjög góðan.

Nánari upplýsingar má nálgast á [www.soltunheima.is](http://www.soltunheima.is), í síma 563 1400 eða gegnum netfangið [soltunheima@soltunheima.is](mailto:soltunheima@soltunheima.is).

# Aldrei of seint að byrja

Margrét Pálsdóttir finnur ekki fyrir árunum 77 þegar hún gengur á fjöll. Hún segir félagsskapinn í skipulögðum gönguhópum dýrmætan.

Ragnheiður Tryggvadóttir  
heida@frettabladid.is



Leggjabrjótur er tiltölulega auðveld ganga og við göngum þetta bara í rólegheitunum. Ætli þetta séu nema þrjár til fjórir tímar, ég bókaði mig allavega í gönguna í trausti þess að ég komist í leikhús í kvöld," segir Margrét Pálsdóttir, göngugarpur með meiru, en hún ætlar að ganga ásamt félögum sínum í gönguklúbbnum Vesen og vergangur frá Þingvöllum og yfir í Hvalfjörð í dag.

Margrét stundar fjallgöngur af miklum móð og segir aldurinn afstaðan þegar kemur að úti-vistinni. Hún er virk í fleiri en einum gönguklúbbi og segir félagsskapinn ekki síður gera henni gott en hreyfinguna.

## Alltaf elst

„Félagsskapurinn er dýrmætur í gönguferðum með hópi fólks og þó ég sé alltaf elst í hópnum þá finnst mér líka gott að vera með þeim. Ég er 77 ára en finnst ég vera sextug," segir Margrét hress. „Í hópnum eru þau mörg sextug, fimmtug og þaðan af yngri en það er enginn að hugsa um aldurinn. Ég spjallaði í einni ferðinni mikið við einn göngufélagmann minn um lífið og tilveruna og hann fer að segja mér hvernig



Margrét Pálsdóttir nýtur sín í fjallgöngum. Hér er hún á Kofra við Suðavík.

hann ætli að hafa fimmtugs-afmælið sitt. Þá rann upp fyrir mér að hann væri jafngamall syni mínum," segir Margrét hlájandi. Sjálf byrjaði hún að ganga á fjöll fimmtug og réðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur.

## Beint í Himalaja

„Fyrsta fjallangan min var í Himalajafjöllum í Nepal. Ég var þá nýflutt heim eftir að hafa búið

fimm ár í Ameríku og langaði mikið að fara að stunda fjallgöngur. Dóttir mín sá ferð til Nepal auglýsta og sagði að þetta væri nú eitthvað fyrir mig. Ég dró systur mína og mág með mér á kynningarfund hjá Ferðafélaginu og við drifum okkur svo í ferðina," segir Margrét. Hún hafi ekki tölu á þeim tímum og fjöllum sem hún hafi gengið á gegnum árin.

„Ég er ekkert að telja. Ég veit



Félagsskapurinn í gönguhópnum er dýrmætur og hvetjandi.



Margrét segir aldrei of seint að byrja. MYND/BORGPÓR HARDARSSON

bara að ég er búin með ansi marga, en það eru líka ansi margir eftir," segir hún, enda sé hún langt í frá hætt. „Þetta er mitt aðaláhugamál og heldur mér vel við, bæði líkamlega og andlega. Maður kynnist mörgu fólki og það er alltaf gaman. Ég reyni að fara með Veseni og vergangur ef það eru göngur skipulagðar um helgar. Einar Skúlason er potturinn og pannan í þeim hópi og hann er einnig með þægingarfund hjá Ferðafélaginu og við drifum okkur svo í ferðina," segir Margrét. Hún hafi ekki tölu á þeim tímum og fjöllum sem hún hafi gengið á gegnum árin.

„Ég er líka gaman og þær eru líka gaman er að fara í. Svo eru gönguhóparnir fleiri sem ég fer með og ég geng bara þegar mig langar, þetta er ekkert reglulegt hjá mér," segir Margrét. Það sé aldrei of seint að byrja.

„Ef fólk á annað borð getur gengið er það aldrei of seint. Það má bara fara rólega af stað og bæta svo við sig, nú eða bara vera á rölegu nótnum alltaf. Það þarf ekki að byrja í Himalaja. Svo finnst mér líka mjög gott inn á milli, ef ég hef lítinn tíma en finnst ég ekki hafa hreyft mig lengi, að skjótast bara í „Himnastigann“ svokallaða, tröppurnar hér suður í Kópavogi, og taka nokkrar ferðir í upp og niður. Það er svo fljótlegt.“

# Vörn gegn augnbotnahrörnun

Ultra Macular™ augnvítamínið er besta vörnin gegn framgangi augnbotnahrörnunar. Samsetning þess byggir á vönduðum vísindarannsóknum og það inniheldur nauðsynleg vítamín og steinefni.

Ultra Macular™ augnvítamínið hægir á framgangi augnbotnahrörnunar og er ætlað þeim sem hafa greinst með sjúkdóminn og sumum þeirra sem eru í fjölskyldum þar sem sjúkdómurinn er ættgengur. Ultra Macular™ er eina augnvítamínið að markaðnum hérlandis sem inniheldur öll nauðsynleg vítamín og steinefni sem fólk þarf á að halda.

Að sögn Hildar Sigursteinsdóttur, markaðsfulltrúa heildverslunarinnar MAGNUS ehf., er samsetning Ultra Macular™ byggð á niðurstöðum nýjustu rannsókna á þessu sviði sem nefnast AREDS 2.

„AREDS 2 braut blað í fyrirbyggjandi meðferðarmöguleikum þar sem sérstaklega hefur verið lagt upp úr réttum hlutföllum andoxunarefna og vítamína til að ná sem bestum árangri," segir Hildur. „Allir sem þjást af augnbotnahrörnun ættu að ihuga að taka inn Ultra Macular™ til að fyrirbyggja frekari þróun augnbotnahrörnunar og þar með sjónskerðingu. Einnig er mikilvægt að fara í reglu-



Hildur segir að Ultra Macular™ minnki líkur á að augnbotnahrörnun þróist yfir á lokastig um 25%. Aðeins þarf að taka inn tvö hylki á dag. MYND/EYÞÓR

legt eftirlit hjá augnlækni samhliða töku augnvítamínsins.

Aðeins þarf að taka inn tvö hylki af Ultra Macular™ á dag, sem er til mikilla þæginda fyrir fólk, auk þess sem sparnaður hlýst af því að þurfa ekki að kaupa augnvítamín og fjölvítamín sitt í hvoru lagi," segir Hildur. „Ultra Macular™ inniheldur meðal annars lítid sink til að hlífa meltingarveginum og aðalbláber sem talin eru stöðja við nætur-sjón og fullkomna samsetningu 16 fjölvítamína.“

Hildur segir marga eiga erfitt með að gera greinarmun á þeim augnvítamínum sem í boði eru á markaðinum í dag. „Það er mikilvægt að hafa í huga að Ultra Macular™ augnvítamínið er byggt á vísindalegum rannsóknum frá hinn virtu stofnun National Institute of Health í Bandaríkjunum," segir hún. „Aldursbundin augnbotnahrörnun er algengasta orsök blindu og sjónskerðingar hjá fólki yfir sextugu á Vesturlöndum og því skiptir miklu máli að velja rétt þegar kemur að augnvítamínum.

„Allir sem þjást af augnbotnahrörnun ættu að ihuga að taka inn Ultra Macular™ til að fyrirbyggja frekari þróun augnbotnahrörnunar og þar með sjónskerðingu.“

Fyrirnefnd rannsókn, AREDS 2, sýnir einmitt fram á að sú sérstaka samsetning andoxunarefna sem hér er ræðir minnki líkur á að augnbotnahrörnun þróist yfir á lokastig um 25%.

Ultra Macular™ fæst í öllum helstu apótekum.

# Opið hús

Sunnudagana **23. okt** og **30. okt** verður Spánarheimili með opinn kynningarfund á skrifstofu fyrirtækisins, 2. hæð í Firði verslunarmiðstöð Hafnarfirði milli klukkan **12:00** og **18:00**.

Farið verður yfir alla þætti sem snúa að **fasteignakaupum** á Spáni



- Skoðunarferðir til Spánar
- Kaup og sala eigna
- Bankaviðskipti og fjármögnun á Spáni
- Rekstur fasteigna á Spáni
- Útleiga fasteigna
- Eftirsölubjónusta við viðskiptavinum
- Vildarklúbbur Spánarheimila



Kynnum svæðið í máli og myndum samfara því að afhenda bæklinga.

Í boði verða **einkaviðtöl** við starfsfólk Spánarheimila.



# spánarheimili

símanúmer : **5-585858**

[www.spánarheimili.is](http://www.spánarheimili.is)



FÉLAG  
ELÐRI  
BORGARA  
Í REYKJAVÍK  
OG NÁGRENNI

Spánarheimili og Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni kynna samstarf um aðstoð við félagsmenn FEB um leiðsögn og ráðgjöf til bæði fasteignakaupa á Spáni og leigu fasteigna til bæði lengri og skemmri dvalar á Spáni.

Spánarheimili veitir félagsmönnum FEB aðgang að :

- Leiðsögn, aðstoð og túlkun á Spáni
- Aðgang að leigueignum
- Hótelbókanir á betra verði m.a við golfvelli
- Aðstoð og ráðgjöf við fasteignakaup
- Afsláttarkjör í golf
- Afsláttarkjör á bílaleigubíla
- Aðgang að Vildarklúbbi Spánarheimila
- Þjónustunúmer við íslenskan starfsmann



Spánarheimili vinnur náið með Íslendingafélaginu á Spáni sem stendur fyrir daglegum samfundum og öflugum félagsstarfi.

**Ýmsar staðsetningar - Mikið úrval notaðra og nýrra eigna - Paradís golfarans**

# Afar mikilvægt öryggistæki

Eftir ákveðinn aldur erum við í meiri hættu á að detta heima fyrir. Öryggishnappar frá Öryggismiðstöðinni eru mikilvægt tæki þegar aldurinn færast yfir en með þeim er hægt að kalla strax á hjálp.

Öryggishnappar eru mjög gagnleg og mikilvægt tæki þegar aldurinn færast yfir fólk. Aðgengi að þessu mikilvæga hjálpertæki er afar einfalt og að stórum hluta niðurgreitt af Sjúkra-tryggingum Íslands ef viðkomandi uppfyllir ákveðin skilyrði, segir Auður Lilja Davíðsdóttir, framkvæmdastjóri sölusviðs Öryggismiðstöðvarinnar. „Staðreyndin er einfaldlega sú að eftir ákveðinn aldur erum við í meiri hættu á að detta heima fyrir. Þá er hægt að fara í ýmsar fyrirbyggjandi aðgerðir þar sem það eru margir þættir sem auka tíðni þess að fólk detti í heimahúsum. Þar má nefna hreyfingarleysi, slæma sjón, lyf sem gera eldra fólk sljött, ýmsa sjúkdóma, eftirköst eftir aðgerðir og ýmsan aðbúnað á heimilum.“

Hún bendir á að erlendar rannsóknir hafi sýnt fram á að D-vítamínskortur geti aukio hættu á falli aldraðra og depurð og þunglyndi hafi þar einnig mikil áhrif á.

„Einnig má nefna að þeir sem eru óúrgir og hræddir um að detta er í meiri hættu en aðrir.“

## Yfirfara þarf heimilin

Til að draga úr hættu á að detta heima fyrir skipta fjórir þættir mestu máli. „Það þarf að eiga samtal við eldra fólk um hættuna á því að falla, stunda reglulega hreyfingu og tryggja um leið að fólk fái aðstoð til þess. Tryggja með reglulegum hætti að sjónin sé í lagi og að lokum þarf að tryggja góðan aðbúnað heima með tilliti til þess að draga megi sem mest úr hættunni á því að detta.“

Þá er mikilvægt að yfirfara



„Það þarf að eiga samtal við eldra fólk um hættuna á því að falla, stunda reglulega hreyfingu og tryggja um leið að fólk fái aðstoð til þess,“ segir Auður Lilja Davíðsdóttir, framkvæmdastjóri sölusviðs Öryggismiðstöðvarinnar. MYND/ERNIR

heimili eldri borgara og þar þarf að hafa ýmsa þætti í huga, segir Auður Lilja. „Passa þarf upp á að ekki séu geymdir hlutir á gólfum og festa þarf kirfilega laus prep, teppi og mottur. Lýsingin þarf að vera góð og rofar með sjálflýsandi ljósi gera mikið gagn. Svo er gott

að setja upp handrið við stiga og lengri ganga og passa upp á að stilla upp húsgögnum þannig að þau séu ekki í vegi.“

Í eldhúsinu skiptir máli að allt sé innan seilingar svo ekki þurfi að fara upp á tröppu eða beygja sig mikið niður. Einnig er mikil-

vægt að hafa lampa við náttborð og jafnvel næturlyós á göngum og salerni. Baðherbergi eru auk þess sérstaklega mikilvægur þáttur því rannsóknir sýna að meira en 70% falla eiga sér stað inni á baðherbergjum, segir Auður Lilja. „Inni á baðherbergi þarf að útbúa hand-

Notkun öryggishnapps hefur bjargað mörgum mannlífum og er því mikilvægt að hafa gott aðgengi að þessari einföldu þjónustu.

föng við salerni, bað og/eða sturtu og passa að hafa mottur sem varna því að fólk geti runnið til á blautu yfirborði.“

## Hnappurinn bjargar

Umfram allt eru allir ofangreindir þættir mikilvægastir í því að fyrirbyggja föllin og draga úr hættu á þeim. Notkun öryggishnapps hefur bjargað mörgum mannlífum og er því mikilvægt að hafa gott aðgengi að þessari einföldu þjónustu sem gerir þeim sem fellur kleift að kalla á aðstoð eins skjótt og unnt er, segir Auður Lilja.

„Erlendar rannsóknir sýna að lífslíkur þeirra sem detta og finnast innan klukkustundar séu að meðaltali um 92%. Þær falla hins vegar niður í 70% finnast einstaklingurinn 24-48 klst. eftir að hann dettur og hrapa niður í 30% ef viðkomandi liggur í 72 klst. eða lengur. Því er mikilvægt að forvörnum sé sinnt, dregið sé sem mest úr hættu á því að detta og tryggð að einstaklingurinn hafi leið til þess að kalla eftir aðstoð sé þörf á. Þar kemur öryggishnappurinn mjög sterkt inn enda gríðarlega mikilvægt að eldra fólk geti kallað strax eftir hjálp eftir fall.“

# Eldra fólk sparsamt á ljósin

Haustið er komið og styttist í dimma daga. Samkvæmt nýrri rannsókn sem gerð var í Drammen í Noregi bendir allt til þess að eldra fólk hafi of mikið myrkur í kringum sig á heimilum.

Elin Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Þegar vetur nálgast styttast dagarnir og myrkríð tekur yfir. Mörgum finnst það rómantískur tími með kertaljósi og kósiheitum. Fyrir aðra er þetta erfður tími, bæði andlega og félagslega. Margir eldri borgarar eiga erfitt með myrkríð, þeir geta síður lesið, stundað handavinnu eða aðra dægurstyttingu vegna þess að þeir sjá ekki nægilega vel.

Visindamenn við háskólann í Suðaustur-Noregi (USN) gerðu rannsókn á 75 ára fólki í Drammen. Allir áttu það sameiginlegt að vera hressir og vel á sig komnir. Farið var inn á 114 heimili og lýsing skoðuð sem fólkið hafði í kringum sig. Næstum allir kveiktu of lítið ljós í því herbergi þar sem þeir dvöldu. Það var hins vegar nóg af lömpum og ljósum á heimilinu. Fólkið hafði veggslampa, standlampa og jafnvel ljós fyrir ofan myndir. Hins vegar voru takkar til að kveikja ljósin oft á bak við sofa eða borð þannig að erfitt var að ná til þeirra. Það var helsta ástæðan fyrir því að ljósin voru slökkt, segir Helle K. Falkenberg, einn af rannsakendum. Hún bætir við að á Norðurlöndum hafi fólk tilhneigingu til að velja „heitar“ perur frekar en hvítt ljós til að



Það getur skert lífsgæði fólks að spara við sig lýsingu. Fólk hættir að lesa og skrifa ef það sér ekki nægilega vel.

skapa notalega stemmingu. Það er auðvitað kósi á vetrarkvöldum en ekki sérlega heppilegt fyrir eldra fólk, að því er kemur fram á forskningunni.

Fólkið var líka spurt um heilsu og hvernig lýsingin á heimilinu hentaði fyrir daglegar athafnir. Einungis heilbriggt fólk með eðlilega sjón miðað við aldur tók þátt í rannsókninni. Fólkið var ánægð


með heilsu sína og hafði ekki áttað sig á vandamálum tengdum lýsingu. Þegar gengið var á fólkið með enn frekari spurningum kom í ljós að margir hættu við að gera ýmsa hluti vegna þess að birtan var ekki nægileg. Þá var greinilegt að þeir sem minnstar höfuð tekjurmar spóruðu frekar ljósin og þar með rafmagnnið. Þetta var til dæmis greinilegt hjá konum sem bjuggu einar.

Í framhaldinu gerðu rannsakendur breytingar á lýsingu á 30 heimilum eldri borgara. Á öðrum heimilum gerðu þeir enga breytingu til að sjá mun. Ljósahönnuðir voru fengnir til að breyta lýsingunni á þessum 30 heimilum, að auki tengdu þeir öll ljósin við styrkerfi sem auðvelt er að stjórna auk þess sem ljósbirtan var aukin. Allir sem fengu breytingu á lýsingu þurftu

að skrifa um reynslu sína í dagbók í fjóra mánuði og hvort ný lýsing hefði breytt einhverju. Niðurstöðurnar hafa ekki verið birtar en komið hefur í ljós að fólkið varð virkara í daglegu lífi eftir breytingar. Það bæði las og skrifaði meira. Margir urðu hissa á breytingunni á umhverfinu og spurðu undrandi hvort það hefði í raun verið svona dimmt á heimilinu? Fólkið var ekki meðvitað um hversu lýsing hefur mikil áhrif á umhverfið og lífsgæðin. Manneskja sem er 80 ára þarf fjórum sinnum meiri lýsingu en sá sem er 20 ára. Strax eftir fertugt fer sjónin að daprast og fólk þarf að huga að lýsingu í kringum sig. Um sextugt breyttist sjónin mikið til hins verra og fólk þarf að vera meðvitað um að hafa næga birtu. Því eldri sem við verðum þeim mun meiri hættu er á ýmsum augnsjúkdómum sem fólk þarf að vera vakandi yfir.

Rannsakendur segja að slæm birta auk hættu á þunglyndi og einmanakenn. Þess vegna skiptir lýsingin miklu máli. Með aukinni birtu verðum við duglegri í öllum athöfnum okkar og hver dagur verður betri, segir Falkenberg. Eldra fólk þarf líka að vera duglegt að heimsækja augnlækna til að fylgjast með breytingum á augnbótum og sjónhimnu. Góð birta eykur lífsgæði eldri borgara og gerir veturinn auðveldari.

# FÓSTURBÖRN



Fyrri  
þáttaröð á  
F1 MARAPCH

## FÓSTURBÖRN SUNNUDAG Á STÖÐ 2

Sindri Sindrason heldur áfram að fjalla um fósturkerfið á Íslandi. Við heyrum sögur fólks sem misst hefur börn sín frá sér, fósturforeldra sem tekið hafa börn að sér, auk fullorðinna einstaklinga sem upplifðu erfiða æsku og hvernig sú reynsla hefur mótað þá sem maka og foreldra. Þá fylgjum við eftir 39 ára einstæðri konu sem langar að taka að sér börn í þeim tilgangi að stofna fjölskyldu og fáum innsýn í ferlið. Við heyrum líka sögur þeirra sem eru allt annað en sáttir við barnaverndarkerfið.

**Fyrri þáttaröð vakti mikla athygli og fékk tilnefningar til Eddunnar.**

# Kölluð amma norn

Ílmkjarnafræðingur-  
inn og nuddarinn  
**Gyða Halldórsdóttir**  
býr ásamt eigin-  
manni sínum, Vil-  
berg Guðmundssyni,  
í glæsilegum húsbíl  
og nýtur lífsins bæði  
á Íslandi og á Spáni.

Kristjana Björg  
Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



Í skemmtigarðinum í Grafarvogi hafa hjónin Guðriður Gyða Halldórsdóttir og Vilberg Guðmundsson lagt heimili sínu. Silfurgrári og risastórri glæsilegri, amerískri ferðasvítu sem þau búa í til skiptis á Íslandi og á Spáni.

Guðriður Gyða, eða Gyða eins og hún vill láta kalla sig, er afar fróð um ílmkjarnaoliur og virkni þeirra. Bók Gyðu, Ílmkjarnaoliur – lyfjakápur náttúrunnar er nýkomin út. Þar er að finna ýmsan fróðleik um sögu og virkni ílmkjarnaolía og uppskriftir að blöndum til heilsubótar og vellíðunar.

Gyða er að baka lagertu fyrir vinkonu sína í vel útbúna eldhúsi húsbílsins þegar blaðamaður ber að garði og ilmurinn fyllir bílinn. Það er notalegt um að litast. Stofurýmið er fremst, þar eru tveir stórir hvítir leðursófar, stofuborð og sjónvarp. Þá eldhúsið, þar geta fjórir setið við eldhúsbordið. Á gangi sem liggur að svefnherbergisrými þeirra hjóna er baðherbergi með klósetti og sturtu.

Bílinn keyptu þau í Bandaríkjunum fyrir nærri fjórum árum.

„Við áttum heima í Vesturbergi í Breiðholti. Í blokkaribúð í eldgamalli blokk frá 1973,“ segir Gyða frá. „Við Vilberg höfðum lagt töluverða vinnu í að innrétta íbúðina að innan og gera hana að okkar. En svo kom að viðhaldi á blokkinni að utan.



„Við áttum góðan afgang eftir að við keyptum bílinn. Lífið er bara dásamlegt,“ segir Gyða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fáið mat á verðmætin ykkar

Hittið sérfræðinga Bruun Rasmussen

Verið velkomin í Norræna húsið, Sæmundargötu 11, 101 Reykjavík

**Þriðjudaginn 2. október kl. 17-20**

Þar munu reyntslumiklir sérfræðingar okkar meta listaverk af öllu tagi, með sérstakri áherslu á nútímalist, „design“, formuni, silfurmuni, skartgrip, armbandsúr, bækur, mynt og frímerki.


Matið er án endurgjalds og án skuldbindinga – með hugsanlega sölu á uppboði í huga.

Dagana 3. – 4. október er boðið upp á heimsóknir í heimahús, eftir því sem tími leyfir

Nánari upplýsingar veita Össur Kristinsson, 5554991 og 6984991,

Peter Beck +45 8818 1186 / e-mail pb@bruun-rasmussen.dk

Torben Ringtved +45 8818 1225 / tr@bruun-rasmussen.dk



**BRUUN RASMUSSEN**  
KUNSTAUKTIONER

Sundkrogsgade 30  
2150 Nordhavn, Kbh.  
Tel +45 8818 1111

Søren Frichs Vej 34 D  
8230 Aabyhøj, Aarhus  
Tel +45 8818 1100

Sjá náðar á  
bruun-rasmussen.dk



### ÚTGJÖLDIN VORU ORÐIN

#### ALVEG ROSALEG OG VIÐ

#### ÁTTUM VON Á MEIRU.

#### OKKUR LANGAÐI ALLTAF

#### TIL AÐ EIGA HÚSBÍL.

Það þurfti að klæða hana að utan, skipta um sextiu glugga og svo þegar það var búð þá var strax komið að næsta viðhaldsverkefni. Þá þurfti að taka þakið í gegn. Þetta var áfall eftir áfall. Þegar búð var að taka þakið þá hugsuðum við: Eigum við að vera í þessu allt okkar líf? Alltaf að borga eitthvað og tæma sjóðinn?“ segir Gyða.

„Útgjöldin voru orðin alveg rosaleg og við áttum von á meiru,“ segir Vilberg. „Okkur langaði alltaf til að eiga húsbíl með. Ferðast um Evrópu. En maður á von á meiru og meiru. Við fórum til Ameríku og keyptum þennan og höfum búð í honum síðan.“

„Við erum að minnsta kosti fjóra mánuði hér á landi og svo yfir vetrartímann dveljum við á Costa Blanca á Spáni,“ segir Gyða og segir að þar sé risastórt og liflegt samfélag fólks sem býr í húsbílum. „Þetta er eins og litill bær, þar eru sex hundruð bíla stæði, malbikaðar götur og hringtorg. Þar höfum við eignast marga góða vini,“ segir Vilberg frá. „Þetta eru ellismellir eins og við,

fólk sem vill njóta efri árunna,“ segir Gyða.

„Og hvernig flytja þau þessa stærðarinnar rútu á milli landa?“

„Í fyrstu ferðinni okkar til Spánar fórum við með Norrænu. Það var erfitt, skelfilegur veltingur og vesen,“ segir Vilberg. „Það er mikið snúugra að fara frá Þorlákshöfn með Mykinesi. Beint til Rotterdam, við fljúgum svo og pikkum upp bílinn.“

Þegar þau eru á Íslandi keyra þau oft um landið. „Við höfum farið á bílnum um Vestfirði, Norðurland og við vorum í Ásbyrgi í sumar. Það var dásamlegt. Við skreppum alltaf í nokkra tíra um landið,“ segir hún.

Bílinn hefur nokkrum sinnum reynst kvikmyndagerðarfólki í verkefnum gott skjól. „Við höfum leigt bílinn nokkrum sinnum í kvikmyndaverkefni. Bílinn þótti góð aðstaða fyrir útlendinga sem þurftu gott athvarf,“ segir Vilberg.

Gyða hefur starfað sem heilsu-nuddari til fjölmargra ára og bætti svo seinna við sig þekkingu um ílmkjarnaoliur. Nýútkomin bók byggir á lokaverkefni hennar í þeim fræðum.

„Kennarar mínir voru dr. Erwin Haringer og Margret Deimlechner, bæði kennarar og fyrirlesarar frá Þýskalandi sem komu til Íslands og kenna litlum hóp ljósmæðra, nuddara og hjúkrunarfræðinga. Erwin er prófessor við Læknaháskólann í München,“ segir Gyða og segir niðurstöður rannsóknna hans á virkni ílmkjarnaolía hafa verið birtar í þekktum læknatímaritum á borð við Lancet.

Olíur til lækninga og heilsubótar hafa verið notaðar í árþúsundir og

# HAUST 2018

Hautlínan frá The North Face er komin.



## The North Face Diablo buxur

Fallegt snið sem tryggir þægindi í hverju skrefi. Teygja og belti í mittið tryggja að buxurnar sitja alltaf rétt. Hrinda frá sér vatni og þorna hratt. Frábærar buxur í útvistina fyrir dömur og herra.  
Verð 16.990 kr.



**The North Face  
Duffel Bags**  
Ýmsar stærðir og litir  
Verð frá 14.990 kr.

**ÚTILÍF**

SÍÐAN 1974

KRINGLUNNI · SMÁRALIND

utilif.is





Gyða og Vilberg búa á Íslandi á sumrin og á veturna á Spáni. Barnabörnunum finnst spennandi að fara með þeim í ferðalög á ferðasvítunni eins og Vilberg vill kalla bílinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

eru heimildir í fornum ritum þvert á trúarbrögð og menningarheima um notkun þeirra. Gyða nefnir til að mynda kinverska lækningabók sem var skrifuð 2700 fyrir Krist. The book of internal medicine eftir Shen Nung sem enn sé notuð í dag.

„Erwin kenndi okkur í fjögur ár. Lokaritgerðin var hnausþykk og efnismikil. Upp úr henni er þessi bók unnin,“ segir hún.

Gyða segir áhugann sér líklega í blóð borinn. Hún er alin upp á Súg- andafirði og móðir hennar, María Oddsdóttir, tindi jurtir og ber til heimilishaldsins eins og margir á þeim tíma. „Já, þannig var það í þá daga. Mamma og amma voru miklar jurtakerlingar. Nú er þessi þekking aftur að færast nær okkur og er studd rannsóknunum. Góð vinkona mín, Olga Sverrisdóttir, kenndi mér margt um jurtir. Uppskriftir á borð við þær sem er að finna í bókinni hafa ekki verið til nema á ensku. Bókin selst vel. Fólk hefur mikinn áhuga á þessu. Það er eins og að taka á móti drukkandi fólki að veita því upplýsingar um virkni þessara olía og aðgengi að þeim verður sífellt meira. Ég sá að það var hægt að kaupa nokkrar tegundir í matvöruversluninni Krónunni,“ bendir hún á.

Gyða notar sjálf ilmjkjarnaoliur í daglegu lífi. „Ég nota langmest lavender, bergamot og piparmyntu fyrir mig og fjölskylduna. Þótt ég noti fjölmargar aðrar líka. Ég nota lavenderoliuna á sár. Barnabarnið mitt hefur notað þá olíu á hælana síðan hann var sex ára. Hann var alltaf að spila fótbolta á gervigrasi,“ segir Gyða og Vilberg tekur undir.

„Þeir eru alltaf að skyrpa á grasið. Svo renna strákrarnir á grasinu, brenna sig og fá sár og það kemur igerð. En hann fór þá bara í vassann og náði í olíu og setti á sárið og fékk aldrei igerð,“ segir Vilberg sem notaði sjálfur lavenderolíu í sinni vinnu. „Ég er bifvélavirki og því fylgir oft gróf húð og sár en ég notaði lavenderolíuna og húðin var silkimjúk og hrein,“ segir hann frá.

„Við notum líka lavender og piparmyntu ef skordýr bíta okkur



Gyða var að baka lagtertú þegar blaðamann og ljósmyndara bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

úti. Það liða fimmtán sekúndur þá þá finnur maður ekki til sársauka ef maður ber olíuna strax á,“ segir Vilberg.

„Ég nota bergamotolíuna svolitíð mikið, hún er góð fyrir konur og alla þá sem verður oft illt í maganum og eru að glíma við magabólgur. Þeir sem eru að glíma við slíkt geta boríð olíuna á magann, strokið réttælis yfir kvíðinn. Það má líka setja nokkra dropa í brauðmola og borða. Það róar magann mikið,“ segir Gyða.

„Og af því að ég er að baka. Allir ættu að hafa glas af piparmyntuolíu til reiðu í eldhúsinu. Ef þú setur olíuna á strax eftir að þú brennir þig, þá kemur ekki einu sinni roði. Ef þú brennir þig við bakstur eða eldamennsku alls ekki setja undir vatn. Heldur skaltu grípa í olíuna,“ ráðleggur Gyða.

Þau eru sammála um að lífsgæði

þeirra hafi batnað eftir að þau fluttu í húsbilinn. „Ég hef komið fleiru í verk. Ég skrifaði bókina, ég hef líka verið að mála og hef haldið nokkrar sýningar,“ segir hún og Vilberg tekur undir með henni.

„Okkur finnst við sofa miklu betur í bílnum en í húsinu. Hvort það er vegna þess að við erum algjörlega skuldlaus eða hvort það er vegna þess að hluti eftirlaunanna fer beint á bankareikninginn. Það get ég ekki sagt til um. En nú erum við með séríngang. Við getum verið með suoursvalir eða norðursvalir eftir því hvað hentar. Og getum alltaf haft útsýnið eins og við viljum,“ segir hann.

„Og ef okkur leiðast nágrannarnir þá bara förum við,“ segir Gyða og brosir glettislega. Kannski það hafi hent einu sinni eða tvisvar.

„Svo þegar farið er í útílegur þá er nú ekki hægt að gleyma neinu



Bók Guðrúnar Gyðu inniheldur fróðleik og uppskriftir.

- ALLIR ÆTTU AÐ HAFNA
- GLAS AF PIPARMYNTUOLÍU
- TIL REIÐU Í ELDHÚSINU.
- EF ÞÚ SETUR OLÍUNA
- Á STRAX EFTIR AÐ ÞÚ
- BRENNIR ÞIG, ÞÁ KEMUR
- EKKI EINU SINNI ROÐI.
- EF ÞÚ BRENNIR ÞIG VIÐ
- BAKSTUR EÐA ELDA-
- MENNSKU ALLS EKKI
- SETJA UNDIR VATN.
- HELDUR SKALTU GRÍPA
- Í OLÍUNA.

heima. Því þú ert auðvitað heima hjá þér,“ segir Vilberg og skellir upp úr.

„Í stað þess að vera alltaf að streða og spara fyrir útgjöldum þá eigum við bara pening. Fólk á svo erfitt með að melta að þetta sé val. Þarna seldum við íbúð á góðan pening og við áttum góðan afgang eftir að við keyptum bílinn. Lífið er bara dásamlegt,“ segir Gyða og segir barnabörnin sérlega spennt fyrir því að fá að fara með ömmu og afa í spennandi ferðalög á bílnum.

„Það er hollt að takast á við ný ævintýri þegar maður eldist. Ævintýrin eru nú bara rétt að byrja þegar maður eldist. Síðasta æviskeiðið ætti að vera skemmtilegt,“ segir Vilberg.

„Ég hef reyndar verið ævintýramanneskja allt mitt líf. Barnabörnin mín kalla mig ömmu norn og mér þykir vænt um það,“ segir Gyða.

# Gæði – alla leið!

ÍSLENSKA SVEITIN OG SS – FYRIR ÞIG

Stefán Geirsson og Silja Rún Kjartansdóttir í Gerðum eru hluti þeirra 900 bænda sem eiga SS.



**Oddur Árnason**  
KJÖTMEISTARI ÍSLANDS 2018

„Til að skapa afbrigðs SS kjötvörur þá eru gæði hráefnisins og uppruni lykilatriði. Vönduð vinnubrögð góðra bænda ásamt réttri meðhöndlun tryggja að kjötvörur frá SS skila gæðum alla leið á diskinn þinn.“



# Ásta málarari

## Saga til næsta bæjar



### Stefán Pálsson skrifar um kvenskörung.

**F**ram eftir nýliðnu sumri börmuðu íbúar suðvesturhornsins sér óspart yfir kaldrí tið og vætu. Það leiddi til fyrir-sjáanlegra brandara um illsku veðurfræðinga og fljótlega varð vart við mikinn sölukupp í utanlandsferðum hjá flugfélögum landsins. En þótt stundum hafi rígt og jafnvel blásið, þá komst sumarið ekki í hálfkvísi við rigningarsumarið mikla í Reykjavík árið 1913.

Þórbergur Þórðarson lýsir því ómurllega sumri í síðasta kafla bókarinnar Ofvitans: „Vorið hafði verið kalt og næðingasamt, en þegar leið fram í júnímánuð, fór hann að draga sig í deyfur, sem urðu þungbúnari og mollulegri því lengra sem leið á mánuðinn. Undir mánaðarlokin lagðist hann í stöðugar vætur, svo að þetta sumar var talið eitthvert mesta óþurrkasumar, sem elztu menn mundu þá eftir á Íslandi. Langt fram eftir sumri var hinn fagurblái himinn kafinn suddagráu skýjahafi. Það rigndi meira og minna dag eftir dag og viku eftir viku, sjaldan stórrigning, heldur suddayringur og skúravæður.“

Lýsingar Þórbergs á dagvaxandi angist hans yfir rigningunni eru í senn átakanlegar og sprenglægi-legalar. Á hverjum degi gekk hann upp á Skólavörðuholt að gå til veðurs og huggaði sig við að uppi í Kollafirði virtist betra veður með sólar-glennum, sem sjá mætti af björtum bletti efst í fjallshlíð í austanverðri Ejsunni. Vonbrigðin urðu enn sárari þegar upp fyrir honum rann að það var ekkert sólskin á tindinum, heldur bara ljósléitt grjót sem villti sýn.

Fyrir Þórberg Þórðarson var það nánast spurning um líf eða dauða að hætti aðigna. Sumarið 1913 hafði hann nefnilega ráðið sig til vinnu hjá Ástu málara, en hún treysti viðvan-ingum ekki til að mála innandyra. Þórbergur fékk einungis að mála

